


SKOÐUN Raunverulegur blaðamaður er ekki í öðrum flokki en blaðamanna-flokknum, segir Guðmundur Andri. **13**



MENNING Jón Jónsson fékk á dögunum gullplötu fyrir Wait for Fate. Hann bíður nú eftir að heyrna frá Sony. **34**



SPORT Man. Utd og Chelsea gerðu jafntefli í stórleik helgarinnar í enska boltanum. **30**

FARTÖLVUR
15,6" **69.990**
15,6" FARTÖLVUR FRÁ
YFIR 50 GERÐIR Á LAGER
tl.is
TÖLVU LISTINN

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
11. mars 2013
59. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Partíhald í Hjartagarði

Ungmennni hafa undanfarið komið saman til að skemmta sér í niðurníddu húsi við Hjartagarðinn. Húsið þykir hættulegt, gólfín ódugg og innviðir fúlir. **2**

Færri fá berkla Berklatilfellum á Íslandi hefur fækkað mikið héraendis en í Danmörku fjölga þeim enn eitt árið. **4**

Sjófugl kemur upp um brottkast Myndir úr myndavélum sem festar voru á bak sjófugla sýna að fuglarnir eru háðir átu á brottkasti. **8**

Bújarðir og minjar í hættu Vatnsmagn í Lagarfljóti er mun meira en reiknað var með við byggingu Kárahnjúkavirkjunar. **10**

Sólarferð til Tyrklands varð að fjölskylduharmleik

Íslensk fjölskylda er í áfalli eftir að fjölskylduafaðirinn var handtekinn fyrir fornminjasmygl í Tyrklandi. Konan kyssti manninn bless og fór grátandi um borð í flugvélina. Líðanin er „lifandi helvíti á jörð“, segir móðir hans.

UTANRÍKISMÁL „Við erum öll í algeru sjokki,“ segir Þóra Björg Birgisdóttir, unnusta íslensks manns sem var handtekinn í Tyrklandi sakaður um fornminjasmygl.

Davíð Örn Bjarnason, 28 ára Íslendingur búsettur í Svíþjóð, situr nú í gæsluvarðhaldi í tyrknesku fangelsi. Þóra hefur ekki fengið að ræða við hann frá því þau skildust að á flugvellinum í Antalya í Tyrklandi á föstudag.

„Það eina sem ég fékk að gera var að kyssa hann bless og labba grátandi út á meðan lögreglumennirnir héldu honum niðri,“ segir Þóra.

Þau höfðu keypt 20 sentímetra útskorinn marmarastein á ferðamannamarkaði við rómverskar rústir á ferð sinni um Tyrkland. Tollverðir fundu steininn og sögðu þeim að ólöglegt væri að flytja slíkar fornminjar úr landi.

Tyrkneskir lögreglumenn ákváðu að leyfa Þóru að fara heim til þriggja barna þeirra í Svíþjóð en Davíð varð eftir. Þóra segir fjölskylduna alla í áfalli.

„Yngsti strákurinn er á útöppu, grátandi og öskrandi, og skilur ekki af hverju hann fær ekki að hringja í pabba sinn, af hverju pabbi kemur ekki heim og spyr hvenær hann komi,“ segir Þóra.

Foreldrar Davíðs komu heim með yngri börnin tvö í gær og Þóra og elsta dóttirin eru væntanlegar heim frá Svíþjóð á næstunni.

„Þetta er lifandi helvíti á jörðu,“ segir Ingibjörg Hafsteinsdóttir, móðir Davíðs, spurð um eigin líðan og óvissuna vegna sonar síns.

Hún fékk að ræða við hann í síma en símtalinu var slitið eftir 20 sekúndur. Á þeim tíma náði hún að segja honum að utanríkisráðuneytið væri að vinna í málinu. Hann sagði henni að hann hefði sætt barsmiðum í fangelsinu, og að hann gæti ekki gert sig skiljanlegan þar.



FJÖLSKYLDAN Þóra er á leið til Íslands.

- bj / sjá síðu 6



Bolungarvík	2°	S	3
Akureyri	3°	SV	3
Egilsstaðir	2°	ANA	3
Kirkjubæjarkl.	2°	NV	1
Reykjavík	4°	SA	2

Hægviðri í dag eru horfur á hægri breytilegri átt um allt land. Víða léttskýjað en bjart með köflum norðan- og austanlands. Hiti breytist lítið. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fólk | Fasteignir | Eldunartæki



SIGURREIFAR MEÐ BIKARANA Systurnar fjórar í Val í sigurvímu eftir úrslitaleikinn. Frá vinstri: Dagný, Hrafnhildur, Drífa og Rebekka Skúládætur. Dagný og Drífa eru tvíburasystur.

Úrslitaleikur bikarsins í gær:
Fjórar systur í sigurliði Vals

HANDBOLTI Systurnar Hrafnhildur, Drífa og Dagný Skúládætur urðu bikarmeistarar með Val í spennandi leik gegn Fram í Laugardalshöllinni í gær. Dagný skoraði sex mörk og Hrafnhildur þrjú. Fjórdú systurina, Rebekku, vantaði í liðið en hún þurfti frá að hverfa í janúar því hún er barnshafandi. Leikurinn fór 25-22.

Bikarmeistaratitillinn í gær var sá fyrsti sem Drífa vannur en hún kom inn í liðið fyrir Rebekku og tók við treyjgunni hennar númer fimm. „Við vorum að gera grín að henni að hún hlýtur núna að skrifa undir þriggja ára samning.“

Spurð segist Hrafnhildur hafa saknað Rebekku í leiknum. „Við hefðum þurft að ná einum leik allan saman en við náum því bara á næsta ári.“

- fb / sjá síðu 28

GRÍPANDI OG ÁGENG
★★★★★
Jyllands-Posten
JAKOB EJERSBO
ÚTLAGI
www.forlagid.is
- alvöru bókaútdráttur á netinu

Hyggjast tryggja atkvæðagreiðslu um stjórnarskrárfrumvarp formanna:
Þvinga fram atkvæðagreiðslu

ALÞINGI Stjórnarliðar munu tryggja það að formannafrumvarp um stjórnarskrá komi til atkvæða á Alþingi fyrir þinglok á föstudag, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Náist ekki að semja um málið verður lögð fram tillaga um stöðva umræðu og greiða atkvæði. Það yrði gert síðasta dag þingsins, eða á föstudag.

Árni Páll Arnason, formaður Samfylkingarinnar, Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, og Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, lögðu á dögunum fram frumvarp um stjórnarskrá. Samkvæmt því þurfa þrjú fimmtu þingmenn að samþykkja breytingar á stjórnarskrá sem verður síðan lögð í þjóðarat-

Vantraust í dag

Tillaga Þórs Saari, þingmanns Hreyfingarinnar, um vantraust á ríkisstjórnina og þingrof verður tekin til atkvæða í dag. Þingmenn allra flokka sem Fréttablaðið ræddi við bjuggust við því að stjórnin stæði þá tillögu af sér.

kvæði. Í dag þarf samþykki tveggja þinga og kosningar á milli.

Illugi Gunnarsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, segist aldrei munu styðja það að breytingar á stjórnarskránni verði gerðar auðveldari.

Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, er ósátt við þessar hugmyndir. „Verði þeim að góðu með það. Þá verður þetta stöðvað í síðasta lagi á næsta þingi.“

- kóp / sjá síðu 4



Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins

www.kaupungull.is
Græddu á gulli
Kringlunni
3. hæð mán. þri. mið. frá kl. 11.00 til 18.00
Upplýsingar og tímapantanir: Sverrir s. 661-7000

SPURNING DAGSINS



Davíð Óskar, er þetta ekki algjört „Mystery“?

„Maður hefði haldið að land sem ber nafnið Ísland gæti útvegað snjó, þannig að jú, þetta er algjör ráðgáta.“

Davíð Óskar Ólafsson hjá fyrirtækinu Mystery sem heldur utan um kvikmyndina Málmaus. Mikið snjóleysi á Suðurlandi hefur tafið tókurnar.

Upplýsingar úr leyniskýrslu til páfa gætu ráðið úrslitum í páfakjöri:

Kardínálar vilja sjá leyniskýrslu

PÁFAGARÐUR Þrátt fyrir þá leynd, sem hvílir yfir páfakjöri, telja fréttaskýrendur nokkuð ljóst að efni úr leyniskýrslu, sem Benedikt XVI. lét gera á síðasta ári, muni hafa veruleg áhrif á valið.

Páfi fól þremur kardínálum að rannsaka leka úr Páfagarði til fjölmíðla, sem afhjúpaði spillingu sem tengdist verktakavinnu í Páfagarði. Rannsóknin leiddi ýmislegt fleira misjafnt í ljós, þar á meðal tilvist leynilegra samtaka samkynhneigðra þjóna kirkjunnar í Róm.

Kardínálarnir 115, sem á morgun verða lokaðir inni þangað til þeir hafa komist að niðurstöðu um næsta páfa, munu væntanlega spyrja ítarlega út í efni skýrslunnar.

Ef í ljós kemur eftir á að þeir hafi valið kardínála sem tengdist einhverjum þeim myrkraverkum sem um er getið í skýrslunni gæti það nefnilega haft afar slæm áhrif fyrir næsta páfa og kaþólsku kirkjuna í heild. Og er varla á bætandi eftir hremmingar síðustu ára vegna kynferðisbrotamála.



STROMPURINN SETTUR Á SINN STAÐ Slökkviliðsmenn unnu að undirbúningi páfakjörs á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sér möguleika í geimförum: Vill reisa styttu af Armstrong

FERÐAÞJÓNUSTA Örlygur Hnefill Örlygsson, hóteltstjóri á Húsavík, vill að Íslendingar geri sér meiri mat úr bandarískum geimförum sem komu hingað til lands til að búa sig undir tunglferðir. Alls komu nú af þeim tólf mönnum sem lentu á tunglinu hingað til lands árin 1965 og 1967.

Einn geimfaranna laumaði íslenskum 25-eyringi með sér til tunglsins. Talið er að þetta sé eini peningurinn sem farið hefur verið með í slíka ferð.



LOGAÐI GLATT Talið er að kviknaði hafi í út frá skorsteini í óveðri sem geisaði. MYND/LARS-PETER STERLING

Eldsvoði í Kulusuk á Grænlandi:

Tónlistarhús eyðilagðist í eldi

GRÆNLAND Tónlistarhúsið í Kulusuk á Grænlandi gjöreyðilagðist í eldi í gærmorgun. Slökkvilið bæjarins fékk ekkert við ráðið vegna veður- ofsa. „Húsið var gamalt timburhús sem einn af kennurum bæjarins, Henrik Plötzsch, hafði eytt miklum tíma í að gera upp núna í vetur,“ segir Hjörtur Smárason, sem býr í Kaupmannahöfn en hefur unnið við að markaðssetja ferðaþjónustu á svæðinu.

Að sögn grænlenka dagblaðsins Sermtisíaq vaknaði nágranni um sexleytið að morgni við hávaða í eldvarnarbjöllu hússins. Eitt versta óveður sem komið hefur á þessum slóðum var þá í hámarki. Hjörtur segir íbúa bæjarins telja líklegast að kviknað hafi í húsinu út frá skorsteini þegar hann fauk í óveðrinu.

Ungmennni skemmta sér í hættulegu húsi

Lögreglan hefur þurft að rýma niðurnítt hús við Hjartagarðinn í miðborginni. Hópur unglunga hefur undanfarið stundað partíhald í húsinu um helgar. Miðborgarstjóri segir hættulegt að vera í húsinu, þök og gólf séu óörugg og innviðir fúnir.

SKIPULAGSMÁL Hópur unglunga hefur undanfarið safnast saman í niðurníttu húsi í Hjartagarðinum, gamla Hljómalindarreitinum við Laugavegin, og haldið þar partí um helgar.

Þegar ljósmyndari Fréttablaðsins kom á staðinn síðla á laugardagskvöld hafði nokkurn fjölda ungmenna drifið að. Þau biðu þess að komast inn í húsið.

Lögreglan hefur verið beðin um að koma og rýma húsið að minnsta kosti einu sinni. „Það getur verið að það hafi einhverjir verið undir lögaldri í hópnum,“ segir miðborgarstjórinn Jakob Frímagn Magnússon. Hann segir hættulegt að vera í húsinu því gólfur sé óörugg og þök líka. „Það er margofnt búið að nepla fyrir hlera en þau virðast alltaf finna sér leiðir þarna inn,“ segir hann um unglungana sem venja komur sínar þangað. „Það er búið að aftengja rafmagn og hita og þarna eru fúlir innviðir sem geta hlotist alvarleg slys af ef menn falla á milli hæða. Það er heldur ekki ólíklegt að eitthvað kvíkt sé búið að koma sér þarna fyrir.“

Jakob segist skilja vel að unglungar vilji hittast um helgar og halda partí en þetta hús sé ekki heppilegt til þess. „Fyrir unglunga undir átján ára er alltof lítið í boði til afþreyingar í miðbænum. Það er eins og það nenni enginn að standa fyrir svona starfsemi fyrir ungt fólk.“ Unglingar hafa fengið að stunda veggjakrot í Hjartagarðinum og leika sér á hjólabrettum, auk þess sem menningarstarfsemi hefur farið þar fram á sumrin.

„Þetta hefur verið mjög kærkom-



UNGLINGAR Í PARTÍHUG Unglingar í Hjartagarðinum biðu eftir því síðastliðið laugardagskvöld að þeim yrði hleypt inn í húsið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Það er búið að aftengja rafmagn og hita og þarna eru fúlir innviðir sem geta hlotist alvarleg slys af ef menn falla á milli hæða.

Jakob Frímagn Magnússon



í athvarf fyrir ungt fólk, sérstaklega þá sem eru í heimi veggjalistar, hjólabretta og tónlistar,“ segir Jakob Frímagn.

Húsin hafa verið í eigu Landsbankans en voru nýverið seld fyrirtækinu Þingvangi sem ætlar að hefja framkvæmdir um næstu mánaðamót.

Jakob Frímagn vonast til þess að nýju eigendurnir verði í samstarfi við borgina um að hafa einhvers konar borgartorg á svæðinu þar sem Hjartagarðurinn er núna. „Því hefur verið vel tekið en það er ekki búið að fastsetja hvers eðlis það verður.“

frey@frettabladid.is

Líkamsárás í Grafarvogi:

Árásarmanns leitað í gær

LÖGREGLUMÁL Maður varð fyrir tilefnislausri líkamsárás í Grafarvogi á laugardagskvöldið. Hann fékk hnefahögg í andlitið og hlaut slæma áverka. Meðal annars brotnuðu í honum tennur.

Maðurinn, sem er á tvítugsaldri, ók bifreið sinni um hverfið og tók þá eftir því að önnur bifreið elti hann. Þegar hann stöðvaði bifreiðina kom öku- maður hinnar bifreiðarinnar einnig út og réðst á hann. Árásar- maðurinn ók síðan af vettvangi og var hans leitað í gær.

Atli og Bjarni í framboð:

Undirbúa nýjan framboðslista

STJÓRNMÁL Atli Gíslason og Bjarni Harðarson vinna nú að stofnun framboðslista sem á að heita Regnboginn – fyrir sjálfstæði Íslands og sjálfbæra þróun.

Í frétt á vefsíðu Suðurfretta segir að Bjarni hafi verið á Eyrarbakka að safna undirskriftum til að geta sótt um listabókstaf. Atli sagði í samtali við Suðurfretta að hér væri um að ræða regnhlífar- samtök. Atli vildi ekki tjá sig um málið þegar fréttastofa Vísis hafði samband við hann í gær. Ekki náðist í Bjarna.

Það sem eyru þín þrjá

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Sunna Valgerðardóttir á Fréttablaðinu hlaut Blaðamannaverðlaun:

Verðlaunuð fyrir fréttaskýringar

FJÖLMIDLAR Sunna Valgerðardóttir, blaðamaður á Fréttablaðinu, var verðlaunuð fyrir bestu umfjöllun ársins. Þá hlaut Gunnar V. Andrússon, ljósmyndari á Fréttablaðinu, verðlaun fyrir bestu umhverfisljósmynd ársins.

Blaðamannaverðlaun ársins 2012 voru afhent í Gerðarsafni á laugardag. Það er Blaðamannafélag Íslands sem veitir verðlaunin.

Sunna hlaut verðlaunin fyrir „áhrifamikla, heildstæða og vel unna röð fréttaskýringa um stöðu geðsjúkra“, eins og segir í rökstuðningi dómnefndar: „Fréttaskýringaflokkur Sunnu tók með yfirgripsmiklum hætti á flóknu og vandasömu vandamáli sem skoðað var frá mörgum hliðum.“

Jóhann Bjarni Kolbeinsson, fréttamaður á RÚV, hlaut verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins og Sigmar Guðmundsson í Kastljósinu fékk verðlaun fyrir viðtal ársins.

Það var svo Ragnar Axelsson, ljósmyndari á Morgunblaðinu, sem fékk blaðamannaverðlaun ársins fyrir umfjöllun og myndir af stórum pollum á Grænlandsjökli sem voru til marks um óvenju mikla bráðnun jökulsins.



VERÐLAUNAHAFAR 365 MIDLA Baldur Hrafnkell Jónsson kvikmyndatökumaður, Sunna Valgerðardóttir blaðamaður, Gunnar V. Andrússon ljósmyndari og Egill Aðalsteinsson kvikmyndatökumaður. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýr Golf. Bíll ársins í Evrópu.



Komdu við í HEKLU og
reynsluaktu Volkswagen Golf

Ótvíræður sigurvegari

Á bílasýningunni í Genf var tilkynnt að nýr Volkswagen Golf hafi verið valinn bíll ársins 2013 í Evrópu. Niðurstaðan í valinu var afgerandi að þessu sinni en nýr Golf fékk 414 stig í fyrsta sæti. Til samanburðar fékk bíllinn sem var í öðru sæti 202 stig og er því um yfirburðasigur Golf að ræða. Í umsögn dómnefndar kom meðal annars fram að Volkswagen Golf hefði náð framúrskarandi útkomu í reynsluakstri og: „Hann er nútímalegur með mikil gæði og öryggi ásamt framúrskarandi aksturseiginleikum.“



Volkswagen Golf kostar frá
3.490.000 kr.*

*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.



Das Auto.

GENGID
08.03.2013

	Bandaríkjadalur	125,45	126,05
	Sterlingspund	188,62	189,54
	Evra	164,42	165,34
	Dönsk króna	22,047	22,177
	Norsk króna	22,117	22,247
	Sænsk króna	19,789	19,905
	Japanskt jen	1,3118	1,3194
	SDR	189,08	190,20

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
224,3392

Danir glíma við öra fjölgun berklasmita, einir Norðurlandþjóða: Berklatilfellum fækkar aftur

HEILBRIGÐISMÁL Berklatilfellum á Íslandi hefur fækkað mikið eftir að óvenju margir greindust með sjúkdóminn árið 2010. Fréttir frá Danmörku vekja athygli en þar fjölga berklatilfellum enn eitt árið.

Í frétt á vef Kristilega dagblaðsins í vikunni segir að tilkynnt hafi verið um 407 tilfelli árið 2012 á móti 331 tilfelli árið 2009. Í frétt KD segir að heimilisláusir og fíkniefnanotendur séu fjölmennir í hópi smitaðra. Grænlingar búsettir í Danmörku tilheyra einnig þessum hópi.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir segir að hlutfall berklasmitaðra á Íslandi séu í alþjóðlegum samanburði mjög lágt. Árin 2011 og 2012 greindust ellefu til tólf einstaklingar með berkla. Hér á landi eru það innflytjendur sem eru í meirihluta. Árið 2012 greindust níu útlendingar og tveir Íslendingar.

Árið 2010 greindust óvenjulega margir með berkla hér á landi, eða 21 sjúklingur. Af þeim voru 16 (71%) af erlendu bergi brotnir. Haraldur segir að fréttir frá Dan-

→ Árið 2012 greindust níu útlendingar og tveir Íslendingar með berkla hérlendis.

mörku séu ekki ástæða sérstakra viðbragða hér.

Athygli vekur að fjölgun berklasmitaðra virðist einskorðast við Danmörku. Í Svíþjóð og Noregi eru berklatilfellin til dæmis helmingi færri á hverja 100 þúsund íbúa en þar á landi.

Kosningar í Venesúela: Maduro ætlar í forsetaframboð

VENEZUELA, AP „Ég er ekki Chavez. Hvorki hvað varðar gáfur, útgeislun, arfleifð hans né getu til að stjórna,“ sagði Nicolas Maduro, sem tók á föstudag við embætti forseta í Venesúela við andlát Hugo Chavez.

Maduro hefur tilkynnt að hann bjóði sig fram til forseta en kosningar í landinu fara fram 14. apríl. Leiðtogi stjórnarandstöðunnar, Henrique Capriles, býður sig fram gegn Maduro. Hann nýtur stuðnings kommúnista.

Nýjar reglur Þjóðkirkjunnar: Geta nú skoðað bakgrunn allra

TRÚMÁL Starfsmenn Þjóðkirkjunnar verða nú að skrifa undir plagg sem heimilar kirkjunnar að skoða sakaferil þeirra og bakgrunn. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi.



AGNES M. SIGURÐARDÓTTIR

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, sagði í gær að nauðsynlegt væri að hafa þetta fyrirkomulag á stofnunum og annars staðar þar sem börn og unglingar kæmu við sögu.

Samþykkt var á kirkjuþingi 2009 að starfsmenn þyrftu að heimila bakgrunnsskoðun, en nú geta sóknarnefndir ákveðið að allir sem koma að starfi kirkjunnar á einhvern hátt þurfi að undirgangast slíka skoðun, sagði Agnes.



Í HÆTTU Veidiþjófar drápu 668 nashyrninga svo vitað sé í Suður-Afríku á síðasta ári.

Óttast metár fyrir veidiþjófa: Vilja selja horn nashyrninga

NÁTTÚRUVERND Stjórnvöld í Suður-Afríku óttast að nú stefni í metár hjá veidiþjófum sem herja á nashyrninga á verndarsvæðum landsins og vilja að rætt verði af alvöru um möguleikann á að heimila sölu á nashyrningshornum eftir löglegum leiðum.

Deilt er um málið á ráðstefnu um náttúruvernd sem haldin var í Taílandi nýverið, að því er fram kemur í frétt BBC.

Stjórnvöld í Suður-Afríku telja fullreynt með þær aðferðir sem beitt hefur verið til að verjast veidiþjófum, og vilja kanna hvort hægt sé að grafa undan markaði veidiþjófanna með því að selja hornin löglega.

Dýragarður í Kaliforníu:

Opnað eftir að ljón drap konu

KALIFORNÍA, AP Búið er að opna dýragarðinn Cat Haven þar sem ljón drap Dianna Hanson, 24 ára gamla konu, síðastliðinn miðvikudag í Kaliforníu. Haldin var kyrrðarstund vegna andláts hennar þegar þessi einkarekni dýragarður opnaði aftur. Fjölskylda Hanson hafði lagt blessun sína yfir því að garðurinn yrði opnaður á nýjan leik.

Ósamið um þinglok

Snurða hljóp á þráðinn í viðræðum stjórnmalaflokkanna um þinglok eftir gagnrýni VG á Framsóknarflokkinn. Þingi á að ljúka á föstudag. Ósamið um öll mál. Stjórnarliðar tilbúnir til að þvinga fram atkvæðagreiðslu varðandi stjórnarskrá.

FRÉTTASKÝRING

Hverju nær stjórnin í gegn fyrir þinglok?

Stjórnmalaflokkarnir eru engu nær um samninga varðandi þinglok. Samkvæmt starfsáætlun verður þingi frestað á föstudag, svo ljóst er að fjöldi stórra mála verður ekki að lögum á yfirstandandi þingi – og þá varla yfirhöfuð þar sem kosningar eru í nánd. Ber þar hæst frumvarp um fiskveiðistjórnun.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að óvænt snurða hafi hlaupið á þráðinn í viðræðum um þinglok í síðustu viku. Þá kynntu Framsóknarmenn hugmyndir sínar um auðindaákvæði í stjórnarskrá við vægast sagt litla hrifningu Vinstri grænna. Gagnrýni þeirra var óvæginn, að mati Framsóknarmanna, og samningsvilji þeirra minnkaði fyrir vikið.

Formenn stjórnarflokkanna, Árni Páll Árnason og Katrín Jakobsdóttir, lögðu í síðustu viku fram frumvarp um breytingu á stjórnarskrá ásamt Guðmundi Steingrímssyni. Það lýtur að því að gera það auðveldara að breyta stjórnarskránni. Þremmingarnir lögðu einnig fram þingsályktunartillögu um að Alþingi álykti að heildarendurskoðun stjórnarskránnar yrði lokið árið 2014.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru stjórnarliðar ákveðnir í að greidd verði atkvæði um þessar tillögur. Þeim hugnast lítt að fara í kosningabaráttu án nokkurra sýnilegra sigra í stjórnarskrármálinu. Þar á bæ er því rætt af fullri alvöru um að náist ekki að semja um atkvæðagreiðslu um



REYNA AÐ SEMJA Nýkjörnir formenn stjórnarflokkanna reyna nú að semja um þinglok við stjórnarandstöðuna. Hér eru þau að kynna hugmyndir um atvinnuleysisbætur sem ráðherrar árið 2009.

þessi mál verði atkvæðagreiðsla þvinguð í gegn. Nýtt þing þarf að staðfesta slíka breytingu en hægt væri að nota málið í kosningabaráttu í millitíðinni.

Vantrauststillaga Þórs Saari verður tekin til atkvæða í dag. Þingmenn sem Fréttablaðið ræddi við búast við að hún verði felld. Hún hefur hins vegar haft áhrif á umræður um þinglok.

Þar flækir margt stöðuna. Framsóknar- og sjálfstæðismenn í Norðausturkjördæmi vilja traúla ljúka þingi fyrr en búið er að tryggja uppbyggingu á Bakka og Reykjavíkurbýringmenn horfa til nýs Landspítala.

Stóra málið er því stjórnarskráin

→ Sömuleiðis geta nú þingmenn krafist þess að greidd séu atkvæði um það umræðulaust hvort umræðu skuli lokið, umræðutími eða ræðutími hvers þingmanns takmarkaður.

Úr lögum um þingsköp

og mögulega verður ákvæði þingskapa um að knýja fram atkvæðagreiðslu notað í fyrsta skipti á lýðveldistímanum.

kolbeinn@frettabladid.is

NÝ VEFSÍÐA LYFJAVER.IS

Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

OPÍE + LYFJASKÖMMTUN

Gildistími korta er um hádegi

Veðurspá

LITLAR BREYTINGAR Það er lítið að gerast í veðrinu næstu daga og horfur á hægum vindi víðast hvar. Í dag verður úrkomulítið en á morgun má búast við lítilsháttar ofankomu norðanlands en á miðvikudaginn bætir heldur í úrkomu.

Alicante 19°	Berlín -2°	Friedrichshafen 11°	Las Palmas 20°	New York 11°	París 4°
Apena 21°	Billund -2°	Gautaborg -2°	London 1°	Orlando 26°	San Francisco 19°
Basel 14°	Frankfurt 4°	Kaupmannahöfn -2°	Mallorca 18°	Ósló -3°	Stokkhólmur -4°

Á morgun
Hæg breytileg átt.

Miðvikudagur
Hægur vindur um allt land

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufal Jónsson@frettabladid.is. ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is. FÓLK/LÍFID/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Elsa Jensdóttir elsaj@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigrún Kristinsdóttir sigrunp@365.is, Sigrún Viðar Friðriksson sigurjon@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is. FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Elín Albertsdóttir elin@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is. RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is. ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir amarut@365.is, Steinunn Sandra Guðmundsdóttir ssg@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝR RAV4

ÆVINTÝRIÐ BÍÐUR

ISLSSKASULS701631410311



Uppgötvaðu ævintýrin í lífi þínu á ný. Það er innblásturinn að baki endurhönnun á RAV4. Ökutæki sem er fullkominn félagi fyrir skemmtun með vinum og fjölskyldu. RAV4 hefur burði til að koma þér hvert sem þú vilt fara og það er nóg rými fyrir farþega og farangur. Hann er hljóðlátur, öruggur og með framúrskarandi akstursegginleika. Komdu og reynsluaktu alveg nýrri kynslóð af RAV4. Ævintýrið bíður.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð frá: 6.300.000 kr.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgjöf verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.
RAV4 2.2 dísil var prófaður og fékk fimm stjörnur á öryggisprófi Euro NCAP.

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvað heitir varaförseti Venesúela sem tók við af Hugo Chavez?
- 2 Hvað hafa viðskiptabankarnir þrír hagnast mikið frá því þeir voru stofnsettir?
- 3 Hvað heitir nýjasta plata Johns Grant?

SVÖR

Pale Green Ghoshs

1 Nicolas Maduro 2 216 milljarða króna 3

Segja nauðsynlegt að frumvarp um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni komi fram sem fyrst:

Vilja umræðu í samfélaginu um staðgöngu

ALÞINGI Nauðsynlegt er að frumvarp sem heimilar staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni komi fram sem fyrst til þess að umræða geti átt sér stað í samfélaginu áður en málið fer til afgreiðslu í þinginu.

Um þetta voru Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, og Guðbjartur Hannesson velferðarráðgjafi sam-mála á Alþingi á föstudag. Ragnheiður Elín spurði Guðbjart um stöðu frumvarpsgerðarinnar en starfshópur hefur undanfarið unnið að frumvarpinu.

Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá er ljóst að frumvarpið kemur ekki fram á

þessu þingi, enda mjög stutt eftir af því og vinnu hópsins ekki lokið. Guðbjartur staðfesti þetta á þinginu. Hann sagði að tekið hefði mun lengri tíma en reiknað hefði verið með að vinna frumvarpið en sagðist treysta á að vinnunni yrði haldið áfram. „Ég tel að þarna þurfi að vanda mjög til verka og við höfum óskað eftir því á allan hátt.“

Ragnheiður Elín benti á að meðal þess sem hefði verið rætt á fyrri stigum málsins væri að frekari umræðu þyrfti um málið. Það sagði hún ljóst að myndi ekki gerast á meðan frumvarpið væri hjá starfshópnum.

- þeb



RAGNHEIÐUR ELÍN Þingkonan lagði fram þings-ályktunartillöguna sem varð til þess að starfshópur var skipaður um staðgöngumæðrun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Flairi ferðamenn handteknir í Antalya

Á síðustu árum eru nokkur dæmi um að ferðafólk hafi verið handtekið við brottför frá Tyrklandi eftir að útskornir steinar fundust í farangri þess. Síðastliðið sumar var til dæmis Christian Varone, lögreglustjóri í svissnesku kantónunni Valais, handtekinn á sama flugvelli í Tyrklandi þegar hann var á heimleið úr frí með fjölskyldu sinni. Hann sat fimm daga í fangelsi en réttarhaldi hefur verið frestað þangað til 19. mars. Þá þurfti kínversk fjölskylda að sitja sex daga í fangelsi í Antalya síðastliðið vor eftir að fornmunir fundust í farangri þeirra. Á vefsíðu bandaríska sendiráðsins í Tyrklandi eru bandarískir ferðamenn varaðir sérstaklega við því að kaupa slíka muni. Jafnvel þótt menn kaupir eftirlíkingu geta menn átt á hættu að sitja í fangelsi þangað til fornleifafræðingar hafa gengið úr skugga um hvers kyns er.

- gb

Ráðuneytið fær frekari skýringar í dag

Ræðismaður Íslands í Ankara í Tyrklandi hefur verið í sambandi við Davíð og hefur komið honum í samband við lögmann, segir Pétur Ásgeirsson, sviðsstjóri hjá utanríkisráðuneytinu.

„Við vonumst til þess að fá nánari skýringar á morgun [í dag],“ segir Pétur. Hann segir að Davíð muni ásamt lögmanni sínum funda með fulltrúa saksóknara til að ræða framhald málsins.

- bj

Tyrknesk fangelsi enn alræmd

Árið 2011 voru meira en sjö hundruð fangar pyntaðir í tyrkneskum fangelsum. Sama ár var meira en 600 föngum neitað um lækni- og ferð og rétt til annarrar heilbrigðisþjónustu. Þetta kemur fram í skýrslu sem mannréttindanefnd tyrkneska þjóðþingsins sendi frá sér í haust. Í skýrslunni segir að ástandið í fangelsum landsins sé enn slæmt, þótt það hafi skánað á síðustu árum.

- gb



MINJAGRIPUR Davíð og Þóra keyptu marmarastein á ferðamannamarkaði við rómverskar rústir á Suður-Tyrklandi. Davíð er nú sakaður um að hafa ætlað að smygla fornmun úr landi. Börnin þrjú bíða nú fréttu af föður sínum sem dúsir í tyrknesku fangelsi.

Óttast um manninn í tyrknesku fangelsi

Íslenskur karlmaður sem keypti stein á markaði bíður dóms fyrir fornmunasmýgl í Tyrklandi. Áfall fyrir konu og börn sem óttast að hann þurfi að sitja af sér þungan fangelsisdóm. Sagði móður sinni í síma að hann hefði sætt barsmíðum í fangelsinu.

UTANRÍKISMÁL Íslenskur karlmaður sem sakaður er um fornmunasmýgl í Tyrklandi gæti þurft að greiða allt að 24 milljóna króna sekt eða sitja í fangelsi í að hámarki tíu ár verði hann fundinn sekur.

Davíð Örn Bjarnason, 28 ára Íslendingur búsettur í Svíþjóð, var handtekinn á flugvelli í Antalya á suðurströnd Tyrklands á föstudag eftir að tollverðir fundu 20 sentímetra útskorinn marmarastein í farangri hans og kærustu hans.

„Við erum öll í algeru sjokki, maður er bara alveg dofinn,“ segir Þóra Björg Birgisdóttir, kærasta Davíðs. Hún hefur ekki fengið að tala við Davíð eftir að hann var fluttur í fangelsi.

Ingibjörg Hafsteinsdóttir, móðir Davíðs fékk að tala við hann í síma í um 20 sekúndur. Þar sagði hann að hann væri barinn í fangelsinu og enginn skildi hann.

„Þetta er lifandi helvíti á jörðu,“ segir Ingibjörg spurð um eigin líðan og óvissuna vegna sonar síns.

Þrjú börn Davíðs og Þóru eru eins og gefur að skilja í miklu uppnámi. „Yngsti strákurinn er á útopnu, grátandi og óskrandi, og skilur ekki af hverju hann fær ekki að hringja í pabba sinn, af hverju pabbi kemur ekki heim og spyr hvenær hann komi,“ segir Þóra.

Hún var með Davíð á flugvelli þegar hann var handtekinn. „Við vorum að fara í gegnum öryggiseftirlitið á flugvelli. Við vorum með eina sameiginlega tösku og ég fer á undan með hana og set á færiband. Þeir gegnumlýsa töskuna og vilja svo að við opnum hana og sýnum þeim stein í töskunni,“ segir Þóra.

Steinninn keyptu þau á ferða-



Á FLUGVELLINUM Davíð Örn á flugvelli í Antalya stuttu áður en hann var handtekinn grunaður um smygltilraun.

mannamarkaði við rómverskar rústir sem þau skoðuðu í ferðinni. Þau skoðuðu ýmiss konar muni áður en þau keyptu þennan útskorina marmarastein á 80 evrum.

„Við sögðum þeim að við hefðum keypt þennan stein á túristamarkaði og ef þetta væri eitthvað vandamál mættu þeir alveg taka hann, en þeir hlustuðu ekki á það,“ segir Þóra, sem óttast um Davíð í tyrknesku fangelsi.

„Okkur datt ekki til hugar að þetta mætti ekki, leiðsögumaðurinn minnst aldrei á það þó að það væri verið að selja svona steina á þessum mörkuðum.“

Vegabréfin voru tekin af Þóru og Davíð og þau flutt á lögreglustöð á flugvelli þar sem þeim var haldið í um klukkustund. Þá ákváðu lögreglumennirnir að Þóra mætti fara en Davíð yrði eftir.

„Ég spurði hvað væri í gangi og hvort við mættum ekki fara heim. Þá fóru þeir að tala saman á tyrknesku, en svo réttu þeir mér

„Það eina sem ég fékk að gera var að kyssa hann bless og labba grátandi út á meðan lögreglumennirnir héldu honum niðri.“

Þóra Björg Birgisdóttir, kærasta Davíðs Arnar Bjarnasonar

passann og sögðu mér að ég mætti fara en ekki hann,“ segir Þóra.

„Það eina sem ég fékk að gera var að kyssa hann bless og labba grátandi út á meðan lögreglumennirnir héldu honum niðri.“

Hún hringdi í foreldra Davíðs, og þeir ráðlögðu henni að koma sér heim til barnanna, enda lítið sem hún gæti gert fyrir hann úti.

Davíð fékk lögræðinga, sem reiknuðu með að hann þyrfti að greiða sekt áður en honum yrði sleppt úr haldi. Það kom þeim á óvart þegar ákveðið var seinnipartinn á föstudag að halda Davíð í fangelsi og kæra hann fyrir smygl á fornmunum. Viðurlög við því eru að sögn Þóru 8 til 24 milljóna króna sekt eða fangelsisvist frá þremur upp í tíu ár.

Þóra segir að eins og komið er vonist þau eftir því að Davíð verði dæmdur til greiðslu sektar, en óttast að hann verði að sitja sektina af sér þar sem þau eigi ekkert og geti ekki borgað milljóna króna sekt. Þau fluttu til Svíþjóðar í leit að betra lífi og eiga engar eignir til að selja fyrir skuldinni.

Foreldrar Davíðs voru í Svíþjóð til að gæta barnanna á meðan Davíð og Þóra fóru til Tyrklands. Þau komu í gær heim til Íslands með yngri börnin þeirra tvö. Þóra og elsta stúlkan verða eftir í Svíþjóð til að ganga frá íbúð sem fjölskyldan var með á leigu áður en þær flytja heim.

brjann@frettabladid.is



MÁNUDAGSTILBOÐ

ÝSUFLÖK 1490 KR/KG

PLOKKFISKUR 1490 KR/KG

FISKIBOLLUR 990 KR/KG

HEITUR MATUR Í HÁDEGINU

Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686

2
ÁRA

AFMÆLISVIKA

VIÐ ENDURTÖKUM VINSÆLUSTU TILBOÐIN

KFC TOWER BORGARI

399 kr.

GILDIR 48 TÍMA

Verð
—849 kr.—Afsláttur
53%Afsláttur í kr.
350 kr.

Tower Borgari á KFC
Sundagörðum á aðeins 399 kr.
(kostar 849 kr). Magnaður borgari
sem tekur þig upp á topp!

HÓPKAUF
í krafti fjöldans

1 af hverjum 100 fær
endurgreitt eitt Hópkaupsbréfi!

Það hefur aldrei verið **auðveldara** að telja fram

Skilafrestur er til **21. mars**



Rafræn skilríki

Til að auðkenna sig þarf að setja skilríkin í kortalesarann og smella á hnappinn „Innskráning“

Hvað eru rafræn skilríki?

Innskráning



Veflykill ríkisskattstjóra

Kennitala

070768-9999

Veflykill

••••••••

Týndur veflykill

Innskráning

■ Skilafrestur

Almennur skilafrestur fyrir launamenn og einstaklinga með eigin atvinnurekstur er til **21. mars**.

Unnt er að sækja um lengri frest á skattur.is og getur hann lengstur orðið til 3. apríl. Framtal barns skal fylgja framtali framfæranda.

■ Upplýsingar á framtali

Áríðandi er að framteljandi athugi hvort áritaðar fjárhæðir og aðrar upplýsingar séu í samræmi við gögn og upplýsingar sem hann hefur sjálfur undir höndum.

■ Veflyklar

Veflyklar hafa verið sendir til nýrra framteljenda. Hafi veflykill glatast má sækja um nýjan á skattur.is og fá hann sendan í vefbanka eða í pósti.

Einnig er hægt að opna framtalið og skila með rafrænum skilríkjum.

■ Símapjónusta í 442-1414

Í mars verður veitt aðstoð í síma 442-1414 alla virka daga frá kl. 9:30 til 15:30.

Dagana 21. mars, 2. og 3. apríl verður þjónustan í boði til kl. 19:00.



RÍKISSKATTSTJÓRI

HEIMURINN



Sjö gíslar myrtir

1 NÍGERÍA Hópur herskárra íslamista hefur myrt sjö gísla, sem rænt var um miðjan síðasta mánuð í norðanverðri Nígeríu. Fjórir hinna myrtu voru frá Líbanon, en hinir þrír voru frá Bretlandi, Grikklandi og Ítalíu. Þeir voru að vinnu hjá byggingarfyrirtæki þegar þeim var rænt. Í yfirlýsingu frá grískum stjórnáðum segir að mannræningjarnir hafi aldrei haft samband til að krefjast lausnargjalds. Stjórnvöld bæði Bretlands og Ítalíu hafa fordæmt morðin. Samtökin nefnast Ansaru og segjast vera klofningshópur úr Boku Haram.

Suu Kyi kosinn leiðtogi

2 BÚRMA Aung San Suu Kyi var kosin leiðtogi Lýðræðisbandalagsins, helsta stjórnarandstöðuflokksins í Búrma. Hún hefur verið leiðtogi flokksins áratugum saman, en þetta er engu að síður í fyrsta sinn sem lýðræðislegt kjör fer fram um leiðtogastöðuna. Hún sat lengi í stofufangelsi en var kosin á þing á síðasta ári eftir að herforingjastjórn landsins tók að slaka á klónni og opna samfélagið.



að herforingjastjórn landsins tók að slaka á klónni og opna samfélagið.

Sjö börn brunnu inni

3 PÝSKALAND Sjö börn brunnu inni í gær ásamt móður sinni í eldsvoða í íbúðarblokk í bænum Backnang, sem er skammt frá Stuttgart í Pýskalandi. Slökkviliði tókst að bjarga þremur úr eldsvoðanum, þar á meðal ömmu barnanna. Talið er að eldurinn hafi kviknað í íbúð þeirra, en ekki var ljóst hvað olli. Börnin sem létust voru á aldrinum 6 til 12 ára en móðir þeirra var fertug. Lík þeirra fundust í tveimur herbergjum í íbúðinni, sem er á annarri hæð. Fjölskyldan er af tyrkneskum uppruna og hafa tyrknesk stjórnvöld látið málið sig varða.

Vill jafna stöðu kynjanna:
Aukin réttindi til feðraorlofs

FRAKKLAND, AP Francois Hollande, forseti Frakklands, vill nýja lögjöf sem á að hvetja fleiri feður til að taka feðraorlof og mæður til að fara fyrr út á vinnu- markaðinn. Hann vill einnig auka fjárhagsaðstoð ríkisins til einstæðra foreldra sem ekki fá meðlagsgreiðslur frá fyrri maka. Hollande hefur lagt mikið upp úr bættum réttindum kvenna, meðal annars séð til að helmingur ráðherra sé konur.

Frumvarp hans um feðraorlof veitir nýbökðuðum feðrum réttindi til sex mánaða orlofs og langtímaréttindi til foreldraleysis. - hj

Slasaðist nálægt Hofsósi:
Vélsleðamaður sóttur á þyrlu

SLYS Síðdegis í gær ók vélsleðamaður fram af hengju í Unadal skammt frá Hofsósi í Skagafirði. Maðurinn fékk sleðann ofan á sig og slasaðist töluvert.

Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út og lenti við slystað klukkan 17.33. Björgunarsveitir voru þá komnar á staðinn og læknir hafði búið um meiðslin.

Maðurinn var síðan fluttur á sjúkrahús. Hann hafði verið í æfingafarð sleðaflokka tveggja björgunarsveita í Skagafirði. - gb

Brottkast myndað af sjófugli

Vísindamenn festu tíu myndavélar á bak sjófugla til að fylgjast með ætisleit þeirra. Myndirnar sýna hversu háðir fuglarnir eru áti á brottkasti frá fiskiskipum. Bann við brottkasti gæti haft áhrif á vistkerfið.

UMHVERFISMÁL Hugvitssamleg notkun myndavéartækni hefur gefið nýja sýn á hegðun sjófugla við ætisleit á sjó. Vísindamenn festu myndavélar á tíu súlur, sem er stærsti sjófugl Evrópu, og fylgdust með hversu mikið sjófuglar sækja í brottkast fiskiskipa við veiðar; heilan fisk og fiskúrgang. Með þessu freistuðu þeir þess að finna svör við því hvort bann við brottkasti á nýtanlegum fiski gæti haft áhrif á fuglastofna, auk upplýsinga um hegðunarmynstur þeirra. Gárungar setja fram þá kenningu að fundin sé tækni til að vakta ólögleg brottkast.

Rannsóknin er unnin af hópi franskra og breskra vísindamanna undir handleiðslu Steves Votier hjá Plymouth-háskóla. Rannsóknin fór fram undan strönd Bretlandseyja, en í kringum eyjarnar hafast tveir þriðju

súlustofnsins við. Niðurstöðurnar voru birtar í Plos One, sem er ritrynt vísindatímarit.

Aðferðafræðin var í raun einföld; tíu myndavélar sem ætlaðar eru til að fylgjast með gæludýrum voru festar á fuglana. Fyrst sneru vélarnar fram en veiði-aðferð súlunnar, svokallað súlukast þar sem fuglinn stingur sér á miklum hraða í sjóinn, varð til þess að vélunum var snúið aftur. Aftaksturinn var 20.000 myndir sem gáfu nýja sýn á hegðun sjófugla við ætisleit. Staðsetningarbúnaður var síðan nýttur til að auka við gildi rannsóknarinnar og kortleggja flug þeirra.

Ljóst er að súlurnar, og fjöldi annarra sjófugla, sækja mjög í það æti sem gengur út af fiskiskipum við veiðar, sem einnig á við um Íslandsmið, eins og þekkt er. Þó einskordast ætisleit þeirra ekki við skipin, heldur fer



FISKVEIÐIEFTIRLIT FRAMTÍÐARINNAR Súlan er stærsti sjófugl Evrópu og er algengur við Ísland.

MYND/RÓBERT A. STEFÁNSSON



NÝTT SJÓNARHORN Myndirnar sýna skip á veiðum frá þessu sjónarhorni og þar með hegðun annarra sjófugla.

NORDICPHOTOS/GETTY

hún saman við veiðar á lifandi æti. Þetta staðfestir rannsóknin.

Eins og þekkt er stefnir Evrópusambandið að því að banna brottkast á nýtanlegum fiski, sem í dag er gríðarlegt. Þetta er talið hafa áhrif á sjófugla og að vakta þurfi áhrif bannsins á vistkerfi fuglanna í framtíðinni.

Hliðarafurð verkefnisins virðist blasa við. Ljóst er að notkun myndavéla getur gagnast til rann-

sókna á fuglum og hegðunarmynstri þeirra með mjög árangursríkum hætti. Á sama hátt er spurt hvað útiloki að nýta tæknina til þess að leysa flókin verkefni sem stjórnvöld um allan heim hafa leitað lausna við; að nota sjófugla til þess að fylgjast með brottkasti fiskiskipa í framtíðinni þar sem það verður með öllu bannað. Ísland er þar ekki undanþegið.

svavar@frettabladid.is



Urðarapótek & MP banki


Hollt og heilbrigt viðskiptasamband

Guðrún Pálsdóttir stofnaði Urðarapótek og keppir við þá stóru á markaðnum með áherslu á góð kjör og betri þjónustu. Við þekkjum slíkar aðstæður mjög vel.

Þess vegna er Urðarapótek í viðskiptum hjá okkur.

mpbanki
banki atvinnulífsins

Vilt þú halda 100% af launum þínum við starfslok?



Með lögbundnum skyldulífeyri, Allianz viðbótarlífeyri og auka lífeyristryggingu getur þú tryggt þér 100% af launum þínum við starfslok.

Tryggir þína framtíð

Allianz 

FRÁBÆRT ÚRVAL

Gerðu frábær kaup!

Allt að 80% lánamöguleikar

Frábært úrval af nýlegum, lítið eignum bílum á frábæru verði!



Tökum notaðan uppi notaðan! Erum í samningsstuði!

CHEVROLET CAPTIVA 7manna
Nýskr. 09/11, ekinn 25 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr.151751

VERÐ kr.
6.190 þús.



SUBARU FORESTER VISION
Nýskr. 04/11, ekinn 48 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.290 þús.
Rnr.280506.



HYUNDAI IX35
Nýskr. 05/12, ekinn 28 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.990 þús.
Rnr.201040.

Gott úrval af 4x4 bílum



HYUNDAI I30 CLASSIC
Nýskr. 07/11, ekinn 6 þús. km.
dísil, beinskíptur.
VERÐ kr. 3.220 þús.
Rnr.-201134.



TOYOTA LAND CRUISER 150GX
Nýskr. 06/12, ekinn 19 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð kr.10.390 þús
TILBOÐ kr. 9.290 þús.



KIA CEED SPORT
Nýskr. 10/11, ekinn 12 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð kr. 3.590 þús.
Rnr.151814.



HYUNDAI SANTA FE II
Nýskr. 04/12, ekinn 3 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 6.290 þús.
Rnr.120137.

Gerðu frábær kaup hjá Bílalandi BL

bílaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is



VIÐ LAGARFLJÓT Trjágróður fellur ofan í Lagarfljót með bakkanum sem brotnað hefur austan við ána, til móts við flugvöllinn á Egilsstöðum. AÐSEND MYND.

Bújarðir og minjar í hættu við Lagarfljót

Vatnsmagn í Lagarfljóti er mun meira en reiknað var með við byggingu Kárahnúkavirkjunar. Mikið rof á árbökkum skemmir náttúruminjar og bújarðir. Bæjarráð Fljótshéraðs vill aðgerðir frá Landsvirkjun til að stöðva megi landbrotið.

UMHVERFISMÁL „Landsvirkjun hefur aldrei viljað koma almennilega að þessu máli en það er kannski að breytast núna,“ segir Gunnar Jónsson, formaður bæjarráðs Fljótshéraðs, um áhyggjur heimamanna af landbroti við Lagarfljót.

Gunnar segir að í skýrslu um vatnsstöðuna í Lagarfljóti komi fram að vatnsmagnið sé töluvert meira en öll reiknilíkön vegna Kárahnúkavirkjunar gerðu ráð fyrir.

„Hækkun á grunnvatnsstöðu við Lagarfljótsbrú við Fellabæ og við Hól í Hjaltastaðahá eykur rof á viðkvæmum árbökkum. Áhrifa af breytti grunnvatnsstöðu gætir víða og eru bújarðir og náttúruminjasvæði sem liggja undir skemmdum sérstakt áhyggjuefni,“ segir í bókun bæjarstjórnar sem vill að Landsvirkjun grípi til mót-vægisáðgerða.

Gunnar segir náttúruminjasvæðin sem vísað er til vera hólma

og víðibakka norðan Lagarfljótsbrúar. „Þar sér mikið á fjölbreyttri og mjög fallettri fuglaparadís. Mér sárnar mjög að sjá þetta,“ segir Gunnar, sem sjálfur á jörðina Egilsstaði I sem hólmarir tilheyra.

Rof á bökkum er talið vera talsvert eða mikið á um 50 kílómetrum af bökkum við Lagarfljót. „Það er til dæmis í landi Hóls og Húseyjar niður við Héraðsflóa,“ segir Gunnar. Til þess að draga úr rofinu ofan Lagarfljótsvirkjunar segir Gunnar að víkka þurfi árfarveginn frá Lagarfljótsbrú og langleiðina út að Lagarfossi. „Þetta vatnsmagn kemst ekki út að fossi nógu auðveldlega. Þáverandi umhverfisráðherra stoppaði á síðustu metrunum að farvegurinn yrði breikkaður því hún taldi of mikið risk af uppgreftrinum,“ segir Gunnar. Þá þurfi að verja árbakka sem mest sjái á með grjóti eða öðru.

Gunnar segir ýjað að því í áður-nefndri skýrslu að hið aukna vatns-

„Þar sér mikið á fjölbreyttri og mjög fallettri fuglaparadís.“

Gunnar Jónsson, formaður bæjarráðs Fljótshéraðs

magn stafi af náttúrulegum völdum en bendir á að orkuframleiðslan í Fljótshéraði sé meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir og vatnsrennsli þar í gegn einfaldlega meira sem því nemi.

„Lagarfljótið er gjörbreytt vatnsfall. Það liggur hærra á veturna, straumurinn er meiri og vatnið sem kemur úr virkjuninni er heitara. Fyrir vikið frýs Lagarfljót nánast aldrei á veturna eins og var regla áður. Þá eru norðanáttir ríkjandi og aldan hamast og ólmast á bökkunum og rífur þá niður,“ segir Gunnar Jónsson.

gar@frettabladid.is

Breyttur eindagi á lánnum Íbúðalánasjóðs

Eindagi afborgana af lánnum Íbúðalánasjóðs verður framvegis þremur dögum eftir gjalddaga.

Dæmi:

Eindagi lána með gjalddaga 1. apríl er 4. apríl.

Eindagi lána með gjalddaga 15. apríl er 18. apríl.

Eindagi er síðasti dagur sem hægt er að greiða gjalddaga án dráttarvaxta. Ef greiðsla dregst fram yfir eindaga falla á hana dráttarvextir sem reiknast frá og með gjalddaga.



Íbúðalánasjóður

Lifandi markaður innkallar: Á merkingar matvöru skorti

HEILBRIGÐISMÁL Ómerktir ofnæmis- og óþolsvaldar hafa orðið til þess að kalla hefur þurft af markaði fjölda vara sem merktar eru og framleiddar af Lifandi markaði.

Innköllunin, sem gerð er í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, nær til rauðs pestós, villisveppasósu, villisveppasúpu, gulrótarsúpu og hnetusteikar.

Í vörum fannst ýmist soja, súlfít eða hveiti, án þess að þess væri getið.

- óká



HÓF Best er að gæta hófs þegar pylsur, skinka og aðrar unnar kjötvörur eru annars vegar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Unnar kjötvörur varasamar: Virðast draga úr lífslíkum

VÍSINDI Þeir sem borða mikið magn af unnum kjötvörum eru líklegir til að deyja fyrr en þeir sem borða þær í hófi samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar sem fjallað er um í vísindaritinu BMC Medicine.

Þeir sem borðuðu meira en 160 grömm af unninni kjötvöru voru 44 prósentum líklegri til að deyja úr hjartasjúkdómum eða krabbameini á þeim þrettán árum sem rannsóknin náði til en þeir sem borðuðu um 20 grömm á dag að meðaltali.

Rannsóknin var gerð í 23 Evrópuríkjum og tók um hálf milljón manns þátt í henni. Með því að nota svo mikinn fjölda var hægt að tryggja að aðrir þættir svo sem hreyfing, reykingar, áfengisdrykkja og annað skekktu ekki niðurstöðurnar.

- bj

Lögrelustöðin rýmd: 87 ára með handsprengjur

SVÍPJOÐ Lögrelustöð í Stokk-hólmi var rýmd í liðinni viku eftir að 87 ára gamall maður kom þangað inn með tvær ósprungnar handsprengjur.

Frá mánaðamótum hefur Svíum verið gert kleift að koma ýmsum vopnum til lögrelunnar án þess að eiga yfir höfði sér refsingu vegna brota á vopnalöggjöf.

Lögrelumennirnir áttu þó ekki von á því að fá til sín sprengiefni og var lögrelustöðin því rýmd á meðan beðið var eftir sprengjusérfræðingum sem gátu fullvissað þá um að sprengjurnar væru ónýtar.

- þeb

KÍNA

Hræ á vatnsverndarsvæði

Um 900 dauð svín hafa síðustu daga verið veidd í Sjanghaí upp úr á sem er á vatnsverndarsvæði borgarinnar. Borgaryfirvöld eru að rannsaka málið.

EFNAHAGSMÁL

Laun hækka um 0,8%

Regluleg laun voru að meðaltali 0,8% hærrí á fjórða ársfjórðungi 2012 en í fjórðungnum á undan. Frá fyrra ári hækkuðu laun um 4,8% að meðaltali, 5,1% á almennum vinnumarkaði og 4,0% hjá opinberum starfsmönnum.

Fjórtán dögum eftir fjöldamorðin í Sandy Hook ákváðu norsk yfirvöld að breyta skotárásaáætlunum: Norðmenn uppfæra áætlanir vegna skotárása

NOREGUR Uppfærð áætlun vegna skotárása á öllum skólastigum í Noregi verður kynnt og innleidd í haust.

Leiðbeiningarnar eru sagðar viðleitni til að fyrirbyggja alvarlegar árásir og verða þær sendar öllum skólum og barnaheimilum í Noregi. „Ákveðið hefur verið að uppfæra áætlun frá 2009,“ segir á vef Ríkislögreglustjóra, en hún var til komin vegna skotárásar í framhaldsskóla í Kauhajoki í Finnlandi árið áður þar sem níu nemendur og

einn kennari voru myrtir. Haft er eftir Erling Børstad, yfirlögregluþjóni við embætti norska ríkislögreglustjórans, að áætluninni frá 2009 hafi verið vel tekið, en þó ekki alls staðar hrint í framkvæmd. Nú sé stefnt að 100 prósentu þátttöku á öllum skólastigum, frá leikskóla og upp í háskóla.

Fram kemur að fjórtán dögum eftir að byssamaður myrti 20 börn og sex starfsmenn í barnskóla í smábænum Sandy Hook í Newton í Connecticut í Bandaríkjunum um

100%

Stefnt er að því að öll skólastig í Noregi frá leikskólum til háskóla taki þátt í áætlun vegna skotárása.

miðjan desember síðastliðinn hafi menntamálaráðuneyti Noregs og dómsmálaráðuneyti ákveðið að nauðsynlegt væri að uppfæra áætlunina frá 2009.



Í FINNLANDI Kveikt var á kertum fyrir utan framhaldsskólann í Kauhajoki í Finnlandi þar sem öður maður myrti tíu manns í september 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

16 GB iPod NANO

Nýjasta og flottasta útgáfan í silfurlit, með snertiskjá og Bluetooth-tækni.

- Hægt að horfa á video og skoða ljósmyndir
- Innbyggt útvarp
- Heyrnartól frá Apple

FULLT VERÐ 29.990 KR.

24.990 KR.
+ 1.000 N1 PUNKTAR

STÆRRI OG LENGRI SNERTISKJÁR



PUNKTAR GILDA x5

SAMSUNG GALAXY SII

Einn vinsælasti snjallsíminn á markaðnum.

- 8MP myndavél
- 4,3" skjár
- 1,2GHz Dual Core örgjörvi
- Íslensk valmynd

FULLT VERÐ 72.900 KR.

67.900 KR.
+ 1.000 N1 PUNKTAR

FULL HD MYND-BANDSUPPTAKA



PUNKTAR GILDA x5

FERMINGARGJAFIR FYRIR N1 PUNKTA

AJUNGILAK SVEFNPOKI

Léttur, þægilegur og hlýr svefnpoki sem hentar fyrir allar árstíðir.

- Lengd: 195 cm.
- Þyngd: 1250 gr.
- Lítrar: 6
- Litur: Svartur að utan / rauður að innan
- Strekkipoki fylgir

FULLT VERÐ 29.900 KR.

18.900 KR.
+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x2

POCKET SJÓNAUKI

- Stækkun 10x25
- Taska fylgir sem hægt er að festa á belt

FULLT VERÐ 4.990 KR.

2.990 KR.
+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x11

SONY MYNDAVÉL Cybershot

- Fæst svört, bleik og gullituð
- 16.1 milljón pixlar
- 5x optical aðdráttur
- 2.7" skjár með mikilli skerpu (Clear photo LCD)
- HD videotaka með hljóði (720p)

FULLT VERÐ 25.990 KR.

20.990 KR.
+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x5



PUNKTAR GILDA x7

OSAH BAKPOKI

Sterkur og léttur 60 lítra bakpoki með stórum hólfum.

- Renndur vasi og teygjuvasi
- Svefnpokafesting
- Festingar fyrir aukahluti
- Mittisól með verðmætahólfi
- Mótanlegar álstangir í bakstuðningi
- Mesh þúðar með öndun í baki

FULLT VERÐ 14.990 KR.

7.990 KR.
+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x2

N1TILBOÐ LITRÍK OG ÞÆGILEG SKURÐARBRETTI

FULLT VERÐ 2.990 KR.
990 KR.
+ 1.000 N1 PUNKTAR

PUNKTAR GILDA x2

N1TILBOÐ FM SENDIR


FULLT VERÐ 2.990 KR.
990 KR.
+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x14

N1TILBOÐ CD ÁSGEIR TRAUSTI

FULLT VERÐ 2.890 KR. STK.
899 KR.
+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x2

N1TILBOÐ CD POTTÞÉTT 58

FULLT VERÐ 3.199 KR. STK.
1.199 KR.
+ 1.000 N1 PUNKTAR



PUNKTAR GILDA x2

N1TILBOÐ DVD ARBITRAGE EDA FUGLABORGIN

FULLT VERÐ 2.990 KR. STK.
990 KR. STK.
+ 1.000 N1 PUNKTAR



TRYGG VIÐSKIPTI VIÐ N1
Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!

Tilboðin gilda í mars eða meðan birgðir endast.

Tillögur Framsóknar gætu valdið miklum skaða:

Óvinur nr. 1

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, var í viðtali við Fréttablaðið á laugardag. Þar sagði hann frá þeim tveimur málum sem flokkurinn hans ætlar að leggja alla áherslu á í aðdraganda kosninga: skuldaafskriftir og afnám verðtryggingar.

Í viðtalinu skaut Sigmundur á að skuldaafskriftirnar myndu kosta um 240 milljarða króna. Til að setja þá tölu í sambengi er hún 41,4 prósent af öllum áætluðum tekjum ríkissjóðs á árinu 2013. Sigmundur vill helst að kostnaður lendi „á þeim sem hafi hagnast á hruninu“. Síðar í viðtalinu kemur í ljós að þar á hann við kröfuhafa föllnu bankanna, sem hann ályktar að séu að mestu illir vogunarsjódir. Að mati formannsins er bæði „réttlætalegt“ og „framkvæmanlegt“ að gera ágóða þeirra upptækan og nota hann til að borga niður íslenskar húsnæðisskuldur.

Þessar hugmyndir Sigmundar eru því miður með öllu óraunhæfar. Hér er verið að boða klára þjóðnýtingu erlendra eigna kröfuhafa. Allar niðurfærslur á krónueignum kröfuhafa fara nefnilega í að vinna á snjóhengjuvandnum. Þetta hlýtur formaður stjórnmalaflokks að vita. Og hann hlýtur líka að vita að það er ekki hægt að nota sama féð tvisvar. Því brjóta þessar tillögur gegn 72. grein stjórnarskrár landsins. Þar segir: „Eignarrétturinn er friðhelgur“. Þær eru líka í algjörrri andstöðu við almennar leikreglur réttarríkisins og brot á alþjóðasamningum sem Ísland hefur skuldbundið sig til að virða.

Sigmundur virðist þó að einhverju leyti meðvitaður um að þessi leið er líklega ekki gerleg þegar stigið er út úr draumheimum og viðurkennir að skuldaniðurfellingar gætu þýtt að „einhver langtímakostnaður lendi á ríkissjóði [...] Sá langtímakostnaður verður hins vegar, áður en hann fellur til, veginn upp af efnahagslegum ávinningi“. Sigmundur réttlætir þannig útgjöld ríkissjóðs, sem mögulega geta hlaupið á hundruðum milljarða, og greiðast ekki nema með aukinni skattheimtu eða frekari niðurskurði, með því að lofa ávinningi sem hann getur ekki sagt hver er og hann hefur engar forsendur til að áætla að verði til.

Af einhverjum ástæðum er afnám verðtryggingar vinsælt kosningamál hjá Framsóknarflokknum. Hugmyndirnar snúast bara um að banna ný verðtryggt útlán, sem flestir neytendur eru hvort eð er búnir að hafna með tilkomu nýrra óverðtryggðra lána. Til að barna kosningamálið, eða flækja það enn meira, þá segir Sigmundur að honum þyki óskiljanlegt „hve vextir á verðtryggðum lánunum séu háir“. Honum hefði verið nær að fletta upp hver vaxtamunur Íbúðalánasjóðs, langstærsta veitenda verðtryggðra lána, er áður en hann lét út úr sér slíka staðhæfingu. Hann er 0,27 prósent.

Viðtalið við Sigmund bendir því miður til þess að þar fari maður sem hafi ekki eytt miklum tíma í raunveruleikanum. Sama hversu vel það hljómar í eyrum skuldugra heimila að hlusta á loforð hans þá er orðið tímabært að allir sjái að keisarinn er ekki í neinum fótum. Þegar raunveruleikanum er stungið í samband og geryðingarmáttur kosningavíxla Framsóknarflokksins er metinn þá er algjörlega ljóst að þeir munu hafa fleiri neikvæðar afleiðingar en jákvæðar. Þingmenn flokksins geta kallað þá sem á slíkt benda þjóðníðinga, föðurlandssvikara eða hrægammastjóðagrúppur. Það breytir því ekki að flokkurinn er úlfur í sauðagæru. Og hver þarf á óvini að halda þegar hann á vin eins og Framsókn?

Þessar hugmyndir Sigmundar eru því miður með öllu óraunhæfar. Hér er verið að boða klára þjóðnýtingu erlendra eigna kröfuhafa. Allar niðurfærslur á krónueignum kröfuhafa fara nefnilega í að vinna á snjóhengjuvandnum. Þetta hlýtur formaður stjórnmalaflokks að vita. Og hann hlýtur líka að vita að það er ekki hægt að nota sama féð tvisvar. Því brjóta þessar tillögur gegn 72. grein stjórnarskrár landsins. Þar segir: „Eignarrétturinn er friðhelgur“. Þær eru líka í algjörrri andstöðu við almennar leikreglur réttarríkisins og brot á alþjóðasamningum sem Ísland hefur skuldbundið sig til að virða.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÐLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUÐLÓGI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdóm verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

AÐALFUNDUR HÚSEIGENDAFÉLAGSINS

Aðalfundur Húseigendafélagsins 2013 verður haldinn föstudaginn 22. mars n.k. salur Ásatrúarfélagssins, Síðumúla 15, Reykjavík og hefst hann kl. 16:00.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins.

Stjórnin.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Saknar þjóðhagsstofnunar

DV hefur fengið hinn sjóða pólitíkus Svavar Gestsson til að skrifa um stjórnmal fram yfir kosningar. Svavar hefur marga fjöruna sopið, var þingmaður frá 1978 til 1999, lengstum fyrir Alþýðubandalagið en undir lokin Samfylkinguna, ráðherra um nokkurra ára skeið og formaður Alþýðubandalagsins. Svavar fer í fyrstu grein sinni yfir stjórnmal stjórnmalaflokka-anna og vegur og metur. Þar er margt áhugavert að finna, en athyglisverðastur er þó söknuður hans yfir Þjóðhagsstofnun. „Fyrir á árum hafði Þjóðhagsstofnun það hlutverk að reikna út tillögur stjórnmalaflokka.“ Það er ágætis

ábending, eftir að Davíð Oddsson lagði stofnunina niður er enginn óháður aðili sem fer yfir stjórnmal flokka og reiknar út hvað þau kosta. Ríkisstjórnin hefur ekki séð þörf á að endurvekja þá stofnun.

Frá kjördæmi til kjördæmis

Stjórnarliðarnir Steingrímur J. Sigfússon og Björgvin G. Sigurðsson eru ekki sammála um hvort það að veita sérstakar ívilnanir vegna verkefna á Bakka þýði að sömu ívilnanir verði veittar vegna verkefna í Helguvík. Steingrími finnst ekki, en

Bakki er í hans kjördæmi, Björgvin finnst það, en Helguvík er í hans kjördæmi.


Skýrar línur dofna

Katrín Júlíusdóttir fjármálaráðherra ræddi oft um það, þegar hún var iðnaðarráðherra, að skýrar línur yrðu að vera varðandi erlend fjárfestingaverkefni. Fjárfestar yrðu að vita að hverju þeir gengu og lög um ívilnun vegna erlendra fjárfestinga voru sett til að skýra línurnar. En, nú eru kosningar í nánd og ráðamenn þurfa að nikka til kjósenda í kjördæmi sínu. Línurnar skýru hafa því aðeins dofnað.

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Sparað til enn meira tjóns

SAMGÖNGUR



Sigþór Sigurðsson
Formaður Mannvirkis, félag bygginga- og jarðvinnu-vertaka í SI

Fyrir um ári síðan ritaði ég grein og birti opinberlega þar sem ég rakti fyrir samgönguráðherra þvilíkt ábyrgðarleysi það væri að skera svo hastarlega niður viðhaldsfé Vegagerðarinnar að vegakerfið væri í stórhættu. Framlög til viðhalds vega hafa nú í fjögur ár verið undir helmingi þess sem talið er eðlilegt. Vegagerðin sjálf hefur metið að uppsöfnuð þörf fyrir viðhald sé 8-10 milljarðar eftir þessi hörmungarár. Fyrir um einu og hálfu ári fór fulltrúi fyrirtækja sem starfa við vegagerð og fulltrúi Samtaka iðnaðarins á fund samgöngunefndar þingsins. Þingmenn hlustuðu brúnþungir á okkur útlista hættuna af því að halda ekki við slitlagi á þjóðvegum landsins. Ef það brotnar upp og burðarlag veganna skemmist kostar allt að tíu sinnum meira að gera við þann veg en ef slitlaginu er viðhaldið eðlilega. Því í raun er um nýbyggingu vegar að ræða þegar slíkt gerist. Það var engu líkara en okkur væri ekki trúað. Embættismenn Vegagerðarinnar fóru margar ferðir með betlistaf til að útskýra hættuna og afleiðingar þess að gera ekki neitt. Árangur enginn. Hvorki þingmenn né samgönguráðherra sjálfur

→ Ef það brotnar upp og burðarlag veganna skemmist kostar allt að tíu sinnum meira að gera við þann veg en ef slitlaginu er viðhaldið eðlilega.

sáu ástæðu til að forgangsraða upp á nýtt í kerfinu svo bjarga mætti verðmætum.

Nú hrynja vegirnir hver af öðrum, Vestfjarðavegur, Súðavíkurlíð, Þverárfjall, og sjálfur þjóðvegur 1 er mjög víða illa farinn. Það var lokað fyrir fiskflutninga frá Vestfjörðum, það er nánast ófært fyrir smábíla um þjóðvegi milli bæja. Það er búið að vinna stórtjón. Vegagerðarmenn og verktakar eru ekki hávær hópur og kannski er það ástædan fyrir því að ríkisstjórnin komst upp með að skera niður meira en 50% af útgjöldum til vegamála meðan annars staðar voru látnar duga eins stafs tölur.

En kannski er öllum sama? Það er að koma nýtt kjörtímabil og þá kemur núverandi samgönguráðherra þetta í öllu falli ekki lengur við. Eigum við að spara til enn meira tjóns?

Blaðamennska er lífsskoðun

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Árið 1870 skrifaði Jón Ólafsson greinargerð fyrir frjálsri blaðamennsku í blaðið sem hann ritstýrði þá, Baldur. Hann var átján ára og hafði ritstýrt Baldri frá sautján ára aldri – fyrsta barnastjarna íslenskrar blaðamennsku og átti í vændum að flýja land fyrir að yrkja Íslendingabrag þar sem þeir „fólar er frelsi vort svíkja“ fá að heyra það og skáldið staðhæfir að maður finni „ei djöfullegra dáðlaust þing / en danskan Íslending“. Það gneistadi af hverju orði í skrifum hans og hann átti í vændum ótal stríð. Hann átti líka eftir að fara nokkra hringi í pólitíkinni eins og títt er um friðlausa og frjálsa anda. Hann var fyrsti nútímablaðamaður okkar. Og þetta skrifaði hann í Baldur, 3. árgang árið 1870:

Ráðgjafi lýðsins

„Blaðamaður verður að fylgja því, er hann ætlar sannast og réttast, án þess að láta það aftra sér, þó alþýða hafi annað álit. Blöðin eiga ekki að vera eins og lúður, er hver sem vill getur básunað í [...] Með einu orði, blaðamaður á að vera ráðgjafi lýðsins.

[...] Sjerlega athugaverð er staða blaðanna andspænis fulltrúum þjóðarinnar, þar sem fulltrúabing eru. Þá er blöðin hafa fasta stefnu og fylgja henni fram á sæmilegan hátt, þá mega þau ávallt ganga að því vísu, að fulltrúar þjóðarinnar gefi orðum þeirra hæfilegan gaum.

[...] Köllun blaðamannsins er því háleit og fögur, og menn gætu sagt, eitt hið háleitasta og fegursta sem nokkur maður getur tekið sjer fyrir hendur að starfa að. En því æðri, fegurri, helgari og háleitari sem sú köllun er, því meiri vandi og ábyrgðarhluti er henni samfara.

[...] Hann má aldrei tala þvert um huga sjer, og eigi láta hræða sig frá sannfæring sinni, því að hennar má hann aldrei ganga á bak, þótt það gildi líf hans og mannorð, fje og fjör. Hann má því eigi láta það aftra sér, þótt alþýðuhylli hans liggi við, því sannleikurinn er meira verður; hann má eigi óttast það, þótt hann sjái, að sannleiksást hans gjöri vini hans að óvinum hans, og eigi óttast óvild manna, því að sannleikurinn er meira verður; hann má eigi þegja yfir sannleikanum, eða gjöra móti betri vitund til að geðjast öðrum, hvort sem þeir eru háir eða lágir, því sannleikurinn er meira verður.

[...] Hvorki hatur nje vinátta má hafa nein áhrif á starf hans í þjónustu sannleikans.“

Sannleikurinn er meira verður

Þetta kann að virðast hörð kenning en í þessum skrifum Jóns Ólafssonar sjáum við í rauninni grundvöllinn að hugmyndinni um fjölmiðla sem „fjórða valdið“ í samfélaginu: að blöðin veiti

„fulltrúum þjóðarinnar“ aðhald með stefnufestu sinni og „þjónustu við sannleikann“ sem er meira verður en alþýðuhylli eða óttinn við óvild manna, „hvort sem þeir eru háir eða lágir“. Átján ára prestssonur austan af Kolfreyjustað kann árið 1870 betri skil á grundvallaratriðum blaðamennsku en ýmsir á okkar dögum sem maður kynni að ætla að hefðu betri forsendur til þess en hann.

Það að vera blaðamaður eða fréttamaður er lífsskoðun í sjálfu sér. Hún kann að vera einfeldningsleg og vonlaus en raunverulegur blaðamaður er samt ekki í öðrum flokki en blaðamanna-flokkinum, ekki í annarri klíku en sannleiksleitendaklíkunni, þjónar aðeins sannleikanum og því fólki sem þarf að fá að vita sannleikann. Hvað sem það kostar. Nú

hef ég moggann séð um hríð út af einhverju vinatilboði. Þar er margt þrýðilega gert enda starfa enn á blaðinu nokkrir af ágætustu blaðamönnum landsins – en mér finnst hins vegar beinlínis líkamlega óþægilegt að lesa daglegar og ofsalegar árásir Davíðs Oddssonar á fréttastofu RÚV og það fólk sem þar reynir að sinna vinnu sinni – kannski vegna þess að þar fór nú einu sinni fram ævi-starf móður minnar. Davíð Oddsson er ekki blaðamaður heldur gamall valdamaður sem skynjar aflið sem í blöðunum býr og vill virkja það í eigin privatþágu; taka þennan lúður og blása í hann.

Munurinn á Davíð Oddssyni og raunverulegum blaðamönnum er sá að blaðamenn telja sig hafa skyldur við samfélagið og sannleikann en Davíð telur sig hafa skyldur við sjálfan sig og arf-

leifð sína; í stað þess að vera bara heima hjá sér og senda greinar í blaðið eins og annað fólk gerir hefur hann hlammað sér í stól ritstjóra.

Barátta blaðamanna Fréttablaðsins undir forystu Ólafs Stephensen við eigendur og stjórnendur 365 miðla er af sama toga – Ólafur og hans áhöfn hefur verið að kljást við sams konar skilningsleysi á eðli frjálsrar blaðamennsku. Jón Ásgeir Jóhannesson hefur óneitanlega staðið í fréttanæmum stórræðum og það að hann sé eigandi (eða eiginmaður eiganda) gerir að verkum að enn brýnna er en ella að hann láti blaðamenn í friði við að sinna vinnu sinni þegar kemur að því að greina frá viðskipta-ævintýrum hans og eftirmálum þeirra.

Af hverju? Hvers vegna að

„Munurinn á Davíð Oddssyni og raunverulegum blaðamönnum er sá að blaðamenn telja sig hafa skyldur við samfélagið og sannleikann en Davíð telur sig hafa skyldur við sjálfan sig og arfleifð sína ...

eiga blað ef maður má svo ekkert njóta þess í umfjöllun? Á því er sú einfalda skýring að sjálf söluvaran er trúverðugleiki blaðsins og um leið og maður fer að skipta sér af skrifum blaðsins – um leið og vaknar grunsemdarvottur um slíkt – þá hverfur trúverðugleikinn. Og maður nýtur einskis í umfjölluninni en situr uppi með ónýta vöru.



FYRIR ELDRI BORGARA

Glæsilegar þjónustu- og öryggisíbúðir í fallegu umhverfi

Að Boðabingi 22 Kópavogi er nú hafin úthlutun á tveggja og þriggja herbergja leiguíbúðum. Þar er unnið að lokafrágangi á öðrum áfanga og eru verklok í apríl 2013. Frá íbúðunum er innangengt að hjúkrunarheimili DAS og þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara þar sem meðal annars er dagvistun, mötuneyti, sundlaug, sjúkraþjálfun og önnur fjölbreytt þjónusta.

Góðir kostir

- Rúmgóðar, vandaðar og bjartar íbúðir
- Stórar flísalagðar svalir með gustlokun
- Innangengt í þjónustumiðstöðina Boðann
- Aðgangur að þjónustu hjúkrunarfræðinga
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn
- Sjúkraþjálfun og tækjasalur
- Dagdvöl
- Matsalur
- Sundlaug og heitir pottar
- Hárgreiðslustofa
- Fótaaðgerðarstofa
- Fjölbreytt félagslíf
- Þúttvöllur
- Fjölbreyttar gönguleiðir
- Góð bílastæði

Lausar leiguíbúðir við Hraunvang

Við Hrafnistu í Hafnarfirði eru örfáar tveggja- og þriggja herbergja glæsilegar og rúmgóðar þjónustuíbúðir lausar. Þær eru við Hraunvang 1 og 3 og er innangengt úr íbúðunum í bílakjallara og þjónustukjarna Hrafnistu. Þar er meðal annars mötuneyti, sundlaug, sjúkraþjálfun og önnur fjölbreytt þjónusta.

Sýndar alla virka daga

Lausar íbúðir eru sýndar áhugasömum alla virka daga. Allar nánari upplýsingar fást í síma 585 9301 og 585 9302 á skrifstofutíma eða sendið tölvupóst til jona.karlsdottir@hrafnista.is. Sjá nánar á heimasíðunni hrafnista.is.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Foreldrar eru meginábyrgð á aðstandi af börnum sínum, andlegum og físiðlegum þessum börna. Sjáðu.

PÁSKATILBOÐ

Sölumenn okkar eru komnir í páskagírinn og bjóða margar gerðir af sparneytnum fjórhjóladrifnum bílum á spennandi páskatilboði

SKYNSAMLEG KAUP
Hrikalega gott verð



DACIA DUSTER – 4x4

Disil, beinskiptur. Verð 4.090 þús. kr.

Eyósla: **5,1 l/100 km***

VINSÆLASTI SPORTJEPPINN
Samkvæmt Umferðarstofu 2012



NISSAN QASHQAI – 4x4

Disil, beinskiptur. Verð 5.090 þús. kr.

Eyósla: **4,6 l/100 km***

SPARNEYTINN SUBARU
Ný vél, aukinn bensinsparnaður



SUBARU XV – 4x4

Bensin, beinskiptur. Verð 5.590 þús. kr.

Eyósla: **6,6 l/100 km***

SKEMMTILEGASTI KOSTURINN
Ei þú vilt góðan jepping með öllu



NISSAN X-TRAIL – 4x4

Disil, sjálfkiptur. Verð 6.690 þús. kr.

Eyósla: **7,1 l/100 km***

SPENNANDI TILBOÐ

Verið velkomin í reynsluakstur og látið sölumenn okkar gera ykkur spennandi tilboð í nýjan fjórhjóladrifinn bíl – fyrir páska.

Tölum saman

SAMFÉLAG



Bryndís Jónsdóttir
framkvæmdastjóri SAMFOK



Margrét V. Helgadóttir
formaður SAMFOK

Á undanförunum vikum og mánuðum hafa málefni íslenskra ungmenna verið í brennidepli. Við höfum heyrt og séð dæmi um áberandi kvenfyrirlitningu, kynjamisrétti og klámvæðingu og séð þau neikvæðu áhrif sem þessi samfélagsmenning hefur á viðhorf, athafnir og orðræðu unga fólksins okkar. Sem betur fer hafa viðvörðunarbjóllur kviknað og fjöldi fólks lýst yfir áhyggjum af þessu ástandi, eða brugðist við með einhverjum hætti.

Við Íslendingar erum rík af því að eiga fullt af frábærum, flottum og metnaðarfullum unglungum sem við getum verið afar stolt af. En því miður hvílir skuggi yfir of stórum hópi þessarar ungu kynslóðar. Dæmin hafa sýnt og sannað að undanförunu að mikil viðhorfsbreyting í siðferði hefur orðið hjá hluta ungu kynslóðarinnar.

Það er erfitt að nefna eina einstaka ástæðu fyrir þessari viðhorfsbreytingu en í þjóðfélagsmælingum hafa ýmsir áhrifavaldir verið nefndir, svo sem mikið sjónvarpsáhorf, tölvuleikir og notkun samfélagsmiðla. Í þessum miðlum virðist stundum sem allt sé leyfilegt og fáir kippa sér upp við að í kvikmyndum og tónlistarmyndböndum sé ofbeldi, klám og önnur neikvæð

hegðun normaliseruð. Við sem foreldrar getum ekki breytt sjónvarpsdagskránni eða þróun tækninnar en við getum ekki staðið hjá án þess að gera neitt. Ungmennin í dag eru stöðugt nettengd, hvort sem það er við heimilistölvuna, í skólanum eða símanum sínum. Á netinu eru hættur sem ber að varast og þá reynir á hlutverk okkar og ábyrgð sem foreldrar. Við getum sest niður hjá þeim og fylgst með hvaða síður þau eru að skoða, við hverja þau eiga samskipti í gegnum netið og rætt um ábyrga netnotkun. Við þurfum að setja þeim reglur og fylgja þeim eftir.

Byggjum brú

Það er staðreynd að unga fólkið okkar er að skoða klám í auknum mæli. Niðurstöður rannsókna sem Háskólinn á Akureyri birti í júlí 2012 sýna að íslenskir unglingar sækja mest í klám af þeim átta löndum sem rannsóknin náði til. Er þetta ásættanleg þróun? Við þurfum að velja því fyrir okkur hver skilaboðin eru með því að aðhafast ekkert. Viljum við að börnin okkar alist upp við kvenfyrirlitningu, niðurlægingu og þekkingarleysi á muninum á kynlífi og klámi? Hvernig eiga unglungarnir okkar að vita hvar línan liggur, ef við, foreldrarinn, stöndum ekki upp núna og segja hingað og ekki lengra og krefjumst betra samfélags fyrir börnin okkar?

Við hjá SAMFOK, samtökum foreldra grunnskólabarna, höfum miklar áhyggjur af þessari þróun mála hjá ungu kynslóðinni og ákváðum sl. haust að leggja megináhersluna í vetur á að fara í samstarf við foreldrafélög í grunnskólum og styrkja þau til að bjóða upp á Tölum Saman verkefnið í sínum skólum. Þetta eru fyrir-

→ Viljum við að börnin okkar alist upp við kvenfyrirlitningu, niðurlægingu og þekkingarleysi á muninum á kynlífi og klámi?

lestrar fagfólks sem ætlað er að byggja brú milli foreldra og unglunga í umræðunni um kynlíf, kynhegðun og kynheilbrigði. Það er einlæg ósk okkar að sem flestir foreldrar noti tækifærið og sækji þessa fyrirlestra þegar boðið verður upp á þá í þeirra grunnskóla. Það er stöðuleiðis mikið fagnaðarefni að stuttmyndin Fáðu Já hefur verið sýnd í flestum grunnskólum landsins á undanförunum vikum. Sú mynd mun vafalaust gefa unglungum skýrari skilaboð. Notum tækifærið og ræðum þessi mál við börnin okkar þegar þau segja okkur frá því að myndin hafi verið sýnd í þeirra skóla, og gefa okkur þar með tækifæri til að ræða þetta viðkvæma en vandmeðfarna mál.

Frelsi fylgir ábyrgð. Ef við viljum að börnin okkar upplifi allt þetta ofboðslega frelsi sem fylgir netinu og sjónvarpinu, þá er það okkar sem foreldra að setja mörk og hjálpa þeim að þekkja muninn á réttu og röngu. Við þurfum að hjálpa þeim að þekkja almenn siðferðismörk, horfa á hluti og athafnir með gagnrýnum augum og kenna þeim að taka skynsamlegar ákvarðanir. Við getum ekki ásakað einhvern einn aðila um hvernig staðan er í samfélaginu í dag. Ástæðurnar eru svo margþættar. En við verðum að líta í eigin barm sem uppalundur og virkir samfélagsþegnar og taka höndum saman um á snúa þessari óheillapröun við. Þetta er samvinnuáttak okkar allra.

Gefum heilanum gaum! Alþjóðleg heilavika

Vikuna 11.–17. mars næstkomandi verður heilanum gefinn sérstakur gaumur, bæði í Fréttablaðinu sem og víða um heim. Fræðsluvika þessi, sem á ensku nefnist Brain Awareness Week, hefur verið skipulögð af bandarískum góðgerðarsamtökum, Dana Foundation, síðan árið 1996. Frá 1996 hafa þátttakendur í 82 löndum tekið þátt í þessari kynningarviku. Meðal annars hafa háskólar og sjúklingasamtök staðið fyrir fræðslu á ýmsum vettvangi, svo sem í grunnskólum, fjölmíðlum og á götum úti. Allt með það að markmiði að efla almenna þekkingu á heilanum.

Að þessu sinni hyggjast taugasálfræðingar á Landspítalanum taka þátt í þessu verkefni í fyrsta sinn fyrir hönd Íslands. Markmiðið er

HEILBRIGÐIS-MÁL



María K. Jónsdóttir
Ph.D., sérfræðingur í klínískri taugasálfræði og verkefnisstjóri í taugasálfræði, sálfræðipjónusta LSH – Landakoti

að vekja athygli á þessu stórbrotna líffæri okkar, heilanum. Við munum birta nokkrar greinar sem tengjast heilanum og heilahreysti. Í tilefni af heilavikunni verður einnig opnuð bloggsíða á íslensku um heilann (heilahreysti.about-brains.com) þar sem fjallað verður um heilann á fjölbreyttan hátt.

Að mati okkar sem vinnum með sjúklingum með heilaskaða og heilaskjúkdóma og stundum rannsóknir á þessu sviði er þörf á að efla almenna þekkingu á heilanum og starfsemi hans. Sem betur

fer hefur orðið mikil vitundarvakning varðandi mikilvægi þess að hugsa vel um líkamann. En það er eins og það gleymist stundum að heilinn sé hluti líkamans og að hans þurfi einnig að gæta. Margir eru

→ Vonandi munu fleiri héraendur þátttakendur bættast í hópinn til að efla almenna þekkingu á heilanum.

sér þess ekki meðvitaðir að hægt sé að hafa áhrif á heilbrigði heilans og telja að heilinn sé óbreytanlegur eftir ákveðinn aldur. Jafnvel heyrst sagt að við notum bara hluta hans. Aðrar ranghugmyndir um heilann lifa enn góðu lífi. Til dæmis heyrst það viðhorf að ung börn þoli heilaáverka betur en þeir sem eldri eru. Ranghugmyndir sem þessar geta beinlínis verið skaðlegar heilsu fólks og mikilvægt er að leiðrétta þær.

Vonandi munu fleiri héraendur þátttakendur bættast í hópinn á næsta ári til að efla almenna þekkingu á heilanum. Til frekari upplýsingar má benda á heimasíðu heilavikunnar: <http://www.dana.org/brainweek/>

Kæri kjósandi!

Taktu upplýsta afstöðu! Láttu ekki stjórnsmálsmenn, flokkslíkur eða stofnanir segja þér hvað þér eigi að finna um mikilvæg málefni. Döggun er aldrei af hinu góða. Hvers vegna vilja til dæmis öfgafullir trúarhópar meina stúlkum að ganga í skóla? Hvers vegna hafa einræðisherrar og öfgahreyfingar víða um heim og á öllum tímum stundað bókabrennur (nú síðast í Malí)? Hvers vegna reyna ríkjandi valdhafar sumra ríkja að takmarka aðgang að alnetinu og ritskoda efni þess? Jú, svarið er einfalt: Það er auðveldara að stjórna óupplýstum lýð! Hvers vegna reyna sumir að stöðva rannsókn og umfjöllun á afbrotum liðinnar tíðar og þagga

STJÓRNMÁL



Árni Þorvaldur Jónsson
arkitekt

niður í gagnrýnisróddum? Hvers vegna hvetja þeir kjósendur til að horfa fram á veginn og (þar með) hugsa minna um það sem á undan er gengið? Svarið er augljóst: Því minna sem við vitum og því fyrr sem við gleymum, þeim mun fyrr geta menn tekið upp fyrri iðju og endurtekið afbrotin.

Hvers vegna vilja sumir að við ljúkum ekki samningaviðræðum við Evrópusambandið? Er það ekki jafn augljóst? Þannig er auðveldara að segja okkur hvað okkur eigi að finna, hvað við eigum að kjósa, ef við fáum þá að kjósa um það yfirhöfuð.

Þessi afstaða er af sama meidi og mannsins sem þurfti að fá lánáðan tjakk til að geta skipt um dekk á bílnum sínum en gaf sér

→ Ég er ekki í neinu framboði eða að mæla fyrir einhverri flokkslínu.

niðurstöðuna fyrir fram og hreytti framan í bóndann sem kom til dyra: „Þú getur bara átt þennan helv*#\$ tjakk sjálfur!“ Erum við ekki í stöðu þessa manns? Við þurfum „að skipta um dekk á bílnum svo við getum ekið“ fram veginn til betri tíma. Er ekki sjálfsagt að kanna hvaða aðstoð við getum fengið til þess? Ekki getum við lyft bílnum með handafli og skipt um dekk um leið!

Ég er ekki í neinu framboði eða að mæla fyrir einhverri flokkslínu. Ég er einfaldlega að mæla fyrir framgangi kynseminnar, og því að fá að taka upplýsta afstöðu þegar þar að kemur.

Geðheilbrigðismál barna eru forgangsmál

Í mínu daglega starfi kem ég oft að málefnum barna með misalvarlegar geðraskanir og þekki því mjög vel þá þröskulda sem mæta bæði börnum og foreldrum. Það er mín tilfinning að á undanförunum árum hafi þeim börnum fjölgað sem sýna ýmiss konar kvíðaraskanir og vanlíðan. Á hverjum degi glímur fjöldi fjölskyldna við vandamál sem fylgja geðröskun barna og unglunga. Fjölskyldur upplifa erfiðleika og vanmátt

HEILBRIGÐIS-MÁL



Fanný Gunnarsdóttir skipar 4. sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík-norður

en sjaldnast býðst sérstök meðferð hjá sálfræðingum skólanna, málum er vísað áfram innan kerfisins eða út til sjálfstætt starfandi fagfólks.

Í framhaldsskólum er jafnvel enn erfiðara að fá aðstoð sálfræðinga og hjúkrunarfræðinga. Það er mikið rætt um hátt brottfall úr framhaldsskólum og því ekki úr vegi að spyrja sig hvort skortur á forvörnum, ráðgjöf og aðstoð þegar kemur að

geðrænum vandamálum geti átt sinn þátt í brottfallinu. En í gegnum ráðgjöf fá nemendur aðstoð og ráðleggingar og þar gefst þeim tækifæri til að tjá sig um líðan sína og upplifun.

Þó svo að við sem samfélag verðum að sýna aðhald í útgjöldum er ég sannfærð um að með aukinni ráðgjöf og snemmtækri íhlutun sparist í raun háar upphæðir, fyrir utan aðalávinningsinn, sem er bætt líðan og geðheilbrigði yngstu kynslóðanna, og það dregur úr álagi á fjölskyldur. Það er nauðsynlegt að standa vörð um starfsemina

á BUGL. Auk þess endurskoða skipulag og starfsferla á deildinni, athuga hvort ekki sé hægt að tengja enn betur saman þjónustu sveitarfélaga og ríkis og skoða með hvaða hætti foreldrar fái stuðning við að leita til sjálfstætt starfandi fagfólks. Í samfélagi sem þarf að forgangsraða fjármunum getur verið erfitt að velja og hafna en við höfum ekki rétt á að horfa í hina áttina þegar kemur að andlegri velferð barnanna okkar. Við verðum að vera vel á verði, tryggja góðar forvarnar, greiningar, úrræði og eftirfylgd.

→ Í dag er aðeins hægt að aðstoða þau börn sem að mati sérfræðinga á BUGL glíma við hvað erfiðastan vanda. Önnur börn, sem ekki eru eins illa stödd, fá ekki aðstoð þó svo að þeirra staða sé slæm og raski á ýmsa vegu vellíðan og daglegu lífi þeirra.

við að rekja sig áfram í kerfinu og leita eftir þeirri aðstoð sem þörf er á. Það er óásættanlegt að búa við þær aðstæður að aðeins þau börn sem eiga mjög erfitt komist nær fyrirvaralaust til fagfólks, en samt getur sú bið skipt vikum eða mánuðum. Öll börn sem á einhverntíð hátt glíma við geðraskanir eiga rétt á aðgengilegri aðstoð fagfólks. Því fyrr sem hægt er að grípa inn í og vinna með barnið, þeim mun líklegra er að góður árangur náist.

Framsóknarflokkur álitur að unnt væri að hjálpa mun fyrr fleiri börnum og unglungum ef heilugæslustöðvarnar hefðu á að skipa teymi sérfræðinga með sálfræðingum og félagsráðgjöfum. Það þarf að auka stoðþjónustu í grunn- og framhaldsskólum; náms- og starfsráðgjöf og félagsráðgjöf en jafnframt auka aðgengi að sálfræðingum og skólahjúkrunarfræðingum. Það er ekki nægilegt að sinna aðeins veiku barni. Foreldrar þurfa á góðri ráðgjöf að halda og systkini þurfa líka sinn stuðning. Það segir sig sjálft að fjölskyldutengsl og daglegt líf inni á heimilum barna með geðraskanir fara úr skordum og oft hefur ástandið varað árum saman þegar aðstoð fæst.

Viðvarandi biðlisti

Með reglulegu millibili er rætt um skort á þjónustu við börn og unglunga sem glíma við geðræn vandamál. Fyrr í vetur var rætt um hugmyndir um að loka aðstöðu á Sjúkrahúsinu á Akureyri og í tengslum við þá umfjöllun kom fram að á Barna- og unglungageðdeildinni – BUGL – er viðvarandi biðlisti, allt að ári. Ef af lokun verður fyrir norðan má gera ráð fyrir að álagið aukist enn frekar á BUGL og biðlistar lengist en að jafnaði má reikna með að um hundrað börn séu á biðlista. Í dag er aðeins hægt að aðstoða þau börn sem að mati sérfræðinga á BUGL glíma við hvað erfiðastan vanda. Önnur börn, sem ekki eru eins illa stödd, fá ekki aðstoð þó svo að þeirra staða sé slæm og raski á ýmsa vegu vellíðan og daglegu lífi þeirra. Í þeim tilfellum verða foreldrar að greiða fyrir kostnaðarsama þjónustu sálfræðinga og lækna úti í bæ. Hver vika og hver mánuður sem líður án þess að veikt barn fái hjálp er óviðunandi. Þeir sem eiga börn með geðraskanir eða vinna með krökkunum finna sárlega fyrir skorti á úrræðum og þjónustu. Með þessu er á engan hátt verið að hallmæla því starfi sem fagfólk er að sinna dagsdaglega, heldur verið að vekja athygli á því að enn betur þarf að sinna þessum málaflokki.

Efla ætti nærþjónustu

Það þarf að grípa sem fyrst inn í ef barn eða unglingur sýnir merki röskunar á geði. Almennur kennari í leik-, grunn- eða framhaldsskóla hefur litla sem enga sérþekkingu á meðhöndlun geðraskanana. Öll skólastig reyna eftir bestu getu að sinna þessum nemendum en eins og staðan er í dag er álagið á skólana gríðarlegt. Skólakerfi okkar er alls ekki í stakk búið að sinna börnum með geðraskanir svo vel sé. Þó svo að börn að 18 ára aldri hafi aðgang að sálfræðingum á vegum sveitarfélags eru þeir í flestum tilfellum störfum hlaðnir og biðlistar mæta þeim sem kalla eftir hjálp. Síðan tekur við greining vandans



Við bjóðum námskeið og fræðslu

Fundur um séreignarsparnað 12. mars

Íslandsbanki og VÍB bjóða á fróðlegan fund um séreignarsparnað. Fáðu yfirsýn yfir þær fjölmörgu ávöxtunarleiðir sem eru í boði og vertu klár á réttindum þínum varðandi séreignarsparnað.

- Á ég rétt á launahækkun?
- Hver er munurinn á séreignar- og skyldusparnaði?
- Hvenær og hvernig má ég taka séreignina mína út?
- Hvernig er sparnaðurinn skattlagður?
- Hvaða ávöxtunarleiðir eru í boði?

Fundurinn er öllum opin og verður haldinn í útibúi Íslandsbanka á Kirkjusandi. Boðið verður upp á kaffiveitingar.

Þriðjudaginn 12. mars kl. 16.30 - 17.30



Nánari upplýsingar og skráning á islandsbanki.is/namskeid

Meniga námskeið 14. mars

Nýttu þér ókeypis námskeið Íslandsbanka í Meniga heimilisbókhaldinu.

Meniga heimilisbókhaldið, sem nú er hluti af Netbanka Íslandsbanka, hjálpar þér að ná yfirsýn yfir fjármál heimilisins og finna raunhæfar leiðir til sparnaðar.

Næsta námskeið verður í húsnæði Íslandsbanka á Suðurlandsbraut 14, 3. hæð (innangangur á vesturgafli).

Boðið verður upp á samlokur og gos.

Fimmtudaginn 14. mars kl. 17.30 - 19.30



Nánari upplýsingar og skráning á islandsbanki.is/namskeid

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000



Gráa gullið á vinnumarkaði

Að meðaltali er fjórðungur atvinnuleitenda hérlendis 50 ára og eldri. Margt bendir til þess að þeir einstaklingar sem eru komnir yfir miðjan aldur og verða fyrir því að missa vinnuna eigi erfiðara en hinir sem yngri eru með að fá starf að nýju. Svo virðist vera sem langtímaatvinnuleysi hjá þeim sé meira en yngri hópum. Fljótlega eftir að VR hóf að þjónusta atvinnulausa félagsmenn sína í ágúst síðastliðnum urðu atvinnuráðgjafar félagsins varir við það viðhorf meðal atvinnuleitenda að það „þýði ekki fyrir“ fólk yfir fimmtugu að sækja um ákveðin störf þar sem það sé ekki með „rétt“ kennitölu. Það er því gjarnan upplifun þeirra að atvinnurekendur telji þá of gamla í starfið – það taki því jafnvel ekki að ráða þá og þjálfva upp.

Margir lýsa þeirri sannfæringu sinni að umsóknir þeirra strandi á kennitölu og þær séu ekki einu sinni skoðaðar. Þetta er viðhorf sem margir atvinnuleitendur á fyrrnefndu aldursskeiði hafa til atvinnuleitarinnar – að þeir fái ekki, vegna aldurs síns, tækifæri til að keppa á jafnréttisgrundvelli við yngri umsækjendur.

Reynslan skiptir máli

Því hefur lengi verið haldið fram að tengsl milli langtímaatvinnuleysis og lítillar formlegrar menntunar séu ótvíræð. Þegar þessi hópur er skoðaður

ATVINNA



Stefán Einar Stefánsson
formaður VR

er ekki endilega fylgni þar á milli. Til að mynda eru 406 atvinnulausir félagsmenn VR á aldrinum 50 til 70 ára. Þar af eru 86 þeirra með háskólapróf, 46 með lög-gilt iðnnám, 63 félagsmenn hafa lokið starfsnámi ýmiss konar, 160 með grunnskólapróf og 51 sem hefur lokið námi til stúdentsprófs. Þetta

er því fjölbreyttur hópur sem gjarnan hefur mikla og fjölbreytta starfsreynslu að baki. Endurmenntun og margs konar símenntun er einnig orðin algengari en áður tíðkaðist og fjölmargir í þessum hópi hafa sótt ýmis námskeið eða lagt stund á nám sem gerir þá hæfari til þátttöku á vinnumarkaði. Í aðstæðum þar sem reynsla og menntun eiga að skera úr um hæfni geta atvinnurekendur ekki litið fram hjá þeirri lífsreynslu sem einstaklingur öðlast með árunum, reynslu sem enginn skóli getur kennt. Þess konar reynsla er ómetanleg fyrir atvinnulíf, ekki síður en samfélagið í víðari skilningi.

Rannsóknir hafa einnig sýnt að starfsmenn á þessu aldrarskeiði eru að jafnaði tryggari starfsmenn en þeir sem yngri eru. Þeir endast lengur í starfi hjá sama vinnuveitanda, eru með færri veikindadaga og hafa aðrar fjölskyldutengdar skyldur en þeir sem yngri eru.

Það er á vissan hátt sérkennt að atvinnurekendur hafi ekki lært að meta þau verðmæti sem felast í aldri og reynslu.

→ Í aðstæðum þar sem reynsla og menntun eiga að skera úr um hæfni geta atvinnurekendur ekki litið fram hjá þeirri lífsreynslu sem einstaklingur öðlast með árunum, reynslu sem enginn skóli getur kennt. Þess konar reynsla er ómetanleg fyrir atvinnulíf, ekki síður en samfélagið í víðari skilningi.

Jafnvel má halda því fram að í þeim efnum hafi okkur farið aftur á síðastliðnum áratugum. Það er þekkt staðreynd innan stjórnumarfræða að blönduðum vinnustöðum hvað kyn og aldur varðar vegnar að jafnaði betur en þeim sem byggja á einsleitum hópi starfsmanna. Það er því spurning hvort atvinnurekendur séu að nota rétta mælikvarða þegar þeir bera saman menntun og reynslu? Er reynslan of léttvæg fundin?

Gull sem ekki glóir

Þetta eru áleitnar spurningar sem við getum ekki hunsað. Sem samfélag höfum við ekki efni á að ganga fram hjá sterkum umsækjendum á grundvelli aldurs. Þeir sem eldri eru búa yfir gífurlegum verðmætum sem enginn atvinnurekandi ætti að líta fram hjá þegar verið er að velja nýjan starfskraft til fyrirtækis – verðmætin sem felast í „gráa gullinu“ ættu að vera öllum ljós. Þar er á ferðinni verðmætt gull, þó ekki glói á.

Framsókn fyrir heimilin

STJÓRN MÁL



Sigrún Magnúsdóttir
skipar 2. sæti
Framsóknarflokks
í Reykjavík norður



Vigdís Hauksdóttir
þingmaður
Framsóknarflokks í
Reykjavík suður

→ Öllum einstaklingum á að líða vel á heimilum sínum og eiga rétt á að eiga sitt heimili.

mat einu sinni í viku. Stórkostlegt. Jafnframt lýsti hún vel þrá sinni að gefa af sér fyrir aðra. Með dugnaði og styrki aðstoð foreldra og bræðra sem og Flensborgarskóla er hún komin í diplómanám í Háskóla Íslands. Hún vonast til að geta liðsinnt börnum á leikskólum í framtíðinni.

Heimili er og verður grundvallar-eining í okkar samfélagi. Heimili geta verið af ýmsum toga. Heimili tákna ekki einungis skjól utan um svokallaða kjarnafjölskyldu.

Stefnuskrá Landssamtakanna Þroskahjálpar byggir í grundvallaratriðum á alþjóðlegum mannréttindasáttmálum sem Íslendingar hafa undirritað og tekur hún mið af mannréttindum sem flestir njóta nú þegar. Eitt stefnumarkmið Þroskahjálpar ber heitið „Allir eiga rétt á heimili“ og þýðir að í nútímasamfélagi verði litið á eigið heimili sem sjálfsgöð mannréttindi, enda tengist það sjálfsmynd, friðhelgi einkalífs og sjálfstæði orjúfanlegum böndum. Síðan segir: „Fólk með sérstakar þarfir vegna fötlunar á tilkall til þessara mannréttinda eins og allir aðrir.“

Öllum einstaklingum á að líða vel á heimilum sínum og eiga rétt á að eiga sitt heimili. Það á við um fatlaða sem ófatlaða einstaklinga. Framsókn ætlar sér að vera öflugur málsvari heimilanna í landinu.

AF NETINU

Vandræðagangur í turnunum tveimur

Innan Sjálfstæðisflokksins er deilt vegna Evrópumála, en einnig ríkir óánægja meðal margra flokksmanna vegna afstöðunnar til skuldamála og svo vegna þess að formaðurinn þykir ekki nógu trúverðugur. Upp úr sauð vegna Evrópumálanna í vikunni – það ganga hnútur milli gamalla Sjálfstæðismanna og ritstjóra Morgunblaðsins, sem þykir ráða alltof miklu bak við tjöldin.

Það var nú gamall félagi hans, Geir Waage, sem lagði fram landsfundartillögum sem fór svo fyrir brjósti á Evrópusinum.

[...]

Landsfundurinn í síðasta mánuði afhjúpaði í raun veikleika í flokknum fremur en að sýna styrk hans, eins og stefnt er að á slíkum samkomum.

Kosningasigurinn sem Sjálfstæðismenn létu sig dreyma um fyrr á kjörtímabilinu fjarlægist nú óðum. Meðan ástandið er svona í flokknum eykst fylgið varla. Á meðan dafnar Framsóknarflokkurinn – slagkrafturinn á þeim bæ er ólíkt meiri.

pressan.is/silfuregils

Egill Helgason

Megum ekki vita

Við megum ekki vita hvað Geir sagði við Davíð. Eða hvað Davíð sagði við Geir. Við vitum að það var eitthvað um 80 milljarða lán en það kemur okkur ekki við. Þetta voru sko peningar Seðlabankans en ekki okkar. Davíð er líka búinn að útskýra fyrir okkur að þetta símtal hafi ekki verið neitt merkilegt og fyrst Davíð segir það sjálfur þá getum við andað létta. Ég meina það var hann sjálfur sem lánaði helling af peningum. Sem hann átti en ekki við. Eða sko sem Seðlabankinn hans átti og þar með hann sjálfur. Einhvern veginn svoleiðis.

blog.pressan.is/evahauks

Eva Hauksdóttir



Morgunverðarfundur AMIS

VIÐRÆÐUR BANDARÍKJANNA OG ESB UM FRÍVERSLUNARSAMNING - HAGSMUNIR ÍSLANDS -

Viðræður milli Bandaríkjanna og Evrópusambandsins um fríverslunarsamning hefjast í sumar. Fari svo að samningar náist er um að ræða umfangsmesta fríverslunarsamning sögunnar.

Margar spurningar vakna um hagsmuni Íslands: Munu EFTA ríkin fá aðild að samningnum? Af hverju fara þessar viðræður af stað núna? Lækkar verð á bandarískum vörum á Íslandi?

Aðalerindi fundarins:



Jón Sigurðsson
Forstjóri Össurar

Á flekaskilum - sökkva eða stökkva?

Fundastjóri:



Kristján Kristjánsson
Upplýsingafulltrúi
Landsbankans

Hvar: Icelandair hótel Reykjavík Natura

Hvenær: 12. mars

Klukkan: 8.15-10.00

Fundur með morgunverði 3.900 kr.

Fundarmál: Enska

Skráning: www.vi.is/eydublod/amis

Viðbrögð:



Luis Arreaga
Sendiherra Bandaríkjanna



Henrik Bendixen
Yfirmaður stækkunarmáladeildar Sendiskrifstofu ESB á Íslandi og settur sendifulltrúi



Bergdís Ellertsdóttir
Skrifstofustjóri alþjóðaskrifstofu utanríkisráðuneytisins
Viðbrögð íslenskra stjórnvalda





Startup

Reykjavík

Arion banki
Innovit
Klax

ERT ÞÚ MEÐ HUGMYND?

Nýsköpunarverkefnið Startup Reykjavík er að fara af stað í annað sinn. Allir sem eru með snjalla nýsköpunarhugmynd geta sótt um. Tíu bestu hugmyndirnar verða valdar og fá aðstandendur þeirra vinnuáðstöðu, 2.000.000 kr. í hlutafé frá Arion banka og 10 vikna þjálfun hjá mentorum.

Í fyrra bárust 180 umsóknir - **verður þín hugmynd með í ár?**

Komdu á kynningarfund í höfuðstöðvum Arion banka þriðjudaginn 12. mars kl. 17.30.

Skráning og nánari upplýsingar á arionbanki.is.

 Arion banki

MERKISATBURÐIR

- 1810** Napóleon Bonaparte gengur að eiga Maríu Lovísu, dóttur Frans 1. Austurríkiskeisara.
- 1894** Fyrsta kókflaskan er seld í sælgætisbúð í bænum Vicksburg í Mississippi.
- 1907** Íþróttafélag Reykjavíkur er stofnað.
- 1922** Mahatma Gandhi er fangelsaður fyrir borgaralega óhlýðni.
- 1935** Frönsk skonnorta strandar á Slýjafjöru í Vestur-Skaftafellssýslu.
- 1941** Línuveiðarinn Fróði verður fyrir árás þýsks kafbáts suður af Vestmannaeyjum. Fimm sjómenn fórust í árásinni.
- 1950** Kvikmynd Óskars Gíslasonar, Síðasti bærinn í dalnum, er frumsýnd.
- 1971** Lög eru sett um happdrættislaán ríkissjóðs til fjáröflunar fyrir veg- og brúargerð um Skeiðarársand.
- 1984** Vélbáturinn Hellisey frá Vestmannaeyjum sekkur og allir farast nema einn maður, Guðlaugur Friðþórsson.
- 1990** Litháen verður sjálfstætt ríki með Vytautas Landsbergis sem forseta.
- 2001** Jón Arnar Magnússon, hlýtur silfurverðlaun í sjöþraut á heimsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum innanhúss.

PETTA GERÐIST: 11. MARS 1985

Gorbatsjov verður leiðtogi Sovétríkjanna



Mikhail Gorbatsjov varð aðalritari Kommúnistaflokks Sovétríkjanna þennan mánaðardag árið 1985. Hann tók við leiðtogaembættinu af Konstantín



exquisit

EKC-601R keramik helluborð
Með örfinum stálkanti, snertitökkum og XL hellu. Stílhreint og flott borð.
Fullt verð kr 59.900

GÁMASALA KR.
69.900
SPARAÐU 20.000



Electrolux

EHF-16240XK keramik helluborð
Með stálkanti, snertitökkum og XL hellu. Glæsilegt borð á mögnuðu verði.
Fullt verð kr 89.900

SPAN

GÁMASALA KR.
119.900
SPARAÐU 20.000



Electrolux

EHH-6340FOK spanhelluborð
Með snertitökkum, Booster hellum og XL hellu. Afliðandi glerkantur. Allt að 50% tímasparnaður með spansuðu.
Fullt verð kr 139.900

SPAN

XXL 78 CM

★★★★ TOPP-MODEL

KYNNINGARVERÐ KR.
199.900
SPARAÐU 50.000



AEG

HK-884400IG spanhelluborð
Toppómódel frá AEG með MaxiSight TFT litaskjá, beinvali og XXL hellum án stærðartakmarkana. Hægt að fræsa ofan í borðplötu
Fullt verð kr 249.900

STÁL

GÁMASALA KR.
22.900
GÁMASALA



Electrolux

EFT-635X eldhúsvífta
Flott eldhúsvífta í burstuðu stáli með þremur hraðastillingum.
2 x 40W ljós.
Þvoanlegar málmfitusíur í ramma.
HxBxD: 13,2 x 59,8 x 51 cm
Fullt verð kr 24.900

90 CM

GÁMASALA KR.
64.950
50% AFSLÁTTUR

Electrolux

EFC-9506U/S Eyjuháfur. Afköst 550 m³/klst.
Fullt verð kr. 129.900

110 CM

GÁMASALA KR.
74.950
50% AFSLÁTTUR

Küppersbusch

IKD-1157.1GE Eyjuháfur. Afköst 800 m³/klst.
Áður kr. 149.900

50%
AFSLÁTTUR
SÝNINGAREINTÖK

90 CM

GÁMASALA KR.
84.950
50% AFSLÁTTUR

Electrolux

EFC-9536X/S Veggháfur. Afköst 550 m³/klst.
Fullt verð kr. 169.900



TRISTAR

OV-1418 Grillofn með snúningsteini
28 lítra grillofn með snúningsmótor og grillteini, 5 eldunarkerfum, klukku og hitastilli 0-250°C. 1500W. Fullt verð kr. 29.900

Electrolux

EKC-6051FOW eldavél
Flott eldavél með keramik helluborði og vönduðum XXL blástursofni.
74 lítra ofn með 7 eldunarkerfum.
4 hellur þ.á.m. ein XXL stór hella.
UltraFan Plus blástursofn.
Geymsluskúffa.
HxBxD: 85-93,5 x 59,5 x 60 cm

GÁMASALA KR.
139.900
GÁMASALA!



Rafha

Opið virka daga 9-18
laugardaga 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Allt á einum stað hjá Fríform

Við val á eldhústækjum er óþarfi að flækja málin um of. Hjá Fríform fást öll helstu tæki og þjónusta á einum stað; helluborð, eldavélar, ofnar, viftur, háfar, kæliskápar og innréttingar. Þar er líka rekið trésmíða- og raftækjaverkstæði og þar eru fagmenn sem sjá um uppsetningu og þjónustu frá a-ö.

Við seljum virkilega vönduð eldhústæki og innréttingar ásamt því að reka smíða- og raftækjaverkstæði samhliða því," segir Björn Leví Viðarsson, eigandi Fríforms.

Björn Leví stofnaði Fríform árið 2000 ásamt föður sínum, Viðari Kornerup-Hansen, en Fríform flytur inn og selur eldhústæki frá fjórum aðilum. „Elba er glæsileg vörulína frá Ítalíu sem við höfum verið með frá upphafi og hefur reynst einstaklega vel. Þetta eru helluborð í flestum gerðum, innbyggðir ofnar, veggviftur, vegg- og eyjuháfar og uppvottavélar.“ Trésmíðir og rafvirkjar á vegum Fríforms koma svo öllu fyrir ef einhverrar aðlögunar er þörf. „Ef þarf að breyta borðplötu, laga skáp eða eitthvað slíkt fyrir nýtt eldhústæki þá getum við séð um það frá a-ö sé þess óskað.“

Snaige-kæliskáparnar frá Litháen hafa verið í sölu hjá Fríform undanfarin átta ár og hafa gefið mjög góða raun, endast vel og eru á góðu verði. „Þetta eru hefðbundnir kæli- og

frystiskápar í stöðluðum stærðum. Allt frá 80 til 200 sentímetra háir og fást í mörgum mismunandi litum og útfærslum. Svo erum við með helluborð, veggháfa, viftur, örbylgjuofna og fleira frá Scan í Danmörku og svo helluborð frá Zebra í Ítalíu.“

Aðaláhersla Fríforms hefur þó ávallt verið á innréttingar en þar eru seldar danskar gæðainnréttingar. „Í flestum tilfellum þegar innrétting er keypt tekur fólk raftæki frá okkur í leiðinni. Við mætum á svæðið og setjum allt upp. Þægilegra getur það vart verið.“ Ef eitthvað kemur upp á sendir Fríform mann heim til fólks eða það kemur með tækin. „Við sjáum alfarið um að þjónusta þau tæki sem við seljum á raftækjaverkstæðinu okkar.“

Fram að páskum er 30 prósent afsláttur af innréttingum og tuttugu prósent afsláttur af raftækjum. „Sé bæði keypt saman er fimm prósent afsláttur af raftækjum til viðbótar. Það er um að gera að líta við í sýningarsalinn hjá okkur í Askalind 3 í Kópavogi og skoða úrvalið.“



„Það er um að gera að líta við í sýningarsalinn hjá okkur í Askalind 3 í Kópavogi og skoða úrvalið," segir Björn Leví.

MYND/GVA

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

NÝ OG STÍLFÖGUR ELDHÚSTÆKI FRÁ AEG SEM GERA GOTT ELDHÚS ENN BETRA

Nýju ofnarnir frá **AEG** búa yfir miklum fjölbreytileika í lögun og leikni. Nýtanlegt innra rými ofnanna er nú **30% stærra** en áður og eru þeir nú 74 lítrar að stærð án þess að ummál þeirra hafi aukist.



Fjölkerfa blástursofn sem er sérstaklega einfaldur og auðveldur í notkun og allri umgengni. Íslensk notendahandbók.

Fjölkerfa blástursofn með hraðhitakerfi, sérstaklega þægilegur í notkun og allri umgengni. Íslensk notendahandbók.

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli og hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum. Íslensk notendahandbók.

Fjölkerfa blástursofn með innbyggðum kjöthitamæli, hjálparkokki með sjálfvirkum uppskriftum og sjálfhreinsikerfi. Íslensk notendahandbók.

Nú er tækifærið til að endurnýja:

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM AEG
OFNUM OG HELLUBORÐUM Í TAKMARKAÐAN TÍMA.**

Nýjar ofnalínur, 30% stærra innra rými en áður, alls 74 lítrar, sömu utanmál.

Allt fjölkerfa blástursofnar með ýmsum valkostum í útfærslum.

Íslensk notendahandbók. Hagstæðir vaxtalausir greiðsluskilmálar til allt að 12 mánaða.*

AÐ ELDA MEÐ AEG

Þegar þú eldar með AEG máttu búast við framþróaðri tækni, flottri hönnun og fjölmörgum stillingarmöguleikum sem bjóða upp á svo margt, margt fleira.

FULLKOMIN HÖNNUN

AEG ofnarnir eru hannaðir til að skara fram úr á öllum sviðum. Þeir eru einstaklega fjölhæfir, áreiðanlegir og þar að auki glæsilegir útlits.

AEG HELLUBORÐ AF ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

Ný glæsileg lína helluborða frá AEG býður upp á fullkomnustu tækni, hvort sem þú velur spansuðu- eða venjulegt hraðsuðuhelluborð eða fyrir gas þá er úrvalið mikið og útfærslurnar fjölbreyttar.



OPÍÐ VIRKA DAGA FRÁ 10-18
OG LAUGARDAGA FRÁ 11-15

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is



Stærsta eldhús veraldar

Gullna hofið í Amritsar í Punjabhéraði á Indlandi telst stærsta eldhús veraldar þegar tekið er tillit til fjölda manns sem eldað er fyrir. Hofið er opið öllum og sjálfboðaliðar elda mat þar daglega fyrir allt að 100.000 manns á hverjum degi. Gullna hofið, sem er helgasti helgidómur sjúka, er opið öllu fólki óháð trú þess, aldri, þjóð- erni og kyni og þangað geta allir komið og snætt. Matseðill hússins er þó hvorki langur né flókinn enda inniheldur hann eingöngu einn rétt sem bæði er einfaldur og ódýr. Hann er að mestu leyti gerður úr baunum og hrísgrjónum og er borinn fram með gerlausu flatbrauði sem nefnist chapattis. Í eftirrétt er boðið upp á hrísgrjónabúðing sem nefnist kheer og er bragðbættur með saffrani. Ekki íburðarmikill réttur en sannarlega saðsamur og næringarríkur. Það tekur langan tíma og skiplagðan mannskap að elda svo mikinn mat. Mörg hundruð sjálfboðaliðar vinna dag hvern við að sjóða hrísgrjón, skræla grænmeti og hræra í pottum auk þess sem drjúgan tíma tekur að vaska upp, ganga frá og henda ýmsu rusli. Gullna hofið er einnig vinsæll ferðamannastaður. Bygging þess hófst árið 1574 og lauk árið 1601.

AÐ STEIKJA PÖNNUNA TIL

Pönnur úr pottjárnri þarf að „steikja til“ áður en þær eru tilbúnar til notkunar svo ekki brenni allt fast.

Hitið pönnuna vel og setjið um það bil tvær teskeiðar af salti á pönnuna auk matskeiðar af matarolíu. Hitið olíuna og nuddið henni og saltinu með bréfpurrku um botninn á pönnunni. Nuddið svo yfir hliðarnar líka og haldið áfram að nudda með pönnuna á hitanum í nokkrar mínútur. Slökkvið þá undir, þurrkið pönnuna með taupurrku og látið hana kólna.

Endurtakið allt saman ef matur brennur við á pönnunni. Eins ef pannan er þrífín með uppþvottalegi eða nudduð með stálull.





Glæsibær 11 – 110 Rvk.

Opið hús á morgun þriðjudag frá kl. 17:30 – 18:00



Fjölskyldu paradís í einbýlishúsi á einni hæð í rólegu hverfi við hliðina á útivistarperlu. 50 fm sólpallur. Stór 700 fm lóð. 5-6 herbergja. Húsið er vel skipulagt og hefur verið tekið í gegn að utan. Húsið er alls um 170 fm. **Verð 54,9 m. Nánari upplýsingar í síma: 546-5050 eða trausti.is**

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

ASBYRGI ehf Sími **568 2444**
 ASBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
 Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík



Njálsgata

2ja herbergja 58.2 fm. risibúð á 3. hæð í steinhúsi. Sameiginlegar suður svalir. Laus til afhendingar. **Verð 18.2 millj.**



Háteigsvegur

Glæsileg nýleg 3ja herbergja íbúð 104,8 fm. Á 2. hæð í lyftuhúsi með sér inngang af svölum. Fallegar innréttingar. Norður svalir. Frábær staðsetning. **Verð 28.9 millj.**



Langalína

Glæsileg og rúmgóð 82.8 fm. 2ja herbergja íbúð á 2 hæð í viðhaldslitlu lyftuhúsi ásamt stæði í bilageymslu. Sér þvottahús. Fallegt útsýni. **Ver 28.9 millj.**



Arnarsmári

Falleg 3ja herbergja íbúð 85.1 fm. á jarðhæð með sérgarði og 32 fm bílskúr. Alls 117.1 FM. Sér vesturlóð. Fallegt útsýni. **Verð 29.5 millj.**



Álfaborgir

ASBYRGI FASTEIGNASALA S. 568-2444 KYNNIR: Góð 3ja herbergja endaíbúð 85.7 fm. á 2. hæð með sérinngangi af svölum. Fallegt útsýni. Vestur svalir. Sérmerkt bílastæði. **Verð 21.5 millj.**



Þorfinnsgata

Falleg 4 herb. 92,4 fm. íbúð á 3. hæð auk fohelths rislofts í góðu steinhúsi, risið er ekki inni fm. tölu íbúðar. Íbúð sem býður upp á mikla möguleika. Frábær staðsetning rétt við Landspítalann. **Verð 29.0 millj.**



NÚ ER RÉTTA TÆKIFÆRIÐ

MIKIL EFTIRSPURN ER NÚNA EFTIR EIGNUM OG ÞVÍ ER ÞETTA RÉTTI TÍMINN TIL AÐ SETJA ÞÍNA EIGN Á SÖLU. FRÍTT VERÐMAT.

Ég hef dýrmæta og góða reynslu í fasteignaviðskiptum og stend við bakið á þér alla leið.

Elín Viðarsdóttir Löggiltur fasteignasali

Sími: 695 8905 elin@fasteignasalan.is



Hraunbær 182

- Opið hús mánud. 11.03. kl 17.00-17.30
- 2ja herbergja, 50,4 fm.
- Áhvílandi 9,2 millj.
- Afborgun ca. 43 þús/mán.
- Möguleiki á að taka bíl upp í (2,5 millj.)
- Suðvestur svalir meðfram heilli hlið íb.



Brekkubær 11

- Opið hús mánud. 11.03. kl 18.00-18.30
- 5 herbergja, 159,4 fm.
- Nýtt í dag sem 2 íbúðir
- Lítið mál að breyta í 1 eign
- 2 baðherbergi
- Sérgarður




Veghús 3

- Opið hús mánud. 11.03. kl 19.00-19.30
- 5 rúmgóð svefnherbergi
- Bílskúr 24,2 fm.
- 2 baðherbergi
- Þvottahús innan íbúðar
- Skipti möguleg á minni eign



Stangarholt 26

- Opið hús þriðjud. 12.03. kl 17.30-18.00
- 6 herbergja íbúð, 4 svefnherbergi
- Bílskúr 29,8 fm.
- Eldhús endurnýjað 2007
- Vel viðhaldin eign.
- Skipti möguleg á minni eign



Klukkanimi 17

- Opið hús þriðjud. 12.03. kl 18.30-19.00
- Rúmgóð 4 herb., 101,5 fm.
- 3 góð svefnherbergi
- Sér inngangur
- Nýlega endurnýjað baðherbergi
- Gott viðhald



Hjarðarholtsland

- Stafholtstungur, 9235 fm lóð
- 3 svefnrymi
- Nýlegar innréttingar og tæki
- Allt innbú fylgir
- 30 fm pallur og nýl.rafm.pottur
- Rúmur klst. akstur frá Reykjavík



Fífuvellir

- Einbýli á 2 hæðum
- Getur afhent á mism. bygg.stigum
- Möguleiki á 2 íbúðum
- Teikningar fylgja
- Einstakt tækifæri
- Vönduð eign * (60 m. m/v fullbúð)



Súlutjörn Reykjanesbæ

- AUÐVELD KAUP. (Áhv.23,7 + kostn.)
- 5 herbergja íbúð,123,4 fm.
- Sérinngangur
- Þvottahús innan íbúðar
- 4 rúmgóð svefnherbergi
- YFIRTAKA 4,15% LÁN

www.fasteignasalan.is



Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
 907 2003



Vissir þú að...



þeir eiga rétt á aðstoð

og hjálp ef þau kenna í ofbeldi

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnsýsla. Tarot. Ársspá.
Draumráðningar, ást og peningar.
Andleg hjálp. Trúnaður.

Skemmtanir

Upplæstur úr fagurbókmenntum
við ýmis hátíðleg tækifæri. Hjalti
Rögnvaldsson leikari s. 776 3890.

Rafvirkjun

**Raflagnir
Dyrasímar**

Set upp ný dyrasímakerfi
og geri við eldri. Endurnýja
raflagnir í eldra húsnæði
ásamt viðgerðum og
nylögnum.

Fljót og góð þjónusta
Símí 893 1733

Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki

www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR OG
DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskípti.
Löggiltur rafverktaki. Rafneisti@
gmail.com

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskípti.
Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.
straumblik@gmail.com

AH-RAF
Dyrasímakerfi, töfluskípti og öll
almenn raflagnavinna. Tilboð/
tímavinna vönduð vinnubrögð. ahraf@
ahraf.is Hermann s. 845-7711 Arnar
s. 897-9845.

Önnur þjónusta

Blekhyliki.is

Ódýr blekhyliki í flesta prentara, ný
verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á
Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150


Til sölu



KYMCO 2013 !
Enn betra og skemtilegra hjól hlaðið
aukabúnaði. Veglegur aukahlutapakki
sem fylgir er. Öflugt spil. Dráttarkúla
og prófíltengi. Sæti og sætisbak
fyrir farþega. Álfelgur og 26" Maxxis
Bighorn dekk. Götuskráð hjól tilvalið í
leik eða starf. VDO Borgartún 36 105
Reykjavík. S:5889747 www.vdo.is



**20%
FERMINGARAFSLÁTTUR**
Allir saltkristal slampar á 20%
fermingarafslætti út marsmánuð.
Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200
Kópavogi. Opíð mán-fös: kl 12-18, lau:
kl 12-15. Sími 517-8060. www.ditto.is



KEÐJUSAGIR/HEKKKLIPPUR
Brýnum allar gerðir af keðjum. Eigum
efni í flestar gerðir af keðjum. Brýnum
hekkklippur. JS Ljósasmíðjan ehf.
Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp.
slattuvel.is velaverkjs@sinnet.is S.
554 0661.

www.stolpleihf.is

**Gistigámar
Geymslugámar
Salernisgámar**

Til sölu og leigu. **Hafðu samband!**
Margar stærðir.

Stólpi Gámar ehf
Klettargörðum 5 | Sími 568 0100

TYLÖ
for the senses

**Mikið úrval af Sauna
og gufuofnum**

Veitum góða þjónustu við val
á nýjum saunaklefum.
Viðgerðarþjónusta

Áratuga reynsla af sölu
TYLÖ á Íslandi

VATNSVIRKINN
FADVERJULUS FVIRNI FAGMENN

Smiðjuvegi 11, 200 Kóp.
S. 510-1400
www.vatnsvirkinn.is

ÓDÝR HEIMILISTÆKI
Pvottavélar, ísskápar, þurrkara 10 KG,
uppvottavélar, örbylgjuofnar á 5P,
hjólástóll, borðtölva. S. 896 8568.

Óskast keypt

KAUPI GULL !
Ég, Magnús Steinþórsson
gullsmíðameistari, kaupí gull, gull
peninga og gull skartgrip. Kaupi
allt gull, nýlegt, gamalt og illa
farið. Leitið til fagmanns og fáid
góð ráð.

Uppl. á demantar.is í s. 699 8000
eða í Pósthússtræti 13 (við
Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL
og aðra eðalmálma gegn
framvísun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetsstíg 2,
220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

**KAUPUM GULL -
JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr.
Spörum gjaldeyri. Heiðarleg
viðskipti. Aðeins í verslun okkar
Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

**STAÐGREIÐUM GULL,
DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe
o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð
þér að kostnaðarlausu! www.
kaupumgull.is
Opíð alla daga 11-18, Kringlan -
3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 661 7000.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til ellil/
öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35.
- S. 552 7095.

Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL
HÚSBYGGINGA
SJÁ NÁNAR Á
WWW.VIDUR.IS**

Vatnasklæðning, panill, pallaefni,
parket, útihurðir, ofl. Gæði á
góðu verði. Nýkomnar Eurotec
A2 harðviðarskrúfur. Penofin
harðviðarólfa. Indus ehf, Óseyrarbraut
2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660
0230 og 561 1122.

Verslun

**Kynlíf er
GOTT!**

PENOMET.IS
ELSKENDUR.IS
FLESHLIGHT.IS
BATHMATE.IS

849-0698
ALLA DAGA 10-22

HEILSA

Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt
líffstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662
Edda Borg

TAKTU ÁKVÖRDUN NÚNA.
Betri árangur með Herbalife Kaupauki.
Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskysrsla.
is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu
árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183
www.eco.is Ný netverslun: www.
betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu
Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@
ismennt.is

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með
Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir
pör, konur og karla. 112 Reykjav. S.
698 8301 www.tantra-temple.com

NUDD OG HEILSA
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-
úthreinsun, FÓTAÐGERÐIR og
SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú
kemst fljótt að. Opíð frá 12-18 alla
daga nema sun. S. 823 8280. www.
nuddogheilsa.is

Slökunarnudd/heilnudd, Nuddstofan
svæði 112. Uppl. S: 693 0348 eða
823 5669.

Þjónusta



**FRELSI FRÁ STREITU OG
KVÍÐA S:694 5494**

Viðar Aðalsteinsson
dáleiddslufræðingur og sérfræðingur í
EFT www.theta.is

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011,
hjálpa við endurtökupróf og
akstursmat. Kenni á BMW 520D.
S. 863 7493.

WWW.AKSTURINN.IS
S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að
mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515
Haukur Vigfússon.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf
og akstursmat. Kenni á BMW 520D.
S. 893 1560 og 587 0102, Páll
Andrésson.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI -
GUESTHOUSE WWW.
LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða
17a og 19 og Dalshraun 13
Hfj. Rooms for 1-2 persons in
Funahöfða 17a -19 Rvk and
Dalshraun 13 Hfj.
Uppl/info í S. 824 4535. frá kl.
10-20. www.leiguherbergi.is

**NÝ 3JA HERB. ÍBÚÐ Í
220 TIL LEIGU.**
Til leigu ný 3ja herb. íbúð á besta stað
í Hafnarfirði. 100fm, laus strax. Uppl.
s. 848 3772

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu
íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu
inn á www.leigulistinn.is eða hafðu
samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Tapas barinn óskar eftir íbúð til leigu
f. starfsmann, vinsamlegast hafið
samband tapas@tapas.is

Atvinnuhúsnæði

Til leigu 150fm lðnaðarhúsnæði
á skemmuvegi í Kóp. Stórar
innkeyrsludyr, lofthæð tæpir 4m, uppl
í síma: 699 0778.

51,6 M2 IÐNAÐARBIL
Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð
til sölu eða leigu. 10 m2 milli loft að
auki. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m.
Góðir gluggar. Sýningarbil á staðnum.
Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060
og 661-6800.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og
Fiskilslóð í Reykjavík. S. 555 3464

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag
hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567
4046 & 892 0808.

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2.
Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný
sérhönnuð geymsluhús, uppítað og
vaktað. S: 564-6500.

GEYMSLULOUSNIR.IS
Búslóðageymsla og flutningar. Gott
verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

ATVINNA

Atvinna í boði

Menntaskólafólk óskast í vinnu með
skóla og í sumarvinnu. Umsóknir
sendist til thjonusta@365.is merkt
„skólafólk“

Fyrirtæki í Reykjavík sem starfar á
sviði innflutnings og útflutnings óskar
eftir að ráða framkvæmdastjóra í
fullt starf. Viðkomandi þarf að vera
sérfræður um og hafa vótæka reynslu
af sölu handgerðra persóneskra teppa.
Uppl. í s. 843-8080. Alfacom General
Trading ehf.

Markaðsstarf fyrir hótél og
ferðaþjónustu. Tímabundið verkefni.
S. 696 9696.

Matsveinn óskast á bát. Uppl. s. 852
3233 / saefari170@gmail.com

Atvinna óskast

**VANTAR PIG SMÍÐI,
MÚRARA EÐA
JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska
eftir mikilli vinnu. Geta hafið
störf nú þegar.
**Starfsmannaþjónustan S. 661
7000.**

Smiðir óska eftir vinnu. Áhugasamir
hafið samband í s. 847 0638.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

FERÐAKLÚBBURINN

4x4

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

þú hefur rétt á vernd gegn
EINEBIL

til sölu



HVOLPAR TIL SÖLU!

Hreinræktaðir íslenskir fjárhundahvolpar
eru til sölu.
Hvolparnir eru átta vikna, bólusettir og
örmerktir.

Verð 130 þúsund krónur.

Nánari upplýsingar í síma 615 3641 eða í
gegnum tölvupóst einstefna@gmail.com

Skyndibitastaður á Smáratorgi

Af sérstökum ástæðum er til sölu skyndibitastaður
með hamborgara, pizzur og fisk og fl. Nú fer einn besti
tíminn í hönd. Afhending strax og býðst á frábæru verði.

Uppl. í síma 773-4700
Fyrirtækjasala Ísl. S: 520-3500 www.atv.is.

KROSSGÁTA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. plat, 6. nafnorð, 8. drulla, 9. æxlunarkorn, 11. ullarfloki, 12. aðfall, 14. rabb, 16. snæddi, 17. af, 18. tími, 20. tveir eins, 21. ögn.

LÓÐRÉTT

1. nýja, 3. frá, 4. þegn, 5. steinbogi, 7. frægð, 10. þrá, 13. heyskaparamboð, 15. ekki margir, 16. svif, 19. tveir eins.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. gabb, 6. no, 8. for, 9. gró, 11. ru, 12. aðsog, 14. skraf, 16. át, 17. frá, 18. tíð, 20. íl, 21. arða.
LÓÐRÉTT: 1. unga, 3. af, 4. borgari, 5. brú, 7. orðstír, 10. ósk, 13. orf, 15. fálir, 16. áta, 19. öð.

„Hló af mér allan dýrmæta nýja maskarann á Blakkát!”

BJÖRK EIDSDÓTTIR
ritstýra á Séd og heyr

★★★★
„ÁHORFENDUR FÖGNUM OG VAR ÆRIN ÁSTÆÐA TIL”
FRÉTTABLAÐIÐ

SÓTSVARTUR GAMANLEIKUR Í GAFLARALEIKHÚSINU

BLAKKÁT

Eftir: BJÖRK JAKOBSDÓTTUR
Leikstjóri: EDDA BJÖRGVINDÓTTIR

Midasala í Gaflaraleikhúsinu 565-5900 / 691-3091 og á midi.is
Midasala opin frá kl. 14-18 virka daga og frá kl. 14-20 sýningardaga

Föstud. 1. mars Uppselt
Fimmtud. 7 mars kl 20:00 - Örfá sæti laus
Föstud. 8. mars - Uppselt
Fimmtud. 14. mars kl 20:00 - Örfá sæti laus
Föstud. 15. mars - Uppselt

Tryggið ykkur miða!

finndu okkur á facebook -Blakkát

Leikarar: BJÖRK JAKOBSDÓTTIR, HJÖRTUR JÓHANN JÓNSSON, MÁGNÚS GUDMUNDSSON

“EFTIRMINNILEGASTA BLAKKÁT SEM ÉG HEF UPPLIFAÐ”
DJÖFLÆVJARN

Bilað

BAKPANKAR Charlotte Böving

Þvottavélin mín bilaði um daginn, eftir fimm ára dygga þjónustu.

FIMM ár eru nú ekki svo langur tími. Ég man tíma þegar fólk átti sömu þvottavélina í tuttu- og þrjátíu ár. Sá tími er liðinn.

ÉG vildi láta gera við vélin, en það var ekki hægt. Viðgerðarmaðurinn sagði að tölvan í henni væri ónýtt og hann gat ekki séð nákvæmlega hvað hafði gefið sig. Úr því að hann var kominn á staðinn bað ég hann að líta í leiðinni á fimm ára gamla ís- og frystiskápinn. Sjálfvirka affrýstingin var hætt að virka. Það yrði of dýrt að gera við hann, sagði maðurinn. Það borgar sig að kaupa nýjan!



SEINNA sama dag, þegar tölvan drap á sér, greip skelfingin um sig. Ég tók batteríð úr vélinni

og leyfði henni að hvíla sig. Á meðan sótti ég back-up-ið mitt, harða diskinn. Sem betur fer átti ég það, ef tölvan skyldi gefa sig alveg. Tölvan fór aftur í gang þegar ég setti batteríð í hana. Fjúf, þvítíur léttir! En þegar ég stakk eins árs gömlum harða disknum í samband til þess að taka öryggisafrit af öllu nýlegu, kom upp ERROR! Ég leitaði ráða hjá vini, sem útskýrði að það væri ekki óalgengt að það væru innbyggðir gallar í hörðum diskum, þannig að þeir lifa sumir enn skemur en tölur.

EFTIR að hafa dvalið nokkra stund við hamfarastefnuna sem heimilisfjárhagurinn stefndi í fór hugurinn á flug, út af heimilinu og upp þar sem ég hafði yfirsýn fuglsins fljúgandi. Ég horfði niður yfir öll litlu húsin í Vesturbænum, þar sem hver fjölskylda á þvottavél, þurrkara, ísskáp, frysti o.s.frv. Þar að auki eru a.m.k. tvær tölur á hverju heimili. Ég sá fyrir mér öll þessi tæki þegar búið væri að flegja þeim. Þau lágu eins og hráviði í kringum húsin, í gördunum og því lengra sem ég hugsaði fram í tímann, því þéttar stóðu ónýtu tækin. Hugurinn flaug enn hærra út í geim, þar sem hann horfði niður á bláa hnöttinn okkar. Hér búa um sjö milljarðar manna. Ef við myndum okkur að einn milljarður þeirra noti fimm tæki fimmta hvert ár, þá verðum við á þrjátíu árum búin að flegja 30.000.000.000 tækjum.

VIÐ þetta gaf heilinn sig!

MYNDASÖGUR

PONDUS



GELGJAN



HANDAN VIÐ HORNIÐ



BARNALÁN



JÁKVÆÐUR KRAFTUR C4 = :-)



CRÉATIVE TECHNOLOGIE

NÝR CITROËN C4 DÍSIL FRÁ 3.390.000 KR.

Njóttu lífsins á bíl sem er sparneytinn, lipur, hljóðlátur og frægur fyrir frumlega og nútímalega nálgun. Citroën C4 býr yfir nýstárlegri tækni sem dregur úr loftmengun og eldsneytisnotkun. Sérstaða Citroën C4 felst einnig í fjölmörgum smáatriðum sem hámarka þægindi ökumanns og farþega. Hagkvæmni, still, þægindi, fágun og þjónusta eru orðin sem marka jákvætt afl hins nýja Citroën C4. Raðaðu saman þessum kostum og niðurstaðan er Citroën C4.



Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Sölueld er opin alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Kynlíf og dóp en ekkert rokk

★★★★★

Útlagi

Jacob Ejersbo

PÝÐING: PÁLL BALDVIN BALDVINSSON
JPV-ÚTGÁFA

Samantha er af bresku foreldri en hefur búið í Tansaníu frá þriggja ára aldri. Í upphafi Útlaga er hún fimmtán ára gömul, föst í heimavistar-skóla þar sem börnum innflytjenda er hrúgað saman, forréttindakrökkum að mati innfæddra, ósamstæðum hópi sem lítið á sameiginlegt annað en vera gestir í landinu þótt flest hafi þau alið nánast allan sinn aldur þar. Þetta landleysi setur mark sitt á þau öll og óöryggi þeirra brýst út í innbyrðis

átökum, dópneyslu, óábyrgu kynlífi, hatri á sjálfum sér og aðstæðum sínum. Foreldrar Samönthu eru til lítillar fyrirmyndar, drykkjusjúk móðir og óábyrgur og ofbeldishneigður faðir sem stundar vafasama iðju til að sjá sér farborða. Ljósí punkturinn er eldri systirin Alison, sem þó reynist lítið skjól þegar til kastanna kemur. Það er augljóst frá upphafi að Samantha er glötuninni merkt og uppreisn hennar í gegnum kynlíf, drykkju og dópneyslu er síst til þess fallin að hjálpa henni af veginum sem þangað liggur.


Sagan er sögð í fyrstu persónu af Samönthu sjálfri í stuttum köflum sem lýsa aðstæðum hennar og upplifunum á núturlagan hátt. Hún er mikill töffari, strákastelpa sem býður yfirvaldi og reglum

byrginn en er í raun aðeins lítil ráðvillt stelpa sem þráir að finna öryggi og ást. Sögutíminn er níundi áratugurinn og spannar nokkur ár sem einkennast af æmeiri glundroða og þeir fáu föstu punktar sem Samantha býr við í upphafi sögu eyðast einn af öðrum uns ekkert er eftir nema glötunin ein.

Ejersbo tekst aðáanlega að setja sig inn í hugarheim unglingsstelpu og ljóst að bæði Samantha og aðrar persónur eru byggðar á reynslu hans sjálfs af unglingsárunum í Tansaníu. Í eftirmála þýðanda kemur enda fram að söguhetjan sé byggð á vinkonu hans og að vinur Samönthu, hinn danski Christian, eigi sér fyrirmynd í höfundinum sjálfum. Stíllinn er hrár og sannfærandi sem upplifanir

unglings í kreppu og þýðing Páls Baldvins skilar honum yfir á sannfærandi talmál unglings á íslensku. Útlagi er ekki þægileg lesning en kröftug og vekur til umhugsanir um upplifanir og aðstæður sem lítið hafa verið kynntar hérlendis. Bíð spennt eftir framhaldsbókunum tveimur sem Ejersbo rétt náði að búa til útgáfu áður en hann lést. Friðrika Benónýsdóttir

NIÐURSTAÐA: Vel skrifuð og umhugsunarvekjandi saga um aðstæður sem fáir Íslendingar hafa haft tækifæri til að kynna.



PÁLL ÓSKAR tekur lagið með Lúðrasveit Reykjavíkur í kvöld.

Palli og Lúðrarnir

Lúðrasveit Reykjavíkur fær aðstoð frá Páli Óskari í Kaldalóni í kvöld.

Páll Óskar Hjálmtýsson mun í kvöld troða upp með Lúðrasveit Reykjavíkur í Kaldalónsal í Hörpu. Á tónleikunum mun Lúðrasveit Reykjavíkur flytja popp- og rokktonlist eftir ýmsa listamenn, meðal annarra Glóriu Estefan, Quincy Jones og hljómsveitina Earth, Wind and Fire. Einnig verða flutt lög eftir Manfred Schneider, Peter Kleine Schars, Joe Zawinul, sem er einna þekktastur fyrir hljómborðsleik og lagasmíðar fyrir hljómsveitina Weather Report, og fleiri.

Þá verða frumfluttar útsetningar á nokkrum lögum sem þekkt eru í flutningi Páls Óskars og mun hann sjálfur taka lagið með Lúðrasveitinni sem skipuð er fimmtíu hljóðfærleikurum.

M og M spilar á djasskvöldi

Hljómsveitin M og M kemur fram á næsta djasskvöldi KEX hostels á morgun.

Hljómsveitin var stofnuð árið 2005 og sérhæfir sig í að spila tónlist eftir þá Pat Metheny og Lyle Mays. Þeir hafa haldið úti fusion-sveitinni The Pat Metheny Group í hátt í 40 ár og hefur hún hlotið fjölmörg Grammy-verðlaun.

M og M skipa þeir Ásgeir J. Ásgeirsson á gítar, Kjartan Valdemarsson á hljómborði, Róbert Þórhallsson á bassa, Ólafur Hólm Einarsson á trommur og Kjartan Guðnason á slagverk. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30. Sem fyrr er aðgangur ókeypis.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MÁNUDAGUR 11. MARS 2013

Upplæstur

18.00 Puríður Backman les 28. Passíusálminn í Grafarvogskirkju í tilfinni föstunnar.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.

Ég nota SagaPro

Thema Davis, danskennari í London
Vandamál: Ofvirk blaðra

„Innan tveggja vikna fann ég rosalegan mun! Ég fór að fara út af heimilinu og tók eftir því að ég fann ekki þessa sterku og skyndilegu þörf til að pissa sem ég hafði áður fundið. SagaPro hefur sannarlega bjargað mér og ég mæli eindregið með því að fólk prófi.“



SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

Áhætta sem borgaði sig

★★★★★

John Grant

Pale Green Ghosts
SENA

Pale Green Ghosts er önnur sóló-plata Johns Grant en sú fyrri, Queen of Denmark, var af mörgum talin ein af bestu plötum ársins 2010.

Queen of Denmark var í sígildum popplagastíl. Hún var unnin með Texas-sveitinni Midlake. Tveir meðlimir hennar, bassaleikarinn Paul Alexander og trommu-leikarinn McKenzie Smith spila í nokkrum lögum á Pale Green

Ghosts en flestir hljóðfæraleikaranna eru íslenskir, m.a. Pétur Hallgríms, Jakob Smári, Arnar Ómars, Óskar Guðjóns, Smári Tarfur og Gummi Pé. Sá tónlistarmaður sem hefur mest áhrif á útkomuna er samt upptökustjórinn og takt-smiðurinn Biggi Veira úr Gusgus. Biggi klæðir lögina hans Grants í nýjan búning. Lögina eru tekin mislangt í raftónlistaráttina: Titillagið Pale Green Ghosts er mjög GusGuslegt og það sama má segja um hið frábæra Black Belt. Lagið Ernest Borgnine er svo nánast hreinskað teknólög. Nokkur laganna eru meira í anda Queen of Denmark, t.d. GMF og It Doesn't Matter

To Him og enn önnur eru einhvers staðar þarna á milli. Í sérflokk er svo lokalagið Glacier sem er eitt af meistaraverkum plötunnar. Það er mjög flott uppbyggt með tilkomu-mikilli strengjautsetningu og glæsilegum pianókafla.

John Grant er mikill sögumaður, eins og þeir sem hafa séð hann á tónleikum vita. Hann er með sjálfan sig á heilanum, sem er ekki óalgengt meðal poppara. Það sem gerir textana hans svona góða er hins vegar húnörinn. Hann kvartar mikið yfir eigin hlutskipti og yfir fyrrum elskhuga sínum, sem hann söng reyndar mikið til á Queen of Denmark líka, en sjálfsvorkunin

er alltaf skreytt með húnör og skemmtilegum orðaleikjum.

Stóra spurningin þegar Pale Green Ghosts er metin er hvernig hefur tekist að sameina raftónlistarveröld Bigga Veiru og sígildar lagasmíðar Johns Grant. Það var auðvitað ekkert augljóst að það tækist, en útkoman er í einu orði sagt frábær. Það hefði verið auðvelt fyrir John Grant að taka þessi ellefu lög upp með sömu hljómsveit og síðast og flestir hefðu eflaust verið sáttir við það. Hann ákvað hins vegar að fara lengri leiðina og prófa eitthvað nýtt. Sú áhætta borgaði sig. Pale Green Ghosts er meistaraverk.

Trausti Júlíusson



NIÐURSTAÐA: Biggi Veira klæðir sígildar lagasmíðar Johns Grant í nýjan búning á frábærri plötu.



ÁNÆGDUR Steve Carell er ánægður með starf sitt.

Undrandi á framanum

Steve Carell segist vera undrandi á frama sínum í leiklistinni. Hann er þekktur fyrir hlutverk í gamanþáttunum The Office og kvikmyndunum Evan Almighty og The 40 Year Old Virgin.

„Ég er bara ánægður með að geta starfað við leiklistina. Eigin-kona mín veit að ég hélt að ég fengi í mesta lagi hlutverk sem klikkaði nágranninn í gamanþáttum. Allur minn ferill hefur komið mér á óvart og verið mjög ánægjulegur,“ sagði Carell.

Nýjasta mynd hans er The Incredible Burt Wonderstone þar sem hann leikur útrunninn töframann sem hyggur á endurkomu.

Noel ósáttur við Brit-verðlaunin

Noel Gallagher, fyrrverandi höfuðpaur Oasis, þótti lítið til Brit-verðlaunahátíðarinnar, sem fór fram á dögnum, koma.

Í viðtali við Time Out Dubai segir Gallagher hátíðina fulla af framagosum. „Það eru engir persónuleikar eftir í tónlistarbransanum. Þegar við byrjuðum kom heilbrigð prósentutala af gestunum úr félagsbúðum og við trúðum því varla að við værum á Brit-verðlaununum,“ útskýrði Gallagher og bætti við: „Þetta er orðið allt of viðskiptasinnað.

Ég sá trommarann úr Muse reykja rafmagnssígarettu. Í alvöru? Gerðu mér greiða, vinur, farðu út og fáðu þér alvöru rettú eða slepptu því alveg að fá þér!“



NOEL Eldri Gallagher-bróðirinn er með allt á hornum sér.

BIKINÍ-ÁSKORUN



Taktu áskorun og vertu í þínu allra besta formi í sumar. Vertu léttari á þér, léttari í lund, sterkari og flottari!

Innifalið í námskeiðinu:

- Þjálfun og mataræði tekið í gegn
- Sérhannað æfingakerfi sem miðar að því að komast úr stöðnun og tryggja að þú komist í þitt allra besta form
- Auka æfingaáætlun til að tryggja þátttakendum hámarksárangur
- Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum
- Dagleg hvatning, fróðleikur og aðgangur að uppskriftum frá Ágústu Johnson á lokuðu heimasvæði inni á www.hreyfing.is
- Sérstakt mataræði sem dregur úr sykulöngun og stuðlar að því að þú náir varanlegu þyngdartapi
- Mælingar – vigtun og fitumælingar – fyrir og eftir
- Kvöldstund í Blue Lagoon spa

Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is

HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is



SÁLIN Fáar sveitir hafa notið viðlíka vinsælda og Sálín hans Jóns míns á þeim 25 árum sem hún hefur starfað. MYND/HALLDÓR KOLBEINS

Sálín fagnar aldarfjórðungsafmælinu

Sálín hans Jóns míns, ein vinsælasta hljómsveit landsins, fagnar 25 ára afmæli sínu í ár og heldur upp á tímamótin með tónleikum í Vodafone-höllinni. Agnes úr Sykri og Unnur Eggert verða meðal ótal gestasöngvara.

„Það verða bara þessir einu afmælistónleikar, enda leggjum við hjartað í þá og það er erfitt að endurtaka svoleiðis gigg,“ segir söngvarinn Stefán Hilmarsson. Stefán og samsveitungar hans í Sálinni hans Jóns míns fagna 25 ára afmæli sínu um þessar mundir og halda upp á það með stórtónleikum í Vodafone-höllinni þann 23. mars næstkomandi.

Aðdáendahópur Sálarinnar er stór og þéttur og svo virðist sem þeir ætli seint að detta úr tísku. „Það er stór hópur sem hefur fylgt okkur alveg frá upphafi og svo verðum við varir við það að kornungt fólk þekkir okkur og lögin okkar. Það er auðvitað ómetanlegt að eiga svona breiðan addáandahóp,“ segir Stefán. Hljómsveitin ákvað að höfða sérstaklega til yngri addáenda sinna þegar kemur að gestaflytjendum á tónleikunum, því allir eru þeir yngri en Sálverjar. „Við erum með kornungt fólk með okkur á sviði sem er nýkomið úr kassanum, eins og Unni Eggerts, og svo erum við með sjóða reynslubolta eins og Selmu Björns,“ segir hann en auk þeirra koma meðal annars fram Ingó veðurguð, Agnes Björk úr

Um 200 lög á ferlinum

Stefán segir Sálverja hafa gefið út hartnær 200 lög á þessum 25 árum og hafa mörg þeirra notið mikilla vinsælda. Það er því mikið lúxusvandamál að velja lög til að flytja á tónleikunum. „Petta er svipað og þegar fótboltaþjálfarar eru með stjórnuþryddan varamannabekk,“ segir Stefán og hlær. Meðal vinsælustu laga Sálarinnar má nefna:

- Á tjá og tundri
- Kanína
- Láttu mig vera
- Ekkert breytir því
- Sóðóma
- Krókurinn
- Hjá þér
- Undir þínum áhrifum

Sykur, Jógvan, Stefania Svavars og strákarnir í Bláum Ópal. Það vakti athygli blaðamanns að allir þessir flytjendur, að Agnesi undanskilinni, hafa tekið þátt í Eurovision hér heima fyrir en spurður hvort það hafi verið með vilja gert segir Stefán svo ekki vera. „Sýnir þetta okkur ekki bara að það hafi allir tekið þátt í Eurovision,“ segir hann og hlær. Þrátt fyrir langan feril eru Sálverjar þó hvergi nærri hættir og stefna á að vera duglegir að koma fram á afmælisárinu og ætla til að mynda að frumflytja nýtt lag á tónleikunum í lok mánaðar. „Svo drögum við

kannski aðeins saman seglin í lok árs. Við tökum okkur alltaf smá þásur af og til, það er eina leiðin til að þetta gangi upp. Þær eru samt aldrei neitt meiriháttar. Sú lengsta er tvö ár en annars eru það bara einhverjir mánuðir hér og þar. Við getum samt aldrei ákveðið neitt fyrir fram í þessum efnun þar sem enginn skilur hvernig þessi bransi virkar, ekki einu sinni við sjálfir,“ segir Stefán og hlær. „En á meðan áhuginn, krafturinn og þorstin er enn til staðar heldur Sálín ótraud áfram,“ fullvissar hann aðdáendur um.

tinnaros@frettabladid.is

SAMBIÓIN KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBIÓUNUM

Á TOPPNUM Í 30 ÁR KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á **SAMBIO.IN**

FRÁ ÞEIM SEM FÆRDU OKKUR ALICE IN WONDERLAND OG LEIKSTJÓRA SPIDERMAN PRILEIKSINS

FRÁ LEIKSTJÓRA HORRIBLE BOSSES OG FRAMLEIÐANDA TED

Tölrandi sjónarspilið K.N. EMPIRE

DISNEY BYÐUR ÞÉR Í HRENT MAGNAD FERDALAG TIL TÖFRALANDSINS OZ

TILNEFND TIL 2 ÓSKARSVERÐLAUNA

3 ÓSKARSVERÐLAUN

WARM BODIES

FLIGHT

BEAUTIFUL CREATURES

THIS IS 40

PETTA REDDAST

ALFABAKKA

EGILSHÖLL

ÓZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D KL. 5:20 - 8 - 10:40

ÓZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D KL. 5:20

ÓZ: THE GREAT AND POWERFUL VIP 2D KL. 5:20 - 8 - 10:40

PETTA REDDAST KL. 8 - 10:10

BEAUTIFUL CREATURES KL. 8 - 10:40

FLIGHT KL. 8 - 10:10

WARM BODIES KL. 8 - 10:50

FJÓLSKYLDUDAGAR TILBOD 590 KR. MIÐAVERÐ

MONSTERS INC. KL. 5:50

WRECK-IT RALPH KL. 5:50

ÓSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU KL. 6

AKUREYRI

ÓZ: THE GREAT AND POWERFUL 3D KL. 5:20

ÓZ: THE GREAT AND POWERFUL 2D KL. 8

PETTA REDDAST KL. 8 - 10

BEAUTIFUL CREATURES KL. 10:40

FJÓLSKYLDUDAGAR Í SAMBIÓUNUM 590.kr miðinn

SMÁRABÍÓ

HÁSKÓLABÍÓ

IDENTITY THIEF

21 & OVER

A GOOD DAY TO DIE HARD

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU

JAGTEN

LINCOLN

THIS IS 40

SMÁRABÍÓ

GLERAUGU SELD SÉR 5%

HÁSKÓLABÍÓ

NÁNAR Á MIÐLIS 5%

IDENTITY THIEF KL. 5.30 - 8 - 10.30 12

IDENTITY THIEF LÚXUS KL. 5.30 - 8 - 10.30 12

21 AND OVER KL. 5.50 - 8 - 10.10 14

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D KL. 3.40 - 5.50 L

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 2D KL. 3.40 L

THIS IS 40 KL. 6 12

DIE HARD 5 KL. 8 - 10.20 16

DJANGO KL. 9 16

HÁKARLABETTA 2 KL. 3.40 L

IDENTITY THIEF KL. 5.30 - 8 - 10.30 12

JAGTEN (THE HUNT) KL. 5.30 - 8 - 10.30 12

THIS IS 40 KL. 10.40 12

LINCOLN KL. 6 - 9 14

LIFE OF PI 3D KL. 5.20 10

BORGARBIÓ

NÁNAR Á MIÐLIS

IDENTITY THIEF KL. 5.40 - 8 - 10 12

21 AND OVER KL. 10.10 14

THIS IS 40 KL. 5.40 12 / JAGTEN KL. 8 16

mid.is

LAUGARÁS-BÍÓ

www.laugarasbio.is

Miðasala og nánari upplýsingar

FRÁ ÞEIM SEM GERDU "THE HANGOVER"

IDENTITY THIEF

LAUGARÁSBÍÓ

Sýningartímar

IDENTITY THIEF 8, 10, 20

ÓZ GREAT AND POWERFUL 5, 8

21 AND OVER 10, 40

FLÓTTINN FRÁ JÖRÐU 3D 6

VELSALINGARNIR 6, 9

MEÐ STUÐUNGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÓÐVAR ÍSLANDS

Miðasala: 412 7711

Hverfisgata 54 Rvk

www.bioparadis.is

Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

THE HUNT (JAGTEN) (12) 17:50, 20:00, 22:10

BEYOND THE HILLS (16) 21:30

KON-TIKI (12) 17:50, 20:00, 22:10

HVELLUR (L) 19:00

ST. SIG: STRIGI OG FLAUEL (L) 17:45, 20:15

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

NEFNA, ÖRYGGI, KLÉB, ÖSKINGJAN: 25% AFLAÐUR GJAFNANNA SÁTTINGU

„Lostakústurinn“ fékk að fjúka

Guðmundur Halldórsson segir toppinn að sigra í Tom Selleck-mottukeppninni.

Tom Selleck-mottukeppnin fer fram á skemmtistaðnum Boston þann 20. mars næstkomandi í tengslum við Mottumars Krabbameinsfélagsins. Þar keppa karlmenn um titilinn Flottasta motta landsins.

Tom Selleck-mottukeppnin var fyrst haldin á skemmtistaðnum Sirkus árið 2003. Fyrsta árið kepptu aðeins þrjár einstaklingar um titilinn en nú er hún orðin gríðarlega vel sóttur viðburður. Veitt eru verðlaun fyrir þrjár fallegustu motturnar en vinsælasti keppandinn hlýtur einnig verðlaun. Að lokum verður besti hjungurinn

verðlaunaður, sem og flottasta Thule-mottan.

Guðmundur Einar Halldórsson fjallaleiðsögumaður var sigurvegari keppinnar í fyrra og segir sigurinn hafa verið sætan. „Það er toppurinn á ferli hvers karlmanns að vinna þessa keppni. Ég var ekkert að hlaða í þessa mottu nema til þess að vinna,“ segir hann. Mottan fékk þó að fjúka strax daginn eftir keppnina og viðurkennir Guðmundur að það hafi verið ágætt að losna við hana.

„Þessi „lostakústur“ var það stór að það var ekki hægt að bera hann nema

rétt fyrir keppnina, þannig hann fékk að fjúka daginn eftir. Það var gott að geta borðað aftur á eðlilegan hátt.“

Guðmundur situr í dómnefnd í ár og þegar hann er spurður hvort hann lumi á góðum ráðum til keppendanna svarar hann neitandi. „Það er of seint fyrir ráð núna, þetta er alveg þriggja mánaða „prósess“. Það er bara DNA-ið sem getur hjálpað úr þessu. En það er gríðarlega skemmtilegt að taka þátt í keppninni og ég hvet sem flesta til að skrá sig,“ segir hann að lokum. Skráning fyrir keppnina fer fram á Boston og á Facebook-síðu staðarins. - sm



SÆTUR SIGUR Guðmundur Einar Halldórsson fjallaleiðsögumaður sigraði í Tom Selleck-mottukeppninni í fyrra. Hann situr í dómnefnd í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



PEGAR ALLT LÉK Í LYNDI Leikkonan Demi Moore vill mikið fé frá Ashton Kutcher.

Moore vill meiri pening

Leikkonan Demi Moore hefur óskað eftir vænni skilnaðargreiðslu frá eiginmanninum fyrrverandi, leikaranum Ashton Kutcher. Sextán mánuðir eru liðnir síðan þau skildu með látum.

Heimildarmenn segja að Moore vilji með þessu sýna fram á að Kutcher hafi verið slæmur eiginmaður og að hann hafi sært hana mikið. Kutcher mun hafa þénað miklu meira en Moore eftir að þau giftust og vill hún fá bita af þeirri köku.

Kutcher sótti um skilnað við Moore í desember 2012 og byrjaði skömmu síðar með leikkonunni Milu Kunis.

Brown reiddist bílastæðaverði

Tónlistarmaðurinn Chris Brown, unnasti Rihönnuh, missti stjórn á skapi sínu og hótaði bílastæðaverði fyrir utan keiluhöll í Hollywood í vikunni.

Brown var viðstaddur góðgerðarsamkomu í keiluhöllinni. Samkvæmt heimildarmönnum slúðursíðunnar TMZ.com reyndi vörðurinn að rukka söngvarann um tíu dollara fyrir stæðið, meðan aðrir voru einungis rukkadír um fimm dollara. „Chris hélt að vörðurinn ætlaði að svindla á sér vegna þess að hann er frægur. Þetta snerist ekki um peninga heldur sannfæringu,“ sagði heimildarmaðurinn.



Á FULLT AF FÖTUM Sarah Jessica Parker á fullt af fötum í fataskápnunum.

Notar bara 7% fataskápsins

Sarah Jessica Parker segist nota aðeins sjö prósent af þeim fötum sem eru í fataskápnunum hennar.

„Ég á fleiri buxur, peysur og annan fatnað en ég bjóst nokkru sinni við að ég myndi eignast,“ sagði leikkonan við tímaritið Net-a-Porter.

Parker er hætt að nota ódýra skó með háum hælum vegna þess hve þeir hafa skaðað fætur hennar. „Í tíu ár eða svo, hljóp ég nánast út um allt í háum hælum. Ég vann í átján klukkustundir á dag og fór aldrei úr þeim,“ sagði Sex and the City-leikkonan fyrrverandi.

100% ÍSLENSKUR OSTUR

GRATÍN OSTUR

PIZZA OSTUR

MOZZARELLA OSTUR

BLANDA AF MOZZARELLA OG MARIBÓ

HREINN MOZZARELLA

200g

BLAN OC

HVITA HUSBÍ / SÍA



EKKERT NEMA OSTUR

Fullkomnaðu réttinn með góðum hráefnum. Rifnu ostarnir frá MS innihalda 100% ost. Þú finnur spennandi og girnilegar uppskriftir á gottimatinn.is.

ÚRSLIT

SÍMABIKAR KARLA (ÚRSLIT)

ÍR - Stjarnan 33-24

ÍR - Mörk (skot): Björgvin Hólmgeirsson 8 (13), Sturla Ásgeirsson 7/3 (10/4), Jón Heiðar Gunnarsson 4 (4), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 3 (3), Davíð Georgsson 3 (3), Guðni Már Kristinnsson 3 (3), Sigurður Magnússon 2 (3), Ingimundur Ingimundarson 2 (5), Halldór Logi Árnason 1 (1),

Varin skot: Kristófer Fannar Guðmundsson 18/1 (39/2, 46%), Aron Daði Hauksson (3/1, 0%),

Hraðaupphlaup: 6 (Björgvin Hólmgeirsson 3, Sturla Ásgeirsson 1, Sigurjón Friðbjörn Björnsson 1, Sigurður Magnússon 1,)

Fiskuð víti: 4 (Jón Heiðar Gunnarsson 3, Sigurjón Friðbjörn Björnsson 1,)

Utan vallar: 4 mínútur.

Stjarnan - Mörk (skot): Hilmar Pálsson 4 (5), Pröstur Práinsson 4 (5/1), Finnur Jónsson 4 (7), Víglundur Jarl Þórsson 3 (9), Bjarni Jónsson 2/1 (3/2), Egill Magnússon 2 (6), Guðmundur Guðmundsson 2 (8), Elvar Örn Jónsson 1 (1), Starri Friðriksson 1/1 (1/1), Andri Hjartar Grétarsson 1 (2), Jakob Októsson (2),

Varin skot: Svavar Már Ólafsson 6/1 (33/4, 18%), Brynjar Darri Baldursson (6, 0%),

Hraðaupphlaup: 4 (Pröstur Práinsson 2, Elvar Örn Jónsson 1, Andri Hjartar Grétarsson 1,)

Fiskuð víti: 4 (Pröstur Práinsson 1, Finnur Jónsson 1, Starri Friðriksson 1, Sverrir Eyjólfsson 1,)

Utan vallar: 2 mínútur.

SÍMABIKAR KVENNA (ÚRSLIT)

Valur - Fram 25-22

Valur - Mörk (skot): Þorgerður Anna Atladóttir 7 (13), Dagný Skúladóttir 6/3 (7/3), Sonata Vijnatá 4 (6), Karólína Bærhens Lárudóttir 3 (3), Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 3 (5), Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 2 (6),

Varin skot: Guðný Jenný Ásmundsdóttir 15/1 (37/3, 41%),

Hraðaupphlaup: 2 (Dagný Skúladóttir 2,)

Fiskuð víti: 3 (Þorgerður Anna Atladóttir 1, Dagný Skúladóttir 1, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 1,)

Utan vallar: 0 mínútur.

Fram - Mörk (skot): Birna Berg Haraldsdóttir 5 (7), Elísabet Gunnarsdóttir 5/2 (7/3), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 4 (6), Stella Sigurðardóttir 4 (13), Sunna Jónsdóttir 3 (6), Ásta Birna Gunnarsdóttir 1 (2), Guðrún Þóra Hálfhánsdóttir (1),

Varin skot: Guðrún Bjartmarz 12 (35/3, 34%), Hildur Gunnarsdóttir (2, 0%),

Hraðaupphlaup: 3 (Elísabet Gunnarsdóttir 1, Sunna Jónsdóttir 2,)

Fiskuð víti: 3 (Sigurbjörg Jóhannsdóttir 2, Stella Sigurðardóttir 1,)

Utan vallar: 6 mínútur.

UNDANÚRSLIT

Gróttá - Fram 21-32

ÍBV - Valur 19-27

Dagur Valskvenna og ÍR-inga

Reykjavíkurlíðin ÍR og Valur fögnuðu sigri í bikarkeppni HSÍ, Símbikarnum. ÍR vann frekar auðveldan sigur á 1. deildar liði Stjörnunnar. Valur vann svo uppgjör tveggja langbestu kvennaliða landsins undanfarin ár.

HANDBOLTI Það var mikil stemning í Laugardalshöllinni í gær þegar úrslitaleikirnir í Símbikarnum fóru fram.

ÍR varð bikarmeistari HSÍ í annað sinn í sögu félagsins þegar liðið sigraði Stjörnuna í úrslitum Símbikarsins í gær 33-24.

ÍR, sem hefur verið á mikilli siglingu í N1-deildinni, átti aldrei í vandræðum með 1. deildar liðið sem komst mjög óvænt í úrslitin.

ÍR komst í 5-1 og náði sjö marka forystu skömmu fyrir hálfleik og var Bjarki Sigurðsson allt annað en ánægður með að Stjarnan náði að minnka muninn í fimm mörk fyrir hálfleik, 18-13.

„Þeir sáu ekki til sólar gegn vörninni í seinni hálfleik og þá fengum við Kristófer í gang sem hafði ekki verið eins og hann hefur verið undanfarið. Seinni hálfleikur var flottur hjá honum og liðinu í heild. Það var samheldni liðsins og fólksins okkar sem skilaði þessu,“ sagði Bjarki en Laugardalshöllin var nánast full og liðin mjög vel studd af fjöldanum í stúkunn.

Kristófer Fannar Guðmundsson varði frábærlega í seinni hálfleik fyrir aftan öflugna vörn ÍR. Sóknarleikur ÍR var frábær allan leikinn með Björgvin Þór Hólmgeirsson fremstan í flokki.

„Ég sagði það fyrir bikarleikinn við Hauka í Austurberginu að það lið sem ynni þann leik færi alla leið og yrði bikarmeistari. Ég veit ekki glórana í því hjá manni en mig langaði hingað að klára þetta. Ég hafði trú á verkefninu og trú á strákunum. Þetta hefur verið að smella betur og betur saman hjá okkur,“ sagði Bjarki, sem lagði leikinn upp með því að Stjarnan ætti aldrei möguleika í leiknum og það gekk eftir.

Gunnar Berg Viktorsson, þjálfari Stjörnunnar, gekk ánægður út úr höllinni þó hann hefði að sjálf-sögðu viljað sjá sitt lið sigra.

„Allir leikmenn komust vel út úr leiknum þó að við töpuðum. Allir komust þeir vel frá helginni. Þeir geta allir gengið ánægðir frá



BIKARMEISTARAR Það voru Hrafnhildur Ósk Skúladóttir og Davíð Georgsson sem lyftu bikarnum fyrir hönd sinna félaga í Laugardalshöllinni í gær.

þessari helgi og tekið það með sér,“ sagði Gunnar Berg.

Frábær endurkoma Valskvenna

Valskonur voru bikarmeistaratalinn þegar liðið vann Fram 25-22. Leikurinn var æsispennandi enda tvö bestu lið landsins að mætast. Safamýrarliðið var fjórum mörkum yfir í hálfleik en þegar Valur kemst í girinn er liðið illviðráðanlegt eins og sást ber-sýnilega í seinni hálfleik.

„Þetta er algjör himnasæla,“ sagði Guðný Jenný Ásmundsdóttir, markvörður Vals, eftir leikinn.

„Við vorum ekki nægilega góðar í fyrri hálfleik, Fram spilaði vörnina framarlega og við virtumst ekki vera undir þetta búna. Við vorum staðar í sókninni og þetta leit ekki nægilega vel út. En í seinni hálfleik lagaðist þetta. Við fórum að vinna boltann oftar og náðum að leysa sóknirnar okkar

betur. Meðbyrinn var með okkur og maður fann það bara að við værum að fara að klára þetta.“

Guðný segir að þrátt fyrir erfiðleikana í fyrri hálfleik hafi liðið aldrei misst trúna og sjálfs-traustið.

„Við skoruðum bara átta mörk í fyrri hálfleik en um leið og mörkin fóru að koma gekk þetta vel. Reynslan í liðinu er mikil og það er vant því að spila svona leiki. Við höfum spilað marga svona leiki við Fram.“

Halldór Jóhann Sigfússon, þjálfari Fram, var skiljanlega svektur eftir leik.

„Það er alltaf erfitt að tapa bikarúrslitum og maður er mjög svektur en við eigum eftir að skoða þennan leik ítarlega í rólegheitum og finna út hvað fór úrskeiðis,“ sagði Halldór.

„Það vantaði ákefð í liðið í byrjun seinni hálfleiks og Valur

„Meðbyrinn var með okkur og maður fann það bara að við værum að fara að klára þetta.“

Guðný Jenný Ásmundsdóttir Valskona

kemst á bragðið. Við vorum með tókin en héldum ekki áfram því sem við vorum að gera og þá datt þetta niður.“

Halldór segir að reynsla Valsliðsins hafi komið bersýnilega í ljós eftir hálfleikinn. „Þær eru með gríðarlega reynslu í því að spila svona leiki en sama má segja um okkar lið. Það var of mikið að tapa þessum leik á endanum með þremur mörkum.“

Þorgerður Anna Atladóttir var markahæst í Valsliðinu og var valin maður leiksins.

- gmi, egm



HRESSIR Ingimundur, Sturla Ásgeirsson og Björgvin Hólmgeirsson fagna í gær en þeir komu allir aftur í ÍR síðasta sumar.

Kvaddi með bikar og heilsar með bikar

HANDBOLTI Ingimundur Ingimundarson varð bikarmeistari með ÍR í annað sinn í gær þegar liðið lagði Stjörnuna í úrslitum Símbikarsins.

„Þetta er aðeins öðruvísi því 2005 var ég búinn að ákveða að yfirgefa félagið eftir tímabilið og var ákveðinn að koma með bikar til félagsins áður en ég færi út og núna er ég að koma til félagsins og þá komum við aftur með bikarinn í hús upp í Breiðholt. Hann er einkar fallegur í skápnum uppi í Breiðholti,“ sagði Ingimundur eftir leikinn í gær en hann er kominn heim í ÍR eftir sjö ára útleið.

„Þetta er æðislegt. Helgin hefur verið æðisleg og þetta hefur

heppnast fullkomlega. Þú sérð áhorfendur okkar og stuðningsmenn. Þetta fólk er yndislegt. Þú sérð það á leikjum uppi í Austurbergi.

Það er fleira fólk í gulum vestum en stuðningsmenn í mörgum öðrum húsum á Íslandi. Þetta er ótrúlegt. Þessi bikar er fyrst og fremst félagsins og þeirra,“ sagði Ingimundur klökkur yfir stuðningnum sem liðið fékk.

„Við undirbyggjum okkur mjög vel fyrir leikinn og það hjálpaði okkur að hafa spilað við Selfoss í undanúrslitum. Við vissum að við þyrftum að byrja vel gegn liði sem hefur allt að vinna og engu að tapa,“ sagði Ingimundur.

- gmi

40% afsláttur
á Jonnesway verkfærum í mars



JONNESWAY
PROFESSIONAL TOOLS SERIES

20% afsláttur á
öllum öðrum
verkfærum í mars

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Thelma og Ólafur voru sigursæl

Íslandsmótið í áhaldafimleikum fór fram helgina og var mikið um góð tilprif.

FIMLEIKAR Gerplufólkið Thelma Rut Hermannsdóttir og Ólafur Garðar Gunnarsson voru sigursæl á Íslandsmótinu í áhaldafimleikum um helgina en það fór fram í Versölum í Kópavogi. Thelma vann þrjá Íslandsmeistararitla en Ólafur fjóra.

Á laugardag urðu þau Íslandsmeistarar í fjölþraut. Thelma var þar að vinna þann titil í fimmta sinn en Ólafur í fyrsta sinn.

Dominiqua Alma Belaný úr Gróttu varð önnur í kvennaflokki og Agnes Suto úr Gerplu

þriðja. Róbert Kristmannsson úr Gerplu varð annar í karlaflokki og Ármennurinn Jón Sigurður Gunnarsson hirti bronsið.

Í gær fóru síðan fram úrslit á einstökum áhöldum. Thelma vann þá bæði í stökki og á slá en Ólafur vann í hringjum, stökki og svifrú.

Dominiqua varð Íslandsmeistari á tvíslá en Hildur Ólafsdóttir úr Fylki var best á gólfinu.

Róbert Kristmannsson varð Íslandsmeistari á gólfi sem og á bogahesti en Sigurður Andrés Sigurðsson var bestur á tvíslánni.

Í unglingsflokkum vann Valgarð Reinhardsson úr Gróttu á gólfi, hringjum og stökki. Hrannar Jónsson úr Gerplu vann á bogahesti, tvíslá og á svifrú.

Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir úr Gerplu vann á stökki og gólfi, Kristjana Ýr Kristinsdóttir á tvíslá og Gyða Einarsdóttir úr Gerplu vann á slá.

- hbg

TAKTAR Thelma Rut sýndi mörg frábær tilprif um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



EIÐUR SMÁRI Er að finna sig vel í Belgíu. NORDICPHOTOS/AFP

Eiður tryggði Brugge sigur

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen tryggði Club Brugge 2-1 sigur á Zulte-Waregem í belgísku úrvalsdeildinni í fótbolta um helgina. Ólafur Ingi Skúlason skoraði mark Zulte-Waregem í uppbótartíma.

Carlos Arturo Bacca kom Brugge yfir á 48. mínútu og fjórum mínútum síðar kom Eiður Smári Guðjohnsen inn á. Eiður Smári skoraði annað mark Brugge á 87. mínútu en Ólafur Ingi minnkaði muninn á annarri mínútu uppbótartíma en Ólafur lék allan leikinn.

Brugge er í fjórða sæti deildarinnar, stigi á eftir Genk og nú stigum á eftir Zulte-Waregem.

Arnar Þór Viðarsson lék allan leikinn fyrir Cercle Brugge sem tapaði 3-1 fyrir Mons á heimavelli. Cercle Brugge er langneðst í deildinni og ekkert virðist geta bjargað liðinu frá falli. Mons er í sjöunda sæti.

Stefán Gíslason lék í 42 mínútur fyrir OH Leuven sem tapaði 4-0 fyrir Standard Liege. Leuven var manni fleiri allan seinni hálfleikinn en náði engan vegin að nýta sér liðsmuninn.

Leuven er í 10. sæti deildarinnar en Standard Liege er í 5. sæti, stigi á eftir Club Brugge. - gmi

Nike að hjálpa Man. Utd?

FÓTBOLTI Fréttir frá Englandi herma að forráðamenn Manchester United hafi fundað með íþróttavöruframleiðandanum Nike til að finna leið til að fjármagna kaup félagsins á Portúgalanum Cristiano Ronaldo frá Real Madrid.

Manchester United seldi Ronaldo til Real Madrid sumarið 2009 en nú þykir Ronaldo vera orðinn ósáttur hjá spænska stórlíðinu og vilja aftur á Old Trafford.

Sir Alex Ferguson hefur gefur lítið fyrir þann orðróm að Ronaldo gæti verið á leið aftur til Manchester en fregnir herma að forráðamenn Manchester United hafi rætt ítarlega við Nike um hvernig hægt sé að fjármagna endurkomu þessa frábæra knattspyrnumanns til Manchester United. - gmi

NÚ ER KOMIÐ AÐ ÍBÚUM Í

Laugardal, Háaleiti og Bústöðum

AÐ HÆTTA AÐ HENDA PAPPÍR Í RUSLIÐ



PAPPÍR ER EKKI RUSL



Sorphirða í Reykjavík mun á næstu mánuðum breytast til hins betra – og nú er komið að Laugardal, Háaleiti og Bústöðum. Reykvíkingar munu á þessu ári hætta alfarið að henda pappír, pappa, dagblöðum, tímaritum, fernum og skrifstofupappír í almennar sorptunnur.

Pappír er verðmætt efni sem auðvelt er að nýta til hagsbóta fyrir umhverfið. Í stuttu máli: **Pappír er ekki rusl.**

TVÆR LEIÐIR TIL AÐ LOSNA VIÐ PAPPÍRINN

BLÁ TUNNA

Þú pantar bláa tunnu á pappirekkir.is, með símtali í 4 11 11 11 eða með tölvupósti á sorphirða@reykjavik.is. Við komum með bláu tunnuna til þín innan nokkurra daga.



GRENNDARGÁMAR

Á pappirekkir.is finnur þú næsta grenndargám í þínu hverfi.



Allt um breytta sorphirðu er að finna á pappirekkir.is

ER KOMIÐ AÐ ÞÍNU HVERFI?



Kjalarnes – LOKID



Grafarholt og Úlfarsárdalur – LOKID



Árbær og Grafarvogur – LOKID




Breiðholt – LOKID



Laugardalur, Háaleiti og Bústaðir



Miðbær og Hlíðar



Vesturbær

– Takk fyrir að flokka!



Reykjavíkurborg **SORPA**

HOLLT OG GOTT

fyrir fjölskylduna!



1498

kr. kg

Ýsflök, roð- og beinlaus



1498

kr. kg

Ýsflök í raspi, roð- og beinlaus

Frábær sigur hjá Liverpool gegn Tottenham

FÓTBOLTI Liverpool hægði á Tottenham-hraðlestinni í gær er liðið vann góðan 3-2 heimasigur í stórskemmtilegum leik.

Luis Suarez kom Liverpool yfir en Tottenham svaraði með tveimur mörkum frá Jan Vertonghen. Gylfi Þór Sigurðsson fékk kjörð tækifæri til þess að koma Spurs í 3-1 en skot hans endaði í stönginni.

„Þetta tap er gríðarlega svekkjandi því við spilðum vel og fengum færi Vendipunkturinn var þegar Gylfi gat komið okkur í 3-1. Svona er boltinn og við verðum að þjappa okkur saman fyrir næsta verkefni,“ sagði Andre Villas-Boas, stjóri Spurs, eftir leikinn.

Það er ekki bara Spurs sem hefur verið á siglingu því Liverpool var að vinna sinn fjórða leik í röð.

„Karakter strákanna í þessum leik var rosalegur. Fyrr í vetur hefðum við tapað svona leik. Það er að verða

erfitt að mæta okkur aftur á heimavelli,“ sagði Rodgers kampakátur.

„Mínir menn voru frábærir gegn mögnum liði Tottenham. Ég er ánægður fyrir hönd strákanna sem eru að leggja mikið á sig. Það er nauðsynlegt að vinna alla leiki á þessum tímamarki og það er sigling á okkur. Vonandi verður framhald á því.“

- hbg

GERRARD Fagnar hér sigurmarki sínu í leiknum.

NORDICPHOTOS/GETTY



MIKILVÆGT Mark Ramires fagnar hér jöfnunarmarki sínu í gær. Michael Carrick, leikmaður Man. Utd, er ekkert sérstaklega kátur.

NORDICPHOTOS/GETTY

Klúður hjá Man. Utd

Man. Utd missti niður tveggja marka forskot gegn Chelsea er liðin mættust í átta liða úrslitum ensku bikarkeppninnar. Dregið var í undanúrslit keppninnar í gær og mun Man. City mæta annaðhvort nágrönnum sínum eða Chelsea næst.

FÓTBOLTI Leikmenn Man. Utd voru klaufar í gær er þeir misstu niður góða stöðu gegn Chelsea. Þegar upp var staðið var United heppið að tapa hreinlega ekki leiknum.

United byrjaði leikinn með miklum látum. Javier Hernandez byrjaði á því að skalla snilldar-sendingu Michael Carrick í netið. Wayne Rooney skoraði svo beint úr aukaspyrnu. Sending í teiginn sem enginn kom við og boltinn hafnaði í markhorninu.

United fékk tækifæri til þess að bæta við mörkum en nýtti ekki færin. Það átti eftir að koma í bakið á heimamönnum.

Chelsea sótti í sig veðrið í seinni hálfleik og Eden Hazard jafnaði leikinn með glæsilegu skoti utan teigs. Ramires jafnaði síðan leikinn. Chelsea fékk bestu færin það sem eftir lifði leiks og var ekki fjarri því að stela sigrinum

og tryggja sér sæti í undanúrslitunum.

„Við vorum að spila á erfiðum velli gegn stórlíði Man. Utd. Þetta voru því góð úrslit fyrir okkur. Við hefðum getað skorað fleiri mörk en De Gea varði vel í markinu. Við getum verið stoltir eftir þennan leik. Það verður gott að eiga seinni leikinn á heimavelli,“ sagði Spánverjinn Juan Mata, leikmaður Chelsea, en ekki hefur verið ákveðið hvenær liðin mætast aftur.

Rafa Benitez, stjóri Chelsea, var svekktur að hafa ekki klárað leikinn.

„Við áttum skilið að vinna þennan leik. Við vorum miklu betri í síðari hálfleik, stjórnunum leiknum og fengum betri færi. Það munaði litlu að Mata kláraði leikinn í lokin en De Gea varði vel,“ sagði Benitez en hann vill

ekkert hugsa um undanúrslitin strax.

„Það kemur ekki til greina. Við verðum að einbeita okkur að seinni leiknum gegn United fyrst. Það verður ekki auðvelt enda er United með frábært lið.“

Spánverjinn var þó ekki sáttur við Sir Alex Ferguson, stjóra Man. Utd, sem tók ekki í hönd hans eftir leikinn.

„Ég beið eftir honum en hann kom ekki. Þið veðið að spyrja hann af hverju ef þið þorið því,“ sagði Benitez en viðurkenndi að hafa ekki verið tilbúinn alveg í loks leiksins því hann hafi verið að fagna með sínum mönnum.

Man. Utd eða Chelsea mun mæta Man. City í undanúrslitunum sem fara fram 13. og 14. apríl. Wigan mætir svo Millwall eða Blackburn í hinum undanúrslitaleiknum.

henry@frettabladid.is

ÚRSLIT

ENSKA ÚRVALSDEILDIN

NEWCASTLE - STOKE CITY 2-1

0-1 Jonathan Walters, vfti (66.), 1-1 Yoahn Cabaye (72.), 2-1 Papiss Demba Cisse (90.+2).

LIVERPOOL - TOTTENHAM 3-2

1-0 Luis Suarez (20.), 1-1 Jan Vertonghen (44.), 1-2 Jan Vertonghen (52.), 2-2 Stewart Downing (65.), 3-2 Steven Gerrard, vfti (81.).

NORWICH - SOUTHAMPTON 0-0

QPR - SUNDERLAND 3-1

0-1 Luke Moore (33.), 1-1 Loic Remy (30.), 2-1 Andros Townsend (70.), 3-1 Jermaine Jenas (90.).

READING - ASTON VILLA 1-2

1-0 Nathan Baker, sjm (32.), 1-1 Christian Benteke (33.), 1-2 Gabriel Agbonlahor (45.).

WBA - SWANSEA 2-1

0-1 Luke Moore (33.), 1-1 Romelu Lukaku (40.), 2-1 Jonathan de Guzman, sjm (61.).

STADAN

Man. United	28	23	2	3	68-31	71
Man. City	28	17	8	3	51-24	59
Tottenham	29	16	6	7	51-36	54
Chelsea	28	15	7	6	58-30	52
Arsenal	28	13	8	7	53-32	47

Liverpool	29	12	9	8	55-36	45
Everton	28	11	12	5	44-35	45
West Brom	29	13	4	12	40-38	43
Swansea	29	10	10	9	40-36	40
Fulham	28	8	9	11	39-44	33
Stoke	29	7	12	9	27-35	33
Newcastle	29	9	6	14	40-50	33
West Ham	28	9	6	13	32-41	33
Norwich	29	7	12	10	27-45	33
Sunderland	29	7	9	13	32-41	30
Southampton	29	6	10	13	39-51	28
Aston Villa	29	6	9	14	28-54	27
Wigan	28	6	6	16	33-55	24
Reading	29	5	8	16	35-56	23
QPR	29	4	11	14	24-45	23

ENSKA BIKARKEPPNIN

MAN. UTD - CHELSEA 2-2

1-0 Javier Hernandez (5.), 2-0 Wayne Rooney (11.), 2-1 Eden Hazard (59.), 2-2 Ramires (68.).

MILLWALL - BLACKBURN 0-0

EVERTON - WIGAN 0-3

0-1 Maynor Figueroa (30.), 0-2 Callum McManaman (31.), 0-3 Jordi Gomez (33.).

MAN. CITY - BARNSELEY 5-0

1-0 Carlos Tevez (11.), 2-0 Aleksandar Kolarov (27.), 3-0 Carlos Tevez (31.), 4-0 Carlos Tevez (50.), 5-0 David Silva (65.).



TEVEZ Fagnar um helgina.

NORDICPHOTOS/GETTY

Tevez í stuði

FÓTBOLTI Argentínumaðurinn Carlos Tevez skoraði þrennu er Man. City pakkadi Barnsley saman, 5-0. Stjóri liðsins, Roberto Mancini, hrósaði leikmanninum eftir leik en hann veit ekki hvort hann verði áfram hjá félaginu.

„Það er mikilvægt að Tevez haldi áfram að skora því við þurfum á mörkum hans að halda það sem eftir er af leiktíðinni,“ sagði Mancini. „Ég vil ekki tala um hvað mun gerast næsta sumar. Carlos á ár eftir af samningnum þannig að þetta ráðst af því hvað hann vill gera.“

- gmi

BRETTUM UPP ERMAR GEFUM BLÓÐ

Það tekur stutta stund að gefa blóð.

Atvinnurekendur! Auðveldum starfsfólki að gefa blóð og bjarga mannlífum.

Sigríður Margrét Oddsdóttir, forstjóri Já



Stöð 2 kl. 20.55 Covert Affairs

Spennandi þáttaröð um Annie Walker sem starfar sem njósnari fyrir bandarísku leyniþjónustuna CIA. Í þættinum í kvöld kemst Annie að því að gamall vinur hennar, útsendari Mossad, er í Washington og þykist vera að vinna á vegum CIA. Hún lætur hjartað ráða för en það gæti reynst hættulegt.



Í KVÖLD



CSI

SKJÁR 1 KL. 22.00 Russel og deild hans eru send á vettvang þegar lítil einkaflugvél hrapar rétt eftir að hafa tekið á loft. Sara vinnur með rannsóknardeildarmanni frá San Francisco sem hún á rómantíska fortíð með og svo virðist sem ekki sé alveg slökknáð í gömlum glæðum.

TV.COM 8,9
IMDb 7,8



Planet Earth Live: A Tale of Three Bears

RÚV KL. 20.05 David Attenborough og félagar fjalla nú um ungu dýrin í villtri náttúrunni. Við fáum að sjá svartbjarnarhúna stíga sín fyrstu skref auk þess sem ljónshvolpi bregður fyrir, fílskálfí, makakíapa og jarðketti.

TV.COM 8,8
IMDb 9,5



Holidate

POPPTÍVÍ KL. 20.15 Framþenjandi viðburðarstjórnandi frá San Diego hefur vistaskipti við frjálslýndan skartgripaverslunareiganda frá Jersey. Báðar konurnar hafa valið þrjú piparsveina fyrir hina til að fara á stefnumót við, í þeirri von að hvor finni ástina í borg annarrar.

TV.COM 2,0
IMDb 5,4

RÁS 1

FM 92,4/93,5

06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfregni 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni 13.00 Hringisól 14.00 Fréttir 14.03 Orð um bækur 15.00 Fréttir 15.03 Útlitssagan: Skaparinn 15.25 Fólki og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Bak við stjórnurnar 17.00 Fréttir 17.03 Viðsjá 18.00 Spegillinn 18.50 Veðurfregni 18.53 Dánarfregni 19.00 Endurumur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Okkar á milli 21.10 Ópus 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregni 22.10 Lestur Passíusálma 22.20 Samfélagið 22.30 Albímið: A Night at the Opera - Queen 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

RÚV

- 16.00 Silfur Egils (e)
- 16.50 Landinn (e)
- 17.20 Sveitasæla
- 17.31 Spurt og sprellað
- 17.38 Töfrahnötturinn
- 17.51 Angelo ræður
- 17.59 Kapteinn Karl
- 18.12 Grettir
- 18.15 Táknáfréttir
- 18.25 Innlit til arkitekta (3:8) (Arki-tekens hjem) (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfregni
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Dýralíf – Sagan um birnina þrjá (1:5) (Planet Earth Live: A Tale of Three Bears) Fræðslumyndaflokkur frá BBC.
- 21.00 Löðrungurinn (2:8) (The Slap) Ástralskur myndaflokkur byggður á met-sölubók eftir Christos Tsiolkas um við-tækar afleiðingar sem einn löðrungur hefur á hóp fólks. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfregni
- 22.20 Íslenski boltinn Í þættinum er sýnt úr leikjum á Íslandsmóti karla og kvenna í handbolta og körfubolta.
- 23.05 Glæpurinn III (5:10) (Forbrydel-sen III) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.05 Kastljós (e)
- 00.30 Fréttir
- 00.40 Dagskrárlok

BIÓ

- 12.15 Noise
- 13.45 Red Riding Hood
- 15.05 Flash of Genius
- 17.05 Noise
- 18.35 Red Riding Hood
- 20.00 Flash of Genius
- 22.00 127 Hours
- 23.35 War Horse
- 02.00 Triassic Attack
- 03.25 127 Hours

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm in the Middle (8:25)
- 08.30 Ellen (113:170)
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors (100:175)
- 10.15 Wipeout
- 11.00 Drop Dead Diva (6:13)
- 11.50 Hawthorne (2:10)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Frasier (20:24)
- 13.25 The X-Factor (26:27)
- 14.50 ET Weekend
- 15.35 Barnatími Stöðvar 2
- 16.50 Bold and the Beautiful
- 17.10 Nágrannar
- 17.35 Ellen (114:170)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 The Big Bang Theory (9:24)
- 19.40 The Middle (22:24)
- 20.05 One Born Every Minute (8:8) Vandaðir og áhugaverðir þættir sem gerast á fæðingadeild á breskum spítala þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklína í heiminn.
- 20.55 Covert Affairs (13:16) Önnur þáttaröðin um Annie Walker sem var nýliði hjá CIA og enn í þjálfun þegar hún var skyndilega kölluð til starfa.
- 21.40 Boss (7:8) Stórbrotin verðlauna-þáttaröð með Kelsey Grammer í hlut-verki borgarstjóra Chicago sem svífst einskis.
- 22.35 Man vs. Wild (12:15) Ævintýra-legir þættir frá Discovery með þátta-stjórnandanum Bear Grylls sem heim-sækir ólíka staði víðs vegar um heiminn.
- 23.25 Modern Family (13:24)
- 23.45 How I Met Your Mother (12:24)
- 00.10 Two and a Half Men (6:23)
- 00.35 Burn Notice (17:18)
- 01.20 Episodes (3:7)
- 01.45 The Killing (6:13)
- 02.30 Covert Affairs (13:16)
- 03.15 The Middle (22:24)
- 03.40 Man vs. Wild (12:15)
- 04.25 Drop Dead Diva (6:13)
- 05.10 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 07.00 FA-bikarinn: Man. Utd. - Chelsea
- 17.40 FA-bikarinn: Millwall - Blackburn
- 19.20 Spænski boltinn: Celta - Real Madrid
- 21.00 Spænsku mörkin
- 21.30 Ensku bikarmörkin
- 22.00 FA-bikarinn: Man. Utd. - Chelsea
- 23.40 Meistaradeild Evrópu: fréttar-þáttur

SPORT 2

enski boltinn

- 07.00 Liverpool - Tottenham
- 16.00 Norwich - Southampton
- 17.40 Sunnudagsmessan
- 18.55 Premier League Review Show 2012/13
- 19.50 PL Classic Matches: Liverpool - Tottenham, 1992
- 20.20 Liverpool - Tottenham
- 22.00 Premier League Review Show 2012/13
- 22.55 Football League Show 2012/13
- 23.25 Reading - Aston Villa

krakkar

- 07.00 Harry og Toto
- 07.10 Elías
- 07.20 Áfram Diego, áfram!
- 07.45 Waybuloo
- 08.05 Svampur Sveinsson
- 08.25 Dóra könnuður
- 08.50 Doddi litli og Eyrnastór
- 09.00 UKI
- 09.05 Strumpanir
- 09.30 Skógardýrið Húgó
- 09.55 Histeria!
- 10.15 Ofurhundurinn Krypto
- 10.40 Ævintýri Tinna
- 11.00 Stöð 2 Krakkar – barnatími
- 17.05 Hundagengið
- 17.30 Leðurblökumaðurinn
- 17.55 iCarly (5:45)

POP TÍVÍ

- 17.05 Simpson-fjölskyldan Quimby borgarstjóri ákveður að leyfa hjónavígslu samkynhneigðra í Springfield í von um að auka ferðamannastrauminn.
- 17.30 ET Weekend Allt það helsta sem gerðist í vikunni í heimi fína og fræga fólksins er tíundað á hressilegan hátt.
- 18.15 Gossip Girl (17:22) Fjórða þátta-röðin um líf fordekræðra unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist.
- 19.00 Friends (11:24)
- 19.25 How I Met Your Mother (5:24)
- 20.15 Holidate (9:10) Raunveruleika-þættir um konur í ástarleit. Tvær ólíkar konur hafa vistaskipti í hverjum þætti og flytja í borg hinnar um stund. Þar kanna þær markaðinn og fara á nokkur stefnumót. Finni þær álitlegan herra bjóða þær honum svo með sér aftur til sinnar heimaborgar í lok þáttar.
- 20.55 FM 95BLÓ Tækifæri á að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarps-þættinum FM95BLÓ.
- 21.20 The Lying Game (5:20) Dramatískir spennuþættir um eínggja tvíbura-systur sem voru aðskildar við fæðingu. Örlög þeirra urðu gjörólík, önnur ólst upp í fátækt, hin í vellystingum. Þegar sú fyrrnefnda kemst að sannleikanum ákveður hún að hafa uppi á systur sinni en þá fara dularfullir atburðir að gerast.
- 22.05 The O.C (12:25) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Þriðja þáttaröð.
- 22.50 Holidate (9:10)
- 23.30 FM 95BLÓ
- 23.55 The Lying Game (5:20)
- 00.40 The O.C (12:25)
- 01.30 Tónlistarmyndbönd Popptíví

GULL

- 18.20 Doctors (152:175)
- 19.00 Ellen (114:170)
- 19.40 Logi í beinni
- 20.20 Eldsnöggt með Jóa Fel
- 20.55 The Practice (7:13)
- 21.40 Logi í beinni
- 22.20 Eldsnöggt með Jóa Fel
- 22.55 The Practice (7:13)
- 23.40 Tónlistarmyndbönd Popptíví

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Dr. Phil
- 08.45 Pepsi MAX tónlist
- 16.00 Kitchen Nightmares (5:13)
- 16.45 Judging Amy (4:24)
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 Top Gear USA (3:16)
- 19.05 America's Funniest Home Videos
- 19.30 Will & Grace (15:24)
- 19.55 Parks & Recreation (18:22)
- 20.20 Hotel Hell (3:6) Skemmtileg þáttaröð frá meistara Gordon Ramsey þar sem hann ferðast um gervöll Bandaríkin í þeim tilgangi að gista á verstu hótélum landsins. Ramsey reynir að bjarga hóteli frá gjaldþroti en það gæti reynst erfitt þar sem þolinmæði bankans er á þrotum.
- 21.10 Hawaii Five-0 (3:24) Steve McGarrett og félagar handsama hættulega glæpamenn í skugga eldfjallanna á Hawaii í þessum vinsælu þáttum. Steve og Danny ákveða að fara á veiðar en lenda því miður heldur illa í því.
- 22.00 CSI (10:22) CSI eru einir vinsælu-þættir frá upphafi á SkjáEinum. Ted Danson er í hlutverki Russels, yfirmanns rannsóknardeildarinnar í Las Vegas.
- 22.50 CSI (20:23)
- 23.30 Law & Order: Criminal Intent (3:8)
- 00.20 The Bachelorette (5:10)
- 01.50 CSI: Miami (22:22)
- 02.30 Hawaii Five-0 (3:24)
- 03.20 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 07.10 The Honda Classic 2013 (4:4) 12.10 Golfing World 13.00 The Honda Classic 2013 (4:4) 18.00 Golfing World 18.50 The Honda Classic 2013 (4:4) 22.00 Golfing World 22.50 Champions Tour Year-in-Review 2013 23.45 ESPN America

INN

- 20.00 Bubbi og Lobbi, kosningakronika
- 20.30 Allt um golf 21.00 Frumkvöðlar 21.30 Suðurnesjamagasin

ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útlit Saga

FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útlit Latibær

FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útlit Boðun

Þú færð alltaf Vildarpunkta þegar þú verslar, líka erlendis

Kynntu þér kostina á www.americanexpress.is



Kortid sem kemur þér út



KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

PÁSKATILBOÐ



PÁSKALEIKUR

3 TOSHIBA FARTÖLVUR OG
100 PÁSKAEGG AF STÆRSTU GERÐ
FRÁ NÓA SÍRÍUS Í VINNING!

Allir sem versla í mars fara í pott og geta unnið páskaegg nr. 7 frá Nóa-Síríus. Inni í þremur eggjum er svo gjafabréf á 15,6" fartölvu frá Toshiba!



TOSHIBA

NEXUS 7

ASUS

ASUS NEXUS7C-1B018A



Mjög öflug 7" Google spjaldtölva frá Asus með Tegra 3 fjögurra kjarna örgjörva, IPS skjá og 32GB minni. Frábær myndgæði, sterkbygð og mjög hröð í öllum aðgerðum.

54.990

PASSAR Í VASA



Seagate

Seagate Expansion 500GB 500 GB nettur og 2,5" vasaflokkari með USB3.0 og margföldum gagnaflutningshraða. Þarf ekki straumbreyti, hlaðanlegur gegnum USB snúru.

11.990

BLEIK HEYRNARTÓL

steelseries



HEAD SS SIBV2 PI Hágæða bleik heyrnartól frá Steelseries með útdraganlegum hljóðnema fyrir Skype og leikjaspilun. Mjög þægileg og vönduð.

19.990

RAZER ANANSI LYKLABOÐ



KEYBOARD ANANSI

RAZER

Sérhannað lykklaborð fyrir leikjaspilara með 7 nýjum aðgerðartökkum sem gefa möguleika á því að forrita 100 aðgerðartakka.

17.990

COOLER MASTER

CM HAF 912 Plus



Mjög flottur leikjakassi með öflugri kæligetu, hljóðeinangrun og tengimöguleikum fyrir kröfuharða leikjaspilara.

15.990

2TB FLAKKARI



Seagate

Seagate Expansion 2TB USB 3 Stillhreinn og traustur 2TB Seagate flakkari með USB 3.0. Hraður gagnaflutningur og þægileg afritun.

18.990



W-LED FULL HD SKJÁR

S L24AO E2450SWDAK LED skjár með 1920 x 1080 upplausn með W-LED baklýsingu og 20.000.000:1 skerpu.

29.990

RAZER LEIKJAMÚS

RAZER



Razer DeathAdder Ofurnákvæm 3500 dpi leikjamús með 3,5G innrauðum nema. Gullhúðað USB tengi tryggir 1ms svartíma.

11.990

tl.is

WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM!

PROMENNT

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.



TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRÁUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

HAFNARFJÖRÐUR
REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750

MÁNUDAGSLAGIÐ



„Það er Black Slice með Ben Howard. Þetta er ekta lag fyrir sunnudagsmorgna en þegar ég hlusta á það á mánudögum líður mér eins og það sé enn þá sunnudagur.“

Marjan Venema, starfsmaður tískuhátíðarinnar RFF.

Styrkir systur sína í forræðisdeilu

Stefán Svan Aðalheiðarson heldur uppboð á hönnunurvörum á Hönnunarmars.

„Ég er vanur að halda alls konar markaði og í samvinnu við vini og annað gott fólk varð þessi hugmynd að veruleika,“ segir Stefán Svan Aðalheiðarson um fatauppboð og -markað sem hann skipuleggur í tengslum við Hönnunarmars og Reykjavík Fashion Festival.

Viðburðurinn fer fram í Kexi hosteli þann 16. mars næstkomandi og mun allur ágóði renna óskiptur til Hjördísar Svan, en hún hefur staðið í harðri for-

ræðisdeilu við danskan barnsföður sinn í þrjú ár.

Aðeins verða hönnunarflíkur boðnar upp á viðburðinum en einnig verður hægt að kaupa hönnun frá Ellu, Aftur, Munda, Hildi Yeoman og fleirum á fatamarkaðnum. Jón Gnarr borgarstjóri stýrir uppboðinu auk þess sem Edda Guðmundsdóttir stílisti og Roxanne Lowit, ljósmyndari og heidursgestur RFF, verða með óvænta uppkömu á staðnum.

„Það hafa allir tekið mjög vel í hugmyndina og fólk hefur verið

ofboðslega jákvætt, enginn hefur neitað mér enn þá. Það verða margar mjög skemmtilegar flíkur í boði þennan dag og hver einasta króna mun renna til systur minnar. Gangi þetta vel væri gaman að gera þetta að árlegum viðburði og þannig styrkja fleiri góð mál-efni,“ segir hann að lokum.

Hafi fólk áhuga á að gefa flík í söfnunina getur það haft samband við Stefán í gegnum netfangið stefansvan@gmail.com.

- sm



HÖNNUN FYRIR GOTT MÁLEFNI
Stefán Svan Aðalheiðarson heldur uppboðsmarkað í tengslum við Hönnunarmars.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

5. APRÍL Í HÖRPU
LADDI LENGIR LÍFIÐ

Einleikin gamansemi eftir Karl Ágúst, Ladda og Sigga Sigurjóns

TRYGGÐU
ÞÉR
MIÐA!
NÁVAR Á SENA.IS/LADDI



MIÐASALAN ER OPIN!

Miðasala fer fram á Miði.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.

sená



SPENNTUR FYRIR FÖÐURHLUTVERKINU Jón Jónsson biður rólegur eftir að komast út til að uppfylla samning sinn við Sony en er spenntur yfir því að verða faðir í fyrsta sinn í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Tekur lengri tíma en ég reiknaði með

Tónlistarmaðurinn Jón Jónsson fékk á dögnum afhenta sína fyrstu gullplötu fyrir plötuna Wait for Fate. Hann viðurkennir að hlutirnir hafi gengið hægar en hann bjóst við með plötusamning sinn við stórfyrirtækið Sony.

„Það er klárt mál að það var alltaf stefnan að ná gullinu, það kom hún kom út sumarið 2011. Síðan þá hefur hún selst jafnt og þétt en meðal laga sem hafa náð miklum vinsældum á plötunni eru Wanna Get In, Lately, Always Gonna be There og When You're Around. „Sem ritstjóri Monitors fæ ég reglulega sendar sölutölur og sé að platan var alltaf að tikka eitt-hvað smá inn. Það er kannski vandræðalegt að segja frá þessu en ég ákvað því að senda póst á Senu og athuga hvort ég færi ekki að nálgast gullið. Sama dag fékk

ég símtal um að takmarkinu væri náð. Það má því segja að ég hafi uppgötvað þetta sjálfur.“

Jón komst í fréttirnar síðasta haust er það var opinberað að hann hefði landað plötusamning við LA Reid hjá útgáfurisnum Sony. Jón viðurkennir að málin hafi tekið aðeins lengri tíma en hann bjóst við enda átti hann von á því að fara út síðastliðið haust. „Þetta er risabatteri og margir sem koma að mínum málum. Ekki beint eins og hér heima þar sem nóg er að rúnta bara milli útvarpsstöðvanna með nýja lagið sitt. Ég bjóst samt við að vera búinn að fara út og fá stöðuna en vona að það verði sem fyrst,“ segir Jón sem er í reglulegu sambandi við sinn mann úti, Bryant Reid, en síðan um áramótin hefur hann tekið upp þrettán ný lög. „Ég hefði

viljað vera búinn að gefa út aðra plötu en það hefur allt verið í biðstöðu. Nú er ég með þrettán ný lög tilbúin og á því von á að nýju og gömlu efni verði blandað saman á plötunni sem verður gefin út úti.“

Jón kveðst rólegur yfir þessu öllu saman enda með góðan samning í höndunum. Nú er hann að búa sig undir föðurhlutverkið en Jón og kærasta hans, Hafdís Björk, eiga von á sínu fyrsta barni í júní. Hann hefur engar áhyggjur af því að geta ekki blandað saman risandi tónlistarferli og föðurhlutverkinu enda eigi hann mjög skilningsríka kærustu. „Ég er spenntur fyrir þessu og ekkert stressaður enn. Núna reyni ég samt að vera extra duglegur að spila til að hafa efni á kerru. Það er svolítið myndi.“

alfrun@frettabladid.is

Fengu fimm stjörnur

Tónleikar Sigur Rósar í Brixton Academy tókust vel.

Sigur Rós hefur fengið mjög góða dóma í Bretlandi fyrir tónleika sína á hinum fræga stað Brixton Academy í London. Blaðamaður The London Evening Standard gefur tónleikunum fullt hús, eða fimm stjörnur. „Tónlistin þeirra hefur verið notuð í bakgrunni margra kvikmynda og auglýsinga en í gærkvöldi [á fimmtudagskvöld] sannaði Sigur Rós að hún réði auðveldlega við stóra sviðið,“ skrifaði gagnrýnandinn og líkti rödd söngvarans Jónsa við blöndu af Thom Yorke, söngvara Radiohead, og kvikmyndapersonunnar ET. Hann bætti við að ef fólk vildi fæða barn í vatni væri

kjörið að spila lagið Starálfur á meðan. „Þegar heimsendir verður loksins er líklegt að hann hljómi ekki eins epískur og þetta loklag. Í einu orði sagt: Stórkostlegt.“

Vefsíðan Gigwise segir tónleikana hafa verið svakalega upplifun. „Sigur Rós er ein metnaðarfullsta og óhefðbundnasta hljómsveit allra tíma. Vonandi halda þeir áfram að vera svona mikilfenglegir og skrítnir.“



GÓÐIR DÓMAR
Hljóm-sveitin Sigur Rós fær góða dóma í Bretlandi.



Samsung SMART LED TV 8 serían + GALAXY Tab 2 7.0
WiFi – tilboð 2013

SAMSUNG



NÚ Á LÆKKUÐU VERÐI

Samsung SMART LED TV 8 serían + GALAXY Tab 2 7.0 WiFi

SAMSUNG SETRIÐ

Síðumúla 9 · Reykjavík · Sími 530 2900 · samsungsetrid.is

Samsung
SMART TV
The Future of Smart TV, Now

FRÉTTIR AF FÓLKI

Myndband í snjóstormi

Biggi Hilmars, þekktur úr hljómsveitinni Ampop, notaði óveðrið á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku til að taka upp nýtt tónlistarmyndband ásamt myndlistarkonunni Maríu Kjartansdóttur. Það var tekið við lagið Fool's Mate af sólóplötunni All We Can Be sem kom út fyrir síðustu jóla. Á meðan almenningur var varaður við því að fara út í storminn nýttu Biggi og María tækifærið og drifu sig út með myndavél, rafmagnspíanó og stól í farteskinu og leituðu að góðum tókustað. „Það má segja að vindurinn og snjórinn hafi átt stóran þátt í að skapa andrúmsloft með músíkinni,“ segir Biggi. „Ég hef aldrei spilað í hljómsveit með náttúrunni áður, en þetta var mögnuð tilfinning.“ Myndbandið kemur út í vikunni.



Óaðfinnanleg Sigríður

Eins og kom fram á Vísir.is í gær var árs hátíð 365 haldin á Hilton Reykjavík Nordica Hótel á laugardagskvöld með pomp og prakt. Veislustjóri var Sverrir Þór Sverrisson, Sveppi, og notaði hann tækifærið og skaut föstum skotum á vini sína Audda og Pétur Jóhann sem voru á meðal gesta. Fleiri barnastjörnur en Sveppi voru í salnum því þær Skoppa og Skríttla mættu á hátíðina og höfðu að sjálfsögðu góða skapið með í för. Sigríður Thorlacius, söngkona Hjaltalín, steig á svið og söng slagarann My Way á frönsku, enda franskt þema á árs hátíðinni. Framburður hennar var óaðfinnanlegur og röddin fögur sem fyrr. Hlaut hún að launum hávært lófaklapp fyrir frammi-stöðu sína. -fb



Mest lesið

- 1 Elti ökumann og braut í honum tennur
- 2 Íslendingur í fangelsi í Tyrklandi – „Við fáum ekki að vita neitt“
- 3 Davíð og Geir meðvitaðir um stöðu Kaupþings
- 4 17 ára á 171 kílómetra hraða – barnavernd látin vita
- 5 Davíð segir fjölmarga hafa séð útskriftina

★★★★
„... áhrifamikil ættar- og samtímasaga.“
BJÖRN BREDAL / POLITIKEN
www.forlagid.is
– alvöru bókaútgáfa á netinu

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is



Way of Life!

Vor og sumar á leiðinni



Suzuki Swift

Verð frá 2.550 þús. Eyðsla frá 5,0L/100km (blönduðum akstri, beinskiptur) CO² 116g/km



Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár.
Með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.
Býðst beinskiptur og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi beinskiptur. Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggispröfuninni og kemur með ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftþúðum sem staðalbúnaði.

Velkomin í reynsluakstur

FYRIR SKYNSAMT FÓLK



TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS